



BESTI FLOKKURINN KVADDUR ▶28

**NJÓTTU REYKJAVÍKUR
OG NÁGRENNIS Í SUMAR**
▶26



Opið alla Hvítasunnuhelgina

í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka



Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ

7. júní 2014
133. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

**MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI***



HAMBORGARI Á DAG Í TÍU ÁR

Tómas Andrés Tómasson er gjarnan kallaður guðfaðir hamborgaramenningar landans. Tíu ár eru síðan Tommi vakti hamborgarastað sinn af værum blundi. Hann er nú á ferð og flugi um heiminn þar sem Evrópubúar taka íslenska borgaranum opnum örmum. ▶ 18



VINSÆL Í BÚLGARÍU

Elínróss Línadal fatahönnuður og fatamerki hennar ELLA, tilnefnd til tfskuverðlauna ytra. ▶ 66



**SINDRI
DIEGO**
leikur listir í
blöðrunni

▶ 36

PIXIES TIL ÍSLANDS

David Lovering hlakkar til að trylla Laugar-
dalshöll.
▶ 22



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



- Lífið heil

www.lyfja.is

Opið 8-24

Hvítasunnudag og annan í hvítasunnu
í Lyfju Lág múla og Smáratorgi



STEFNIR KAPÓLIKKUM 4

Maður sem beittur var kynferðislegu ofbeldi í Landakotsskóla hyggst stefna kapólsku kirkjunni fái hann ekki afrit af gögnum kirkjunnar um hann.

RÍKI HLERA 6

Fjarskiptarisinn Vodafone kveðst vilja stemma stígu við hlerunum stjórnvalda víða um heim. Í nokkrum löndum hafa stjórnvöld óheftan aðgang að símkerfum.

NOREGUR HENTAR ÍSLAM 6

Samfélagsgerðin í Noregi fellur miklu betur að gildum íslamstrúar en samfélagsgerðin í Sádi-Arabíu og Íran, segja nokkrir af helstu íslamfræðingum heims.



SKOÐUN 12

BREYTT FORYSTA OG KERFISBREYTINGAR 12

Porsteinn Pálsson um úrslit sveitarstjórnarkosninganna.

HELGIN 16→34

FJÖLSKYLDUJÓGA 16

Jóga og hugleiðsla fyrir alla fjölskylduna í Viðey í dag.

SKANNAÐU HÖFUÐBORGAR-SVÆÐIÐ Í SUMAR 26

Það er fullt af skemmtilegum stöðum að skoða í Reykjavík og nágrenni í sumar.

HM Í NÆSTU VIKU 32

Nú styttest í stóru stundina í Brasilíu.

SVIPMYNDIR AF MYNDLIST 34

Sjónum er beint að verum myndlistarmannanna Rögna Róbertsdóttur og Egils Sæbjörnssonar.



MENNING 48→53

ADAPTER KYNNIR NORRÆNA TÓNLIST 48

Níunda Frum-hátíðin á Kjarvalsstöðum.

TILRAUN SEM SANNARLEGA TEKST 48

Jónas Sen féll fyrir Höfuðsyndinni.

STYRKJA FÓRNARLÖMB FLÓÐANNA 53

Sumartónleikar og reggí á Ingólfstorgi.



LÍFIÐ 54→66

SVALANDI DRYKKIR Í STEIKJANDI HITA 54

Uppskriftir að þremur girnilegum sumardrykkjum.

SNYRTIBUDDAN 54

Kíkt í snyrtiveski leik- og söngkonunnar Ritu Ora.

JANE FONDA VERÐLAUNUÐ 59

Svipmyndir frá AFI-verðlaunahátíðinni.

HANNAÐI PONSJÓ FYRIR PÆJUMÓTIÐ 66

Erna Bergmann hannaði ponsjó fyrir efnilegar knattspyrnustúlkur.



SPORT 60→61

GUÐJÓN VALUR TIL SPÁNAR 60

Guðjón Valur Sigurðsson skrifaði undir hjá spænska stórveldinu Barcelona í gær.

STRÁKARNIR BETRI EN ÉG 61

Synir Jóns Arnórs Magnússonar eru betri en hann var á þeirra aldri.



FIMM Í FRÉTTUM LAGSMENN Í LAXVEIÐUM OG BROT Í KIRKJU



Bjarni Benediktsson setti í 78 cm „silfurgljáandi og grálúsuga“ hrygnu í Brotinu í Norðurá þegar hann og forsætisráðherra opnuðu ána á fimmtudagsmorgun.



Þórhildur Ólafsdóttir, fyrirlíði ÍBV, lagðist í greiningu á knattspyrnumfjöllun um karla og konur. Mun minna er talað um kvennaboltann.



Ingibjörg Eiríksdóttir, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, telur að gróður-skemmdir í Friðlandinu að Fjallabaki af völdum utanvegaaksturs geti verið allt að áratugi að jafna sig.



Guðrún Björg Birgisdóttir, lögmaður fórnarlamb kynferðisofbeldis í Landakotsskóla, segir málið snúast um að kapólska kirkjan viðurkenni brot sín.



→ Geir Porsteinsson sagði frá því að útboð á flóðlýsingu Laugardalsvallar hefði ekki verið mögulegt vegna tímaskorts. Hann vill að borgin taki þátt í kostnaðinum.



ÞINGVELLIR Sár virðast komin til að vera við Silfrú. Mikilvægt er að beina ferðamönnum á göngustíga. MYND/HÖRÐUR JÓNASSON

Traðkið heldur enn áfram á Þingvöllum

Ferðamönnum á Þingvöllum fjölga dag frá degi. Tugir þúsunda munu sækja staðinn heim og átroðningur er orðinn mikill. Sár eru farin að myndast í jarðveginn við Almannagjá af völdum ferðamanna.

FERÐAÞJÓNUSTA Ferðamönnum fjölga dag frá degi á Íslandi og eru Þingvellir einn af vinsælustu ferðamannastöðunum. Umhverfið á Þingvöllum er farið að láta á sjá vegna átroðnings. Stór sár hafa myndast á fjölförnum gönguleiðum við Almannagjá.

Sigrún Magnúsdóttir, þingflokksformaður Framsóknarflokksins og formaður Þingvallanefndar, segir að nefndin hafi kannað aðstæður síðastliðinn miðvikudag.

„Þingvallanefnd þarf að hafa ákveðið fjármagn eins og allir aðrir. Sannarlega stendur það til hjá Þingvallanefnd að laga hlutina en fjölgun ferðamanna er auðvitað gríðarleg á þessu svæði. Þingvallanefnd fór síðastliðinn miðvikudag að skoða aðstæður og við munum reyna hvað við getum að laga ástandið.“

Þingvallanefnd sinnir samt sem áður miklu fleiri hlutum en bara mold og salernum,“ segir Sigrún. „Það sem er kannski verkefnið er að komast fram fyrir fjölgunina og byggja upp í staðinn fyrir að vera alltaf að taka við þeim vandamálum sem fjölgunin hefur í för með sér.“

Ferðamönnum fjölgaði mikið í maímánuði í ár miðað við árið í fyrra. Tæplega 70 þúsund ferðamenn heimsóttu landið og mun ferðamannastraumurinn til landsins aukast til muna næstu vikurnar.

Framkvæmdir eru nú hafnar við nýtt bílastæði á Þingvöllum fyrir bæði einkabíla og hópferðabíla. Sigrún nefnir einnig fleiri verk sem hafa verið framkvæmd.

„Tvær stórar framkvæmdir var farið í síðasta haust. Annars vegar göngustíg við Öxarárfoss og útsýn-



“Sannarlega stendur það til hjá Þingvallanefnd að laga hlutina.“

Sigrún Magnúsdóttir, formaður Þingvallanefndar.

ispall við fossinn og hins vegar fyrri tenginguna upp á Hakið við Almannagjá, þetta tókst að ljúka við í fyrrahaust,“ segir hún.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum fékk aukningu á fjárlögum síðasta árs og hefur Alþingi aukid fjármagn í verkframkvæmdir til að taka á móti þeim ferðamannafjölda sem fyrirhugaður er að heimsæki þjóðgarðinn á næstu árum.

sveinn@frettabladid.is

Niurdæling á brennisteinsvetni frá Hellisheiðarvirkjun hafin í tilraunaskyni:


Orkuveitan fékk undanþáguna

ORKUMÁL Umhverfis- og auðlindaráðuneytið tilkynnti í gær að Orkuveitu Reykjavíkur (OR) hefði verið veitt undanþága til tveggja ára frá hertum kröfum í reglugerð um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti. Reglugerðin tekur gildi 1. júlí. Þá tilkynnti OR í gær að niurdæling brennisteinsvetnis frá Hellisheiðarvirkjun á Hellisheiði væri hafin. Gert er ráð fyrir að stöðin hreinsi 15–20% af brennisteinsvetninu og þar með minnka líkur á því að styrkur þess í andrúmslofti fari yfir mörk í byggð.

Undanþágan felur í sér að Orkuveitan skuli uppfylla heilsuverndarmörkin eins og þau er í dag, en í tilkynningu ráðuneytisins segir: „[R]áðuneytið telur rétt að reyna umrædda leið við niurdælingu brennisteinsvetnis.“

Í hreinsistöðinni eru brennisteinsvetni og koltvísýringur skilin frá útblástursgufunni. Innan Orkuveitunnar er reiknað með að það taki nokkrar vikur eða mánuði að ná fullum tókum á tæknilegum rekstri stöðvarinnar. Samkvæmt þeirri verkefnisáætlun, sem unnið er eftir, er reiknað með að reka stöðina í eitt ár áður en metið er hvort þessi nýja aðferð ber tilsettan árangur.

Vísindamenn Orkuveitunnar telja að gangi þetta rannsóknar- og þróunarverkefni upp sé þetta



Á HELLISHEIÐI Gert er ráð fyrir að hreinsun haldi mengun í byggð undir mörkum. MYND/OR

umhverfisvænasta og hagkvæmasta leiðin til að draga úr styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti. Það ræðst meðal annars af því að ekki er talið hagkvæmt, enn sem komið er, að vinna afurðir úr jarðhitaloftinu.

-shá

Voltaren Gel
20% afsláttur af 50g og 100g túbum

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS

Opíð mán-fös 8.30-18 og lau 10-14

APÓTEK + LYFJASKÜMMTUN

20% AFSLÁTTUR
Gildir út júní 2014



GARÐA DAGAR

BRJÁLUG TILBOÐ!

Ódýrara lítraverð

Aðeins
795
kr/ltr

BRJÁLUG VERÐ!

Stjúpur
10 stk í bakka

799kr

verð áður 1.290



JOTUN

PALLAOLÍA 3 ltr.

2.385kr

verð áður 3.295



3 ltr.



Pelargónía

899 kr

verð áður 1.579

Nellikka

599 kr

verð áður 1.390
10 cm pottur



Sláttuvél

59.995 kr

Razor 4610 TR/W



HM GRILL
TILBOÐ

HM TILBOÐ

56.900 kr

65.900

Gasgrill Broil King Royal 320
3000604

Broil King
Great Barbecue Every Time

25%
afsláttur
af DRYGOLIN
VIÐARVÖRN



25%
afsláttur
af hæk- og
greinaklippum

Hekklippur

4.486 kr

5.995

5083756

claber

Claber slönguhjól

3.595 kr

5.249



5081658

Slanga

1.195 kr

15 m



5087001



3899088

Garðstóll Eden

2.390 kr

2.990



3899236

Garðstóll
Kingsbury með örmum

9.900 kr

12.900

OPIÐ UM HVÍTASUNNUNA Í HÚSASMÍÐJUNNI OG BLÓMAVALI

OPIÐ HVÍTASUNNUDAG
BLÓMAVAL SKÚTUVOGI

KL. 11-19

OPIÐ ANNAN Í HVÍTASUNNU

SKÚTUVOGI 11-19

GRAFARHOLT 11-18

HAFNARFJÖRÐUR 12-17

SELFOSS 11-15

AKUREYRI 11-15

REYKJANESBÆR 11-15

TIMBURSÖLUR ERU LOKAÐAR



ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Tilboð gilda til 9. júní eða á meðan birgðir endast.


31.05.2014 → 06.06.2014



5.000
færri kjörseðlum var breytt í nýliðnum borgarstjórnarkosningum en í kosningunum árið 2010.

Sjöundi

stigahæsti skákmeistarinn á Íslandsmótinu í skák, Guðmundur Kjartansson, varð Íslandsmeistari í vikunni.



100
Útlit er fyrir að 100 ára gamall silfurreyrnir við Grettisgötu verði felldur vegna hótélbyggingar.

5
Það eru aðeins fimm dagar þangað til heimsmeistarabótíð í knattspyrnu hefst í Brasilíu.



14°

Allt að 22 stiga hitabækju er spáð í hitabylgju um helgina; verið er sagt það besta í 50 ár.



300.000

ferðamenn hafa þegar heimsótt Ísland á þessu ári, þótt aðalferðamannatíminn sé rétt að hefjast.



VEÐURSELD Gestir Laugardalslaugar flatmöguðu í vaðlauginni og létu sér líða vel.

Njótum áfram hitans í blíðunni

VEÐUR Segja má að hinn eiginlegi fyrsti sumardagur hafi verið á höfuðborgarsvæðinu í gær. Enda voru sundlaugarnar troðfullar af fólki sem tók sólinni og hitanum sem henni fylgdi opnum örmum.

„Það er búið að vera fullt af fólki, allir að njóta blíðunnar,“ sagði Bryndís Ólafsdóttir, vaktstjóri í Laugardalslaug, þar sem ljósmyndari Fréttablaðsins leit við. „Það er mikil gleði búin að vera í dag og rosafjör og greinilegt að sumarið er komið.“

Hitinn skreidd yfir 20 stig í innsveitum Suður- og Vesturlands. Í Húsafelli mældist hitinn 21,1 stig. Í dag er spáð hita á bilinu 15 til 22 stig í innsveitum. Búist er við áframhaldandi veðurbliðu alla hvítasunnuhelgina.

Hæstiréttur hafnaði beiðni: Dæturnar ekki til Danmerkur

DÓMSMÁL

Hæstiréttur Íslands hafnaði í gær beiðni Kim Gram Laursen, barnsföður Hjördísar Svan Aðalheiðardóttur, um að fá börnin þeirra þrjú afhent.



HJÖRDÍS SVAN

Laursen höfðaði mál gegn barnaverndarnefnd Reykjavíkur í von um að fá dæturnar og vann málið í Héraðsdómi Reykjavíkur. Barnaverndarnefnd áfrýjaði til Hæstaréttar sem segir að Laursen hefði átt að beina málinu að ömmu barnanna en ekki að barnaverndarnefnd. Hjördís situr í fangelsi í Horsens fyrir ólöglegt brottmál á börnunum.

Ofbauð tal flokkssystkina: Frambjóðandi úr Framsókn

SVEITARSTJÓRNARMÁL Jenný Jókimsdóttir, sem skipaði annað sæti lista Framsóknar í Hafnarfirði í nýliðnum sveitarstjórnarkosningum, hefur sagt sig úr flokknum.

„Ástæðan er sú ásýnd sem flokkurinn er að fá í fjölmöldum og það sem enn hefur ekki verið fordæmt á skýran hátt af forystu flokksins. Svona tal sem er að birtast frá sumum flokksfélögum ofbýður mér hreinlega og gengur gegn mínum grundvallarhugsjónum,“ segir Jenný á Facebook-síðu sinni. Greinilegt er á Jennýju að hún er ósátt við að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hafi ekki tekið skýra afstöðu hvað varðar ummæli oddvita Framsóknar í Reykjavík er varða lóðaúthlutun vegna mosku í borginni.

Kapólsku kirkjunni hótað málaferlum

Lögmaður manns sem beittur var kynferðislegu ofbeldi í Landakotsskóla ætla að höfða mál á hendur kapólsku kirkjunni fái hann ekki afrit af gögnum fagræðs kirkjunnar er varða umbjóðanda hans. Kirkjan segir gögnin ekki til dreifingar.

SAMFÉLAGSMÁL Lögmaður eins af fórnarlömbunum í Landakotsmálinu ætla að höfða mál á hendur kapólsku kirkjunni fái umbjóðandi hans ekki afrit af þeim hluta skýrslu fagræðs kirkjunnar er varðar hann.

Umræddur maður sætti grófu ofbeldi af hálfu starfsmanna Landakotsskóla árum saman. Margir mánuðir eru frá því að fyrst var beið um afrit úr skýrslunni.

Í bréfi sem Guðrún Björgir Birgisdóttir, lögmaður mannsins, ritar Pétri Bürcher biskupi í byrjun október í fyrra er ósk um afrit ítrekuð.

Í bréfinu er því meðal annars haldið fram að biskup kapólsku kirkjunnar á Íslandi hafi látið hjá líða að aðhafast nokkuð í máli mannsins. „Með því að aðhafast ekki hafi biskup vanrækt skyldur sínar.“

Mánuði síðar er bréfi Guðrúnar svarað og þar kemur fram að umbjóðandi hennar fái persónulegt svar frá kirkjunni 15. nóvember. Því er hins vegar hafnað að hann fái afrit úr skýrslunni.

Guðrún hefur mörgum sinnum ítrekað við Bürcher biskup að maðurinn vilji fá að sjá þann hluta skýrslunnar sem varðar hann, jafnframt hefur verið farið fram á að fá afrit af almennum hluta hennar.

Það var svo í fyrradag sem svar barst. Í því segir að skýrsla fagræðs kapólsku kirkjunnar á Íslandi sé ætluð til innri nota fyrir stjórn kirkjunnar en ekki til almennrar dreifingar. Á þeim grundvelli hafi stjórn kapólsku kirkjunnar ákveðið að verða ekki við beiðni um að fá sendan almenna hluta skýrslunnar.

Sama dag ítrekar lögmaðurinn beiðni um afrit af skýrslu fagræðs vegna umbjóðanda síns.



FÆR EKKI GÖGN FRÁ KIRKJUNNI Einn þeirra sem beittur var kynferðislegu ofbeldi í Landakotsskóla vill fá að vita hvaða niðurstöðu Fagræð komst að í máli hans. Kapólska kirkjan neitar að afhenda afrit af gögnunum.

Fagræð kapólsku kirkjunnar á Íslandi

Fagræð kapólsku kirkjunnar á Íslandi var skipað í byrjun nóvembermánaðar 2012. Hlutverk þess var að veita álit um bótarétt þolenda kynferðisofbeldis eða annars ofbeldis innan Kapólsku kirkjunnar á Íslandi í ljósi skýrslu rannsóknarnefndar kapólsku kirkjunnar. Þá átti fagræðið að koma með tillögur til úrbóta um breytingar á starfsháttum ef upp koma áskanir um kynferðisbrot eða önnur ofbeldisbrot. Fagræði kapólsku kirkjunnar bærust 17 kröfugerðir vegna ofbeldis eða kynferðislegar misnotkunar. Kirkjan taldist ekki bótaskyld nema í einu máli, sem var fyrnt.

„Vinsamlegast athugið að ekki er ætlunin að skýrslan verði send í almenna dreifingu en það er eðlileg krafa að umbjóðandi minn fái afrit af gögnum sem varða meðferð hans kröfu,“ segir Guðrún Björgir í tölvupósti til lögmanns kirkjunnar. Ef ekki verði orðið við þessari ósk sé ekki önnur leið

í stöðunni en að höfða mál til þess að fá gögnin.

„Mikið væri það nú ánægjulegt og löngu tímabært að kapólska kirkjan á Íslandi myndi í þessu máli sýna á sér ímynd þar sem kristileg gildi og mannvirðing er höfð í hávegum,“ eru lokaorðin í bréfinu.

johanna@frettabladid.is

Tax Free
helgi í öllum verslunum Fjarðar


Lifandi laugardagur

TAX FREE

FJÖRÐUR

– í miðbæ Hafnarfjarðar

Veðurspá



Gildistími korta er um hádegi

Alicante 28°	Friedrichshafen 30°	New York 27°
Apéna 30°	Gautaborg 19°	Orlando 33°
Basel 28°	Kaupmannahöfn 19°	Ósló 23°
Berlín 27°	Las Palmas 24°	París 23°
Billund 23°	London 24°	San Francisco 19°
Frankfurt 29°	Mallorca 31°	Stokkhólmur 18°

Á MORGUN
Víða 3-8 m/s



MÁNUDAGUR
Fremur hægur vindur



HVÍTASUNNUHELGIN og veðrið leikur við landsmenn. Víða bjart í dag og á morgun en dregur fyrir smám saman á morgun fyrst SA-til. Víða dálítill rigning á mánudag. Hlýtt í veðri, hiti 22 stigum í dag og á morgun, hlýjast í innsveitum.

Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður

Tvær stórstjörnur

Frumskýnum GLA-Class og C-Class í dag kl. 12-16

Tveir stórkostlegir nýir bílar frá Mercedes-Benz verða frumsýndir laugardaginn 7. júní. GLA-Class sameinar notagildi hins lipra borgarbíls og möguleika 4MATIC aldrífsbíls sem kemst þangað sem hann þarf. Nýr C-Class er ótrúlega glæsilegur, kraftmikill og sparneytinn lúxusbíll með frábæra aksturseginnleika. Sá besti á sér engan jafningja. Komdu og kynnstu þessum mögnuðu bílum.



GLA 200 CDI 4MATIC með 7 þrepa 7 G-TRONIC PLUS sjálfskiptingu.
Verð frá 6.750.000 kr.



Mercedes-Benz

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar hækkar laun: Fá 40 prósent hækkun

SVEITARSTJÓRNIR Byggðaráð Dalvíkurbyggðar hefur samþykkt að hækka laun kjörinna fulltrúa. Föst laun óbreytts sveitarstjórnarfulltrúa og byggðaráðsmanna hækka um 40 prósent, úr 35.727 krónum í 50 þúsund. Laun formanns byggðaráðs og forseta sveitarstjórnar hækka um 26 prósent, verða 90 þúsund krónur í stað 71.455 króna.

Hækkunin er sögð taka mið af kjörum kjörinna fulltrúa í sveitarfélögum af sambærilegri stærð og Dalvíkurbyggð.



SVANFRÍÐUR JÓNASDÓTTIR
Sveitarstjóri lagði til launahækkun.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Nýtt verk eftir Ragnheiði Hörpu Leifsdóttur var flutt yfir Kollafirði í gær: Listflug í lokaverki Listahátíðar

MENNING Nýtt verk eftir Ragnheiði Hörpu Leifsdóttur með þátttöku listflugmannanna Sigurðar Ásgeirssonar, Björns Thors og Kristjáns Þórs Kristjánssonar, auk kórsins Kötlu, var flutt yfir Kollafirði seinnipartinn í gær. Um var að ræða lokaverk Listahátíðar í Reykjavík 2014.

Björn Thors og Kristján Þór flugu listflugvélinum er teiknuðu form í háloftunum sem kórinn Katla túlkaði í söng. Verkið tók átta mínútur í flutningi.



FLUG VIÐ HÖRPU
Flugvélnar tvær á flugi fyrir ofan Hörpu í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL

Frá kr. **73.600**

2 FYRIR **1**
Flugsæti frá kr. **39.900**

Costa del Sol

Myramar

Frá kr. **73.600** án fæðis

Netverð á mann frá kr. 73.600 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 97.400 m.v. 2 fullorðna í stúdíóíbúð.
16. júní í 10 nætur.

Tropicana

Frá kr. **103.900** m/hálft fæði innifalið

Netverð á mann frá kr. 103.900 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi.
Netverð á mann frá kr. 119.700 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
16. júní í 10 nætur.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
Akureyri • Sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Heimsferðir

Stjórnvöld sex ríkja hlera fjarskiptakerfin

Með skýrslu sem birt var í gær leitast fjarskiptarisinn Vodafone, sem starfar um heim allan, við að stemma stigu við hlerunum stjórnvalda víða um heim. Skýrslan nær til 29 landa. Í nokkrum löndum hafa stjórnvöld óheftan aðgang að símkerfum.

BRETLAND, AP Í sumum löndum heims hafa stjórnvöld beinan aðgang að fjarskiptakerfum Vodafone án þess að biðja þurfi um leyfi hjá fyrirtækinu. Fjarskiptarisinn, sem er með starfsemi um heim allan, upplýsti í gær, í nýrri skýrslu, hvert umfang afskipta ríkisstjórna víða um heim væri með starfsemi fyrirtækisins.

Markmið Vodafone með skýrslunni er sagt að stemma stigu við auknum þrýstingi frá yfirvöldum vegna hlerana og styðja við baráttu þeirra sem vilja auka gagnsæi í samskiptum þegna og stjórnvalda. Fyrirtækið skorar á yfirvöld í ríkjunum að auka gagnsæi og láta af hlerunum á þegnum sínum.

Skýrslan er sú fyrsta sinnar tegundar og nær til 29 landa í Evrópu, Afríku og Asíu, þar sem Vodafone er með starfsemi. Ekki er tekið til starfsemi Vodafone á Íslandi.

Í skýrslu Vodafone er að finna ítarlega greiningu á lagaumhverfi hlerana á milli landa, en stefnt er að því að uppfæra hana reglulega.

Einna mesta athygli hefur vakið að í sex ríkjum hið minnsta eru yfirvöld með tengingar til hlerana beint inn í fjarskiptakerfi allra símafyrirtækja sem í löndunum starfa og er símafélögunum skylt að lúta vilja stjórnvalda í þessum efnun. Þessi lönd eru hins vegar ekki nafngreind í skýrslunni.

Shami Chakrabarti, framkvæmdastýra mannréttindasamtakanna Liberty, segir uppljóstranirnar í skýrslunni dæmi um allra svörtustu brot á borgara-

legum réttindum fólks. „Að ríkisstjórnir skuli með einföldum hætti geta komist í símtöl fólks er fordæmalaust og ógnvekjandi,“ sagði Chakrabarti í yfirlýsingu í gær. Fyrri uppljóstranir, svo sem frá



VODAFONE-VERSLUN Vegfarendur í Lundúnum við útibú Vodafone, sem er eitt stærsta farsímafjarskiptafyrirtæki heims. Fyrirtækið upplýsti í gær um reglur um aðgang stjórnvalda í nokkrum löndum að kerfum þess.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dómsúrskurð þarf til hlerana hér

Hér á landi þarf að leggja beiðnir um hlerun á fjarskiptum fyrir dómstól. Hrannar Pétursson, upplýsingafráfarandi Vodafone, segir að samþykki dómstóll slíka beiðni sé fjarskiptafyrirtækinu skylt að framfylgja dómsúrskurðinum, með því að tengja rannsóknaraðila við símanúmer þess sem á að hlera.

„Hlustun og upptökur á samskiptum fara fram hjá rannsóknaraðila sem einnig annast alla úrvinnslu gagna,“ segir hann. Starfsmenn fjarskiptafyrirtækja framkvæmi eftirlitið sjálfir og veiti bara tæknilega aðstoð samkvæmt dómsúrskurði.

„Mikilvægi þess að stjórnvöldum hvar í heiminum sem er sé skylt að gefa út skriflegar heimildir verður ekki ofmetið,“ segir Hrannar. Sýnileiki hlerana sé enginn nema með skriflegum heimildum líkt og á Íslandi. „Án skriflegra heimilda er erfiðara fyrir fjarskiptafyrirtæki að andmæla hlerunum og því eru formlæg samskipti mikilvæg leið til þess að opinbera notkun valdsins sem beitt er í þágu hins opinbera í hlerunum.“

Ákvæði um hleranir eru í fjarskiptalögum og lögum um meðferð sakamála.

Edward Snowden, sýndu að stjórnvöld litu þegar á netsamskipti sem opin leikvöll. Hún segir þörf á gagngerri endurskoðun allra laga sem snúa að stafrænum samskiptum.

olrik@frettabladid.is

Íslamfræðingar segja samfélög fæstra múslímaríkja samræmast trú þeirra: Noregur fellur að gildum íslam

NOREGUR Samfélagsgerðin í Noregi fellur miklu betur að gildum íslamstrúar heldur en samfélagsgerðin í Sáði-Arabíu og Íran.

Þetta er mat nokkurra af helstu íslamfræðingum heims sem borið hafa saman 208 lönd. Noregur er sjötta efsta landið á listanum en Sáði-Arabía í 131. sæti. Íran og Írak eru ekki langt fyrir neðan á listanum, að því er greint er frá á fréttavef norska ríkisútvarpsins.

Íraninn Hossein Askari, sem er prófessor við George Washington-háskólann í Bandaríkjunum, segir að grunnildi íslam snúist ekki um sjaríalögin eða trúarríki.

Hann og aðrir íslamfræðingar lásu Kóraninn og rit múslíma til

þess að rannsaka íslömsk gildi. Þeir komust fljótt að því að fæst ríki múslíma hafa lagað samfélög sín að gildum íslam.

Haft er eftir prófessornum að við lestur ritanna hafi fræðingarnir komist að því að í íslam sé lögð áhersla á góða stjórnhætti og góðar og virkar stofnanir.

Leiðtogar eiga að fylgja sömu lögum og borgararnir. Samfélagið á að byggja á efnahagslegu og pólitísku frelsi. Það á að vera skipulagt þannig að það stuðli að hagvexti. Spilling er ekki í samræmi við gildi íslam.

Allir íbúar eiga að njóta góðs af auði samfélagsins og vera jafnir. Kúgun er stranglega bönnuð samkvæmt Kóraninum. Askari



NORSKI FÁNINN Noregur er sjötta efsta landið á lista yfir ríki sem falla vel að gildum íslam.

segir ljóst að flestum íslömskum ríkjum sé ekki stjórnað í samræmi við íslömsk gildi.

- ibs

FÖRUM HVERT Á LAND SEM ER

PPRANTBYNA • SÍA • 141686



Mikið úrval af COLUMBIA og BERGANS bakpokum



COLEMAN
HITABRÚSI 1 L
4.990 KR.



VERÐ FRÁ
22.930 KR.



COLEMAN DARWIN
2 EÐA 3 MANNA TJALD
VERÐ FRÁ
15.990 KR.

COLEMAN
KÆLIBOX 28 L
11.990 KR.

CAMPINGAZ
GASHELLUBORÐ
14.990 KR.

PRIMUS TJALDHITARI
2000-2500W
13.990 KR.




COLEMAN
SILVERTO SVEFNPOKI
12.990 KR.



COLEMAN ARAVIS
2 EÐA 3 MANNA
GÖNGUTJALD
VERÐ FRÁ
29.990 KR.

COLEMAN SALIDA
BARNASVEFNPOKI
7.990 KR.

COLEMAN
LOFTDÝNA
5.990 KR.



CAMPINGAZ
PUMPA
3.490 KR.



COLEMAN INSTANT 4
TOURER 4 MANNA
55.993 KR.
FULLT VERÐ 79.990 KR.

**30%
AFSLÁTTUR**

COLEMAN
ÚTILEGUSTÓLL
12.990 KR.



COLEMAN DA GAMMA
4, 5 EÐA 6 MANNA TJALD
VERÐ FRÁ
74.990 KR.



Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfar. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16 • ellingsen.is

Ellingsen
- FULLT HÚS ÆVINTÝRA



1

Á LESTARPALLI Í ÓDESSA Rúmlega fjögur hundruð börn frá munaðarleysingjahælum í Lugansk-héraði í austurhluta Úkraínu komu í gær með lest til borgarinnar Ódessa við Svartahafið. Angela Merkel Þýskalandskanslari hefur sagt Rússa verða að „standa undir ábyrgð“ í að liðka fyrir lausn innanlandsdeilna í Úkraínu, en hún ræddi í gær við Pútín Rússlandsforseta við háttíðarhöld í tilefni af D-deginum í Evrópu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



2

LÖGREGLA KANNAR AÐSTÆÐUR Í OBILIC Að minnsta kosti þrjú létust og margir meiddust í gassprengingu í orkuveri nærri bænum Obilic í gær. Bærinn er í nágrenni Pristína, höfuðborgar Kósóvó.



3

ENN ER MÓTMÆLT Í PALESTÍNU Átök brutust enn eina ferðina út milli hermanna Ísraels og íbúa á Vesturbakkanum í Palestínu í gær. Átökin urðu í kjölfar mótmæla þar sem mótmælt var stækkun landtökubýggðar Ísraels í Hallamish og til stuðnings palestínskum fóngum í hungurverkfalli.



ÁSTAND HEIMSINS



4

HITASVÆKJA Í RÚSSLANDI Unglingar nota tækifærið og kæla sig í gosbrunni í Gorky-garðinum í Moskvu í gær. Þar fór hitinn í 32 gráður á Celsíus þegar mest var.

NORDICPHOTOS/AFP



5

MÆTTUR Í HÁDEGISMAT Vladímír Pútín Rússlandsforseti klæðir sig í jakka sinn við komuna í háttíðarverð í Benouville-kastala í Normandí í norðvesturhluta Frakklands í hádeginu í gær. Þar komu þjóðarleiðtogar og önnur fyrirmenni saman til að minnast innrásar bandamanna (D-dagsins) í Normandi sem markaði vatnaskil í seinni heimsstyrjöldinni og var undanfari þess að Frakkland var frelsað undan hernámi nasista.



6

GRÓÐURSETT Í NICE Raoni Metuktire, höfðingi Kayapo-ættbálksins og baráttumaður fyrir réttindum indjána í Brasilíu, gróðursetur brasilíuvið (Jacaranda mimosifolia) eftir að hafa verið viðstaddur umhverfisverðlaunaafhendingu í Nice í suðausturhluta Frakklands í gær. Metuktire öðlaðist nokkra frægð fyrir aldarfjórðungi þegar hann ferðaðist og kom fram á tónleikum með breska popparanum Sting. Í tilefni af heimsmeistaramótinu í fótbolta hefur nú verið efnt til nýrrar tónleikaferðar.

www.volkswagen.is

Aukabúnaður á mynd: Samlitur handföng, sólpak, þokuljós, listar á hurðum, króm á speglum.

Volkswagen Take up! kostar **1.990.000 kr.**

Eyðsla frá 4,1 l/100 km

Volkswagen up!

Meistari í sparsemi

Samkvæmt könnun breska bílablaðsins Autoexpress er enginn bíll ódýrari í rekstri en Volkswagen up! Með Volkswagen up! hafa jafnframt verið sett ný viðmið í hönnun því hann er einstaklega nettur að utan en afar rúmgóður að innan.



Komdu og reynsluaktu Volkswagen up!

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Hjónin Ómar og Sigurlaug rækta tómata á garðyrkjustöðinni Heiðmörk. Hveravatn er notað til að hita upp gróðurhúsin meðan býflugur frjóvga tómatar. Þeim finnst fátt betra en að búa til súpu úr tómötunum sínum.

- Tómatssúpa Ómars og Sigurlaugar -

// 10 stk. íslenskir tómatar // 1 laukur // 2 hvítlaukar // 100 ml ólífuolía // 4 stönglar selleri
// 200 ml vatn // 1 dós kókosmjólk // 1/2 tsk. cayenapipar // 1 tsk. salt // 1 tsk. pipar // 1 tsk. tímían
// 1 tsk. oreganó // 1 msk. karrý // ferskt basil

Látið laukinn malla ásamt hvítlauk í olíu þar til laukurinn verður mjúkur. Skerið tómata saman við ásamt kryddi og vatni. Látið suðuna koma upp – lækkið hitann, bætið út í kókosmjólk. Maukið með töfrasprota eða matvinnsluvél. Smakkið til með salti og smá sitrónusafa. Gott að bæta við 1 msk. af grænmetiskrafti. Skreytið með ferskum basil og njótið með grófu brauði.



RÚSSAR UMBYLTU HEIMSMYND NATO-RÍKJANNA Á EINNI NÓTTU

Tilvistarkreppa NATO á enda

Atlantshafsbandalagið er ekki lengur í þeirri stöðu að finna sér nýtt hlutverk í breyttum heimi eftir að rússneski björninn sýndi klærnar í Úkraínu í febrúar. Hernaðaraðgerðir Rússlands í Úkraínu þykja sýna fram á þörfina fyrir bandalagið og hefðbundnar varnir bandalagsríkja.

Brjann Jónasson
Skrifar frá Brussel
brjann@frettabladid.is



Heimsmynd aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins (NATO) var umturnað svo að segja á einni nóttu eftir að Rússland sendi ómerkta hermenn yfir landamæri Úkraínu og vopnaði rússneskumælandi aðskilnaðarsinna í landinu, fyrst á Krímskaga og síðar í austanverðri Úkraínu.

Frá lokum kalda stríðsins hefur NATO reynt að finna sér hlutverk í breyttum heimi, með aukinni áherslu á aðgerðir utan bandalagsríkjanna. Hafi NATO verið í tilvistarkreppu er henni lokið, enda fór Rússland frá því að vera samstarfsaðili bandalagsins í hlutverk andstæðings þess, svo að segja á einni nóttu.

Varnarmálaráðherrar aðildarríkja NATO hittust í höfuðstöðvum bandalagsins í vikunni. Þetta var fyrsti fundur ráðherranna frá því að Rússland innlimaði Krímskaga á lokum kalda stríðsins. Anna Jóhannsdóttir, sendiherra Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu, sem situr fyrir miðri mynd, sat fundinn fyrir Íslands hönd.



ÚKRAÍNA Í FORGRUNNI Varnarmálaráðherrar aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins funduðu í Brussel í vikunni og fjölluðu meðal annars um langtímaþróun NATO við innlimun Rússlands á Krímskaga. Anna Jóhannsdóttir, sendiherra Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu, sem situr fyrir miðri mynd, sat fundinn fyrir Íslands hönd.

NATO gerði við Rússland árið 1997 skuldbindur bandalagið sig til að staðsetja ekki varanlega hersveitir sem búnar eru til bardaga í nýjum aðildarríkjum NATO í Austur-Evrópu, til dæmis Rúmeníu, Póllandi og Eystrasaltslöndunum. Rússar hafa raunar rofið það samkomulag, til dæmis með því að virða ekki landamæri Úkraínu, en aðildarríki NATO hyggjast enn um sinn standa við sinn hluta samkomulagsins.

Aðgerðir Rússlands komu á óvart
Andrúmsloftið í höfuðstöðvum NATO er talsvert breytt eftir aðgerðir Rússlands í Úkraínu. Eftir endalok kalda stríðsins þurfti bandalagið að endurskilgreina hlutverk sitt, og lagði í kjölfarið áherslu á hreyfanlegan heraflo og hernaðaraðgerðir utan bandalagsríkjanna, til dæmis í Afganistan.

Nú virðist áherslan vera að breytast aftur og aðildarríkin munu leggja áherslu á uppbyggingu varna bandalagsríkjanna gegn utanaðkomandi ógn. Eftir að hafa dregið úr útgjöldum til varnarmála er líklegt að mörg aðildarríkja kjósi að auka útgjöldin á ný, og hafa stjórnvöld í Póllandi þegar lýst því yfir að útgjöldin verði aukin umtalsvert.

Áhersla NATO hefur verið á aðgerðir bandalagsríkja í Afganistan, en beinum hernaðaraðgerðum á að öllu óbreyttu að ljúka fyrir lok árs. Eftir það er áformað að aðeins

ráðgjafar af ýmsu tagi verði eftir í landinu til að aðstoða stjórnvöld, þótt það velti á því að sá sem nær kjöri sem forseti að lokinni annarri umferð í forsetakosningum í landinu á næstunni samþykki slíka aðstoð.

Endalok þátttöku NATO í hernaðaraðgerðum í Afganistan hefði undir venjulegum kringumstæðum verið stærsta umræðuefnið í höfuðstöðvum bandalagsins, en þessa dagana kemst varla annað málefni en aðgerðir Rússlands í Úkraínu að. Frá því Rússland innlimaði Krímskaga hafa sérfræðingar bandalagsins rætt fátt annað en viðbrögð við þessum óvæntu hernaðaraðgerðum.

Það er óhætt að segja að segja að aðgerðir Rússlands hafi komið á óvart. Einn heimildarmaður Fréttablaðsins orðaði það þannig að aðeins nokkrir kaldastríðsjálfar innan NATO hefðu spáð því að Rússland hygðist innlima Krímskaga, en á þá hefði lítið verið hlustað.

Vladímír Pútín Rússlandsforseti hefur reynt útítreiknanlegur, og þó það gæti verið freistandi að reyna að meta hvað hann gæti tekið sér fyrir hendur næst er lítil áhersla lögð á það innan NATO að rýna í þá kristalkúlu, segir háttsettur embættismaður innan NATO. Áherslan er þess í stað lögð á að treysta varnir aðildarríkja.

Ástandið við Eystrasaltið ólíkt
NATO þarf ekki aðeins að móta póli-

tísk viðbrögð við aðgerðum Rússlands, heldur þarf einnig að ákveða hvernig hægt er að bregðast við verði svipaðar aðferðir notaðar til að ráðast á bandalagsríki og Rússland hefur beitt í Úkraínu. Þar hefur rússneskumælandi minnihluta verið beitt gegn stjórnvöldum, hann vopnaður og studdur frá Rússlandi, undir því yfirskini að verja þurfi rússneskumælandi íbúa fyrir yfirgangi stjórnvalda í Kænugarði. Þetta vekur óhjákvæmilega ugg í brjóstum stjórnvalda í Eystrasaltsríkjum, sem eru með stóran minnihluta rússneskumælandi íbúa.

Rússneska þingið hefur veitt forseta landsins heimild til að ráðast inn í önnur ríki til að verja rússneskumælandi íbúa þeirra, sem hefur vakið vægast sagt litla hrifningu meðal stjórnvalda í Moldóvu, Eystrasaltsríkjum og víðar. Munurinn á Úkraínu og Moldóvu annars vegar og Eystrasaltsríkjum hins vegar er að þau síðarnefndu eru aðilar að NATO, og í stofnsáttmála bandalagsins er það skýrt að áráð á eitt ríki jafngildi áráð á þau öll.

Heimildarmenn Fréttablaðsins í höfuðstöðvum NATO voru samþála um að þótt aðgerðir Rússlands í Úkraínu væru ekki hernaðaraðgerðir í venjulegri skilgreiningu þess orðs, enda ekki um eiginlega innrás merktra hermanna að ræða, væri líklegt að sams konar aðgerðir í aðildarríki NATO yrðu tilefni til þess að beita fimmtu grein stofn-



Pað er ljóst að þetta er stærsta ógnin við stöðugleika í Evrópu frá tímum kalda stríðsins.

Douglas Lute, sendiherra Bandaríkjanna hjá NATO

sáttmála bandalagsins. Þar segir að áráð á eitt ríki jafngildi áráð á þau öll. Því ákvæði hefur aðeins verið beitt einu sinni í sögu NATO, eftir hryðjuverkaárásirnar í Bandaríkjunum 11. september 2001.

Gera ráð fyrir hinu óvænta

Ástandið í aðildarríkjum NATO er þó að mörgu leyti ólíkt ástandinu í Úkraínu og erfiðara að beita sömu aðferðum til að draga úr stöðugleika þar. Stjórn málaástandið í Úkraínu var mjög óstöðugt þegar aðskilnaðarsinnar hófu baráttu sína á Krímskaga. Eystrasaltsríkin eru öll aðilar að Evrópusambandinu og NATO, og stjórnarfar þar hefur verið stöðugt.

Þetta þýðir að sömu aðferðir munu ekki hafa jafn mikil áhrif og í Úkraínu. En ef Pútín Rússlandsforseti hefur sýnt eitthvað á undanförunum mánuðum þá er það það að andstæðingar hans þurfa að gera ráð fyrir hinu óvænta.

„Komið ykkur burtu frá Krímskaga“

Samskipti milli NATO og Rússlands voru að mestu sett á ís eftir að Rússland yfirtók Krímskaga, sem áður tilheyrði Úkraínu. Einn samskiptin sem átt hafa sér stað síðan þá eru tveir fundir sem sendiherrar NATO-ríkja hjá höfuðstöðvum bandalagsins í Brussel hafa átt með sendiherra Rússlands.

Seinni fundurinn fór fram að ósk rússneska sendiherrans síðastliðinn mánudag. Hljóðið í embættismönnum sem sátu fundinn var afar þungt að honum loknum. Háttsettur embættismaður NATO sagði, í samtali við Fréttablaðið, að það virtist hafa líftinn sem engan tilgang að eiga í þessum samskiptum. Rússneski sendiherrann hefði aðeins endurtekið „áróðurinn“ sem áður hefði komið frá Pútín Rússlandsforseta.

Rætt er um það í fullri alvöru að skera algerlega á öll samskipti NATO við Rússland, en engin ákvörðun hefur enn verið tekin um það. Flestir þeirra, sem Fréttablaðið hefur rætt við, telja mikilvægt að halda þessari samskiptaleið opinni. Það biður nú leiðtogafundar aðildarríkja NATO, sem haldinn verður í Wales í Bretlandi í byrjun september, að ákveða hvernig samskipti bandalagsins við Rússland verða á næstunni.

Ljóst er að innrás Rússa á Krímskaga og stuðningur við átök aðskilnaðarsinna í austanverðri Úkraínu er áfall fyrir þá sem stóðu að samskiptum við Rússland innan NATO. Rússland var fram á því í afar góðu sambandi við NATO, jafnvel betra en ríki eins og Georgía, sem sækjast eftir því að fá aðild að bandalaginu.

Ekkert útlit er fyrir að samskiptin við NATO muni aukast á næstunni. „Komið ykkur burtu frá Krímskaga, þá skulum við ræða málin,“ sagði háttsettur embættismaður NATO, sem var í talsverðu uppnámi eftir fundinn með sendiherra Rússlands á mánudag.



HERNAÐUR Í ÚKRAÍNU Aðferð rússneskra stjórnvalda við að innlima Krímskaga og skapa óstöðugleika í Úkraínu kom aðildarríkjum NATO í opna skjöldu.

NORDICPHOTOS/AFP

Bodrum á tilboði

12.–26. júní

Örfá sæti laus

Tilboðsverð á mann frá 99.900 kr.

m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2ja til og með 11 ára, 12. júní í 2 vikur.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna 135.500 kr. – Flugsæti 49.900 kr.

Innliflið: Beint flug og gisting í herbergi á hóteli Eken með „öllu inniföldu“ í 2 vikur.

Skráðu þig í netkúbbinn - VITA.is

VITA er lífið

VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444



Njóttu augnabliksins í Miðborginni okkar

LANGUR LAUGARDAGUR 7. JÚNÍ

Miðborgin iðar af lífi í júní. Sólin er orðin fastagestur og valdar götur verða að göngugötum. Lystiskip liggja við bryggju og forvitnir ferðalangar prófa „eina með öllu“. Sumir eiga ekkert sérstakt erindi, annað en það að sýna sig og sjá aðra. Tylltu þér með bolla og blað á notalegum stað og njóttu augnabliksins. Mundu bara eftir sólarvörninni.

Verðslanir opnar til 17:00 í dag og víða lengur í miðborginni.

Bernhöftstorfa - Markaðsstemning:

13:00 White Signal og Sirkus Íslands.

Ingólfstorg - Balkanstemning:

Sumartónlist, danssýning, matur frá framandi löndum, útimarkaður, andlitsmálning, krítar og sápukúlur fyrir börnin.

12:00 Tónleikar til styrktar fórnarlömbum flóðanna í Serbíu og Bosníu:

Fram koma Elín Ey og Elísabet, RVK Soundsystem, Mosi, Tanya & Marlon, 7Berg, Diddi Fel, Átrúnaðargoðarnir og Geimfarnir.

Lækjartorg - Sumarstemning:

12:00 Vatnaboltar.

Barónshverfi - Stóropnunarstemning:

14:30 Sirkus Íslands og fleiri uppákomur á Laugavegi 77 og víðar.

Miðborgin í júní:

14. júní Blómadaður.

17. júní Þjóðhátíðardagur.



VERUM, VERSLUM OG NJÓTUM ÞAR SEM HVÍTASUNNUHJARTAÐ SLÆR!

— WWW.MIDBORGIN.IS —



Er Framsókn fórnarlamb hatursorðræðu?

Enga sýnagógu

Umræðan um múslima, sem spratt upp í kjölfar mosku- og nauðungarhjóndandaútspils oddvita Framsóknarflokksins í borgarstjórn Reykjavíkur, hefur á köflum farið algjörlega úr böndunum og getur ekki kallast neitt annað en hatursorðræða.

Vísir birti fyrr í vikunni frétt þar sem haft var eftir formanni Félags múslima að fljótlega væri hægt að hefja framkvæmdir við byggingu moskunnar í Sogamáryri. Í athugasemdakerfi vefjarins spratt fram svo mikið af ógeðslegu hatri, þar á meðal hreinum og klárum morðhótunum í garð forsvarsmanna trúfélagsins, að við hljótum að staldra við.

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is



„moska“ og „múslimar“, verða hugrenningatengslin við stærstu hatursglæpi sögunnar býsna óþægileg. Margir þeir sem amast við veru og sýnileika múslima á Íslandi vitna í Kóraninn máli sínu til stuðnings, til dæmis um alls konar mannhatur og ómannúðlegar refsingar. Hafa þeir prófað að lesa Bibluna með sömu gleraugum?

Morðhótanirnar hafa verið kærðar til lögreglunnar og sennilega væri hægt að kæra fleiri ummæli sem hafa fallið um múslima á Íslandi síðustu daga með vísan til ákvæða hegningarlaga um að menn skuli ekki þurfa að sæta háði, rögi, smáunum eða ógnun vegna trúar sinnar.

Á sama tíma kemur í ljós að hreinræktaður og augljós hatursglæpur gegn múslimum á Íslandi, þegar trúarrit þeirra var atað svínsblóði og svínshausum dreift á moskulóðina, hefur verið rannsakað með hangandi hendi hjá lögreglunni í Reykjavík og engin niðurstaða fengizt. Yfirmenn lögreglunnar virðast áhugalausir um málið og lítið inni í því.

Kærum við okkur um þetta andrúm haturs og mismununar gagnvart fámennum trúarhópi? Við getum að minnsta kosti ekki sætt okkur við að það gangi yfir ákveðin mörk.

Karl Popper, austurrískur heimspekingur sem horfði á heima-land sitt verða gyðingahatri og nazisma að bráð, skrifaði í bók sinni, Opið samfélag og óvinir þess, að í opnu lýðræðissamfélagi yrðu menn að umbera jafnvel þá óumburðarlyndu. En ef óumburðarlyndi væri endalaust umborið, endaði það á því að ganga af umburðarlyndi hins opna samfélags dauðu.

Popper var á því að það ætti ekki að berja óumburðarlyndi niður, svo lengi sem svara mætti því með rökum og almenningsálitni heldi því í skefjum. En um leið ætti hið opna samfélag að áskilja sér rétt til að segja: Hingað og ekki lengra. Bannið við hatursorðræðu og hatursglæpum eru slík varnarviðbrögð samfélags sem er opið og umburðarlynt og vill vera það áfram.

Það er engin leið að kenna Framsóknarflokknum í Reykjavík um hatursorðræðuna í garð múslima. Hún var þarna fyrir. En þeir sem hata múslima túlka margir hverjir moskuútspilið sem stuðning við hugmyndir sínar frá flokki, sem hingað til hefur verið talinn standa vörð um hið opna samfélag.

Það kaldhæðnislega er að í stað þess að stíga myndarlega fram gegn hatrinu og í þágu umburðarlyndisins halda sumir talsmenn flokksins því fram að þeir séu sjálfir fórnarlömb hatursorðræðu. Þeir eiga að vera stærri en svo. Þeir eiga eins og allir aðrir málsmetandi menn að segja skorinort: Hatur og mismunur gagnvart einum trúarhópi fær ekki að viðgangast. Við erum opið samfélag.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Listrænn stjórnandi
Vikungur Heiðar Ólafsson

HARPA

Reykjavík Midsummer Music

4 DAGAR. 9 TÓNLEIKAR. 13.– 16. JÚNÍ.

Kynnið ykkur magnaða dagskrá á www.reykjavikmidsummermusic.com

SPOTTIÐ



AF KÖGUNARHÓLI PORSTEINS PÁLSSONAR

Breytt forysta og kerfisbreytingar

Lesi má í úrslit sveitarstjórnarkosninganna með ýmsu móti. Þannig gefur sam-
anburður við fjögurra ára gamlar tölur í síðustu sveitarstjórnarkosningum aðra mynd en miðað við árs-gamla tölur frá alþingiskosningunum í fyrra. Ætli menn að spá í hvort kjósendur voru að senda stjórnarflokkunum skilaboð þarf að bera úrslitin saman við þær kosningar sem komu þeim til valda.

Þegar lítið er á úrslitin í kosningunum um síðustu helgi frá þessu sjónarhorni er nokkuð augljóst að kjósendur voru að senda stjórnarflokkunum mismunandi skilaboð. Ef báðir flokkarnir ætla að greina þau og taka tillit til þeirra kann það



dregur kosningum.

Miðað við síðustu sveitarstjórnarkosningar vann Framsókn mikið sigur í Reykjavík með því að fá tvo menn kjörna út á tæplega ellefu prósent atkvæða. Þessi sigur fékkst með leikfléttu á síðustu stundu sem gagnast hefur þeim flokkum vel í Evrópu upp á síð-

kastið sem sækja jaðaratkvæði með því að sá tortryggni í garð útlendinga.

Þegar þessi úrslit eru hins vegar borin saman við þingkosningarnar fyrir ári kemur í ljós að Framsókn hefur tapað meir en þriðjungu atkvæðanna í Reykjavík þrátt fyrir þessa leikfléttu. Þetta þýðir að atkvæðin sem færðu flokknum ríkisstjórnarforystuna eru farin. Það eru sterk og afgerandi skilaboð frá kjósendum.

Lærdómurinn fyrir Framsókn er þó sá að það gangi að höfða til jaðaratkvæða með popúlískum málflutningi ýmist yst til vinstri eins og í fyrra eða yst til hægri eins og nú.

Ábyrgð og velferð

Þessi samanburður horfir með allt öðrum hætti við þegar lítið er á árangur Sjálfstæðisflokksins. Tap hans í Reykjavík var afar stórt þegar lítið er á kosningarnar fyrir fjórum árum. Hann heldur aftur á móti þeim hlut sem hann fékk í alþingiskosningunum fyrir ári. Úrslitin í Reykjavík eru að þessu leyti hlutlaus gagnvart ríkisstjórnarsetunni. Það er skárr niðurstaða en síðustu skoðanakannanir bentu til.

Í kraganum umhverfis höfuðborgina og í ýmsum sveitarfélögum úti á landi þar sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið í

meirihluta eða meirihlutasamstarfi heldur hann hlut sínum frá síðustu sveitarstjórnarkosningum og styrkir stöðuna í sumum tilvikum. Þó að samanburður við alþingiskosningar í þessum bæjarfélögum sé erfiðari en í Reykjavík eru úrslitin augljóslega betri en í þeim.

Það er sammerkt með þessum sveitarfélögum að þar hafa kjósendur bæði lengri og skemmri reynslu af góðu jafnvægi milli ábyrgðar fjármálastjórnar og traustar velferðarþjónustu. Þó að vörumerki Sjálfstæðisflokksins hafi fallið í hruninu hafa þessi sveitarfélög haldið því upprétu. Augljóst er að kjósendur hafa

ekki viljað raska þeirri stöðu sem ábyrgð fjármálastjórn hefur skapað í þessum heimabæjum þeirra algjörlega óháð afstöðu til ríkisstjórnarinnar.

Hæpið er því að staðhæfa að góð úrslit í þessum bæjarfélögum lýsi trausti á ríkisstjórnina. En lærdómurinn sem Sjálfstæðisflokkurinn getur dregið af þessum kosningaúrslitum er að leggja áfram áherslu á ábyrgð fjármálastjórn eins og hann hefur reynt í stjórnarsamstarfinu. Hann á mikið verk fyrir höndum þar til hann hefur endurnýjað traust á því sviði við landsstjórnina. En skilaboðin frá kjósendum eru skýr um þetta efni.

Olía og vatn blandast illa

Niðurstaðan er sem sagt þessi: Framsóknarflokkurinn fær skilaboð um að hann geti haldið sér á floti með málflutningi sem skapar stundarvinsældir á pólitískum jöðrum. Sjálfstæðisflokkurinn fær aftur á móti þau skilaboð að langtímasjónarmið um ábyrgð í fjármálum séu líklegust til árangurs. Slík pólitík er jafnan erfið í byrjun en skilar sér síðar.

Verkurinn er sá að það er eins og að blanda olfu við vatn þegar

fella á saman þessi misvísandi skilaboð til stjórnarflokksanna. Það eykur svo á vandann að Framsóknarflokkurinn hefur misst þann stuðning sem notaður var til að réttlæta stjórnarforystu hans þrátt fyrir meira fylgi Sjálfstæðisflokksins.

Það var misráðið af Alþýðusambandinu rétt fyrir kosningar að lýsa því yfir að tilraunin til ábyrgðar stöðugleikasamninga hefði mistekist. En hitt má vera rétt að nýjar pólitískar forsend-

ur þurfi svo halda megi áfram á þeirri braut. Kosningaúrslitin gefa tilefni til að lagðar verði skýrar línur í þeim tilgangi.

Að þessu virtu væri það í góðu samræmi við kosningaúrslitin og eins til að undirstrika að ábyrgðin hefði leyst skyndivinsældisgerðir af hólmi að Sjálfstæðisflokkurinn tæki við forystu í ríkisstjórninni. Jafnframt þyrfti að sýna róttækar kerfisbreytingar, meðal annars með áætlun um frjálsa búvöruverslun.

Málrameistarar kunna sitt fag.

80%

þeirra* velja okkar vörur.
Þú getur treyst fagmönnum.

 **málning**
-það segir sig sjálf-



*Hlutfall málrameistara sem eru í viðskiptum við Málningu hf.



Veljum íslenskt
- okkar hagur!
Samtök iðnaðarins - www.si.is

Útsöluastaðir Málningar: BYKO Kópavogi • BYKO Granda • Litaver Grensásvegi • BAUHAUS • Axel Þórarinnson málrameistari, Borgarnesi • Virkið Hellissandi • Málningarbúðin Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson málrameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO Reyðarfirði • Ormsson Vík, Egilsstöðum • Verslunin PAN, Neskaupstað • BYKO Selfossi • Miðstöðin Vestmannaeyjum • BYKO Keflavík • N1 verslun, Grindavík

SMÁVARA

15%
AFSLÁTTUR
AF

iittala
ALESSI
by nord

Rosenhal



F furninova

NÝTT
20%
KYNNINGAR-
AFSLÁTTUR



255.990
FULLT VERÐ: 319.990

PASO DOBLE TUNGUSÓFI

Stærð: 300 x 100 x 150 H 95 cm.
Hægri eða vinsti tunga. Áklæði í mörgum litum og gerðum.

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM OG

TALIDA HORNSÓFI MEÐ TUNGU



ÞÚ
SPARAR
170.000
KRÓNUR

TALIDA HORNSÓFI MEÐ TUNGU.
Brúnt slitsterkt áklæði.
Stærð: 341x222x160 H80 cm.

199.990
FULLT VERÐ: 369.990

AMERY 4RA SÆTA SÓFI



ÞÚ
SPARAR
100.000
KRÓNUR

AMERY FJÖGURRA SÆTA SÓFI
Slitsterkt áklæðidökkblátt áklæði.
Stærð: 312x105 H 85 cm.

179.990
FULLT VERÐ: 279.990



KENYA hægindastóll
Slitsterkt áklæði. Margir litir

49.990

FULLT VERÐ: 59.990

HAVANA hægindastóll
Slitsterkt áklæði. Margir litir.

69.990

FULLT VERÐ: 79.990



KÁTT Í HÖLLINNI
SÆLKERASMAKK FRÁ TARIELLO
OG LÉTTAR VEIGAR Á LAU.
Á MILLI KL. 13⁰⁰ OG 16⁰⁰

VIÐ ELSKUM LAUGARDAGA
OG LYFTUM OKKUR UPP!

LOKAÐ HVÍTASUNNUDAG OG 2. Í HVÍTASUNNU

S.O.U.L
SPIRIT OF ULTIMATE LIFESTYLE



S.O.U.L. VÖNDUÐ HÚSGÖGN OG ÖÐRUVÍSI SMÁVARA

SMÁVARA

20%
AFSLÁTTUR
AF



*Bloomingville®



FRÁBÆRUM OPNUNARTILBOÐUM

DURANGO TUNGUSÓFI



ÞÚ SPARAR 80.000 KRÓNUR

Stærð: 273x199 H81,5 cm cm.
Hægri eða vinsti tunga.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.

189.990
FULLT VERÐ: 269.990

FINNLEY SVEFNSÓFI MEÐ TUNGU



ÞÚ SPARAR 60.000 KRÓNUR

Slitsterkt grátt áklæði.
Svefnsvæði: 140x195 cm.
Stærð: 244 x 165 x 90 H: 85 cm.

119.990
FULLT VERÐ: 179.990



DALLAS
Barstóll
Svart og hvítt
leður á krómfaeti.

14.990
FULLT VERÐ: 23.990

14.450
FULLT VERÐ: 19.990

WOODY borðstofustóll.
4 litir með hvíttuðum viðarlöppum.



12.990
FULLT VERÐ: 19.990

ANDREW
Borðstofustóll
Svartur, hvítur
og brúnn.



17.990
FULLT VERÐ: 27.990

MATHILDE Barstóll
Svart leður á krómfaeti.



HÚSGAGNAHÖLLIN

REYKJAVÍK | AKUREYRI

HELGIN



Björgvin Halldórsson, tónlistarmaður

Sleikir sólina

„Ég ætla að njóta þess að vera í frí og ætla að sleikja sólina. Ég ætla einnig að sinna privatmálum og svo er ég á fullu við að undirbúa hina ýmsu tónleika sem fram undan eru, eins og til dæmis á 17. júní.“



Helga Braga Jónsdóttir, leikkona og flugfreyja

Brúðkaup og flugferð

„Ég fer í brúðkaup hjá frænku minni í dag. Á morgun flýg ég til London með WOW air en annars stefnir þetta í huggulega helgi hjá mér.“



Unnur Ösp Stefánsdóttir, leikkona

Bröns í garðinum

„Í kvöld ætlum við í brúðkaup hjá nágrönnum okkar og á morgun verður græjaður bröns með góðum vinum úti í garði. Svo er aldrei að vita nema við skreppum upp í sumarbústað. Það verður að njóta veðursins.“



Friðrik Dór Jónsson, tónlistarmaður

Skellir sér í bústað

„Ég ætla upp í sumarbústað í dagsferð en kem aftur í bæinn til að fara í þrítugsafmæli í Kaplakrika. Svo liggur leiðin aftur upp í sumarbústað og þar verð ég fram á mánudag. Þar á aldeilis að njóta sumarblíðunar.“

FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU ...



Í ÚTILEGU. Veðurspáin fyrir helgina er sérstaklega góð, en veðrið verður best í uppsveitum á Suður- og Vesturlandi og allt að 22 stiga hiti.



Á ON THE ROAD AGAIN í flutningi Willie Nelson, til að koma þér í gott skap á leiðinni í útilegu.



ÖNGSTRÆTI, eftir Louise Doughty í þýðingu Bjarna Jónssonar, á meðan þú baðar þig í sólinni og bíður eftir að grillið hitni.



Á FORMÚLUNA í beinni útsendingu frá kappakstrinum í Kanada á Stöð 2 Sport klukkan 17.30 – ef þú fórst ekki í útileguna eftir allt saman!



ENDURNÆRANDI Arnbjörg Kristín Konráðsdóttir ásamt upprennandi litlum jóga sem heitir Hrafn Styrkár Svavarsson á fjölskyldujógadeginum í Viðey í fyrrasumar.

Slaka á og njóta heillandi tóna gongsins í náttúrunni

Styrktarfélagið Jógahjartað stendur fyrir viðburðinum Fjölskyldujóga í Viðey í dag. Sex kennarar taka höndum saman og leiða fjölskyldur í gegnum jógaæfingar, leiki, öndun í sjávarloftinu og hugleiðslu.

Álfrún Pálsdóttir
alfrun@frettabladid.is

Það er eitthvað við það að fara yfir sjóinn og horfa á borgina frá nýju sjónarhorni og stunda saman jóga úti í náttúrunni,“ segir Arnbjörg Kristín Konráðsdóttir jógakennari, sem stendur fyrir Fjölskyldujóga í Viðey í dag milli kl. 13 og 14.30. Styrktarfélagið Jógahjartað stendur fyrir viðburðinum þar sem á dagskránni eru jógaæfingar, leikir, öndun í sjávarloftinu og hugleiðsla. „Við slökum á og njótum heillandi tóna gongsins sem er alveg magnað úti í guðsgrænni náttúrunni. Fjölskyldan hefur gott af því að kom-

ast burt frá hversdagsleikanum en þetta er náttúrufergurð sem er bara í fimm mínútna siglingarfjarlægð.“

Þetta er í annað sinn sem Fjölskyldujóga fer fram í Viðey og er Arnbjörg spennt fyrir deginum enda veðurspáin fyrir daginn eins og best verður á kosíð. „Það var æðislegur dagur hjá okkur í fyrra enda er yndislegt að vera í eyjunni. Nú verðum við hjá Friðarsúlunni sem mér þykir vel við hæfi,“ segir Arnbjörg sem hvetur alla til að mæta og eiga endurnærandi stund í eyjunni í faðmi fjölskyldunnar. Hún bendir gestum á að taka ferjuna yfir sundið sem fer kl. 12.15.

Jógahjartað er styrktarfélag sem hefur þann tilgang að bjóða aðstoð við kennslu á jóga, hugleiðslu og slökun í grunnskólum.

Skemmta sér án samkeppni

Jógaæfingar hjálpa börnum að tengja við líkama sinn, styrkja hann og liðka ásamt því að æfa jafnvægi og samhæfingu. Þau hafa gaman af að spreya sig á hinum ýmsu jógastöðum sem líkja oft eftir dýrum, náttúru-fyrirbærum eða hlutum. Í jóga er lögd áhersla á að hafa gaman og gefa börnum tækifæri til að hreyfa sig án þess að vera í samkeppni hvert við annað. Hægt er að fræðast meira um Jógahjartað og starfsemi þess á vefsíðunni jogahjartad.wix.com/jogahjartad.

Jógahjartað miðlar einnig þekkingu til grunnskólakennara og foreldra sem vilja vita meira um jóga. Meðlimir Jógahjartans eru átta mæður og jógakennarar sem hafa áhuga á velferð barna almennt og trúna því að jóga og hugleiðsla gefi ungu fólki betri tengingu við sjálft sig á leið sinni í gegnum menntakerfið.

Hvað? Fjölskyldujóga Jógahjartans í Viðey.

Hvenær? Í dag kl. 13-14.30.

Hversu mikið? 500 kr. á mann en frítt er fyrir þriggja ára og yngri.

Sumarlegur matur sem hentar vel í hita og sól

Fréttablaðið tók saman nokkrar einfaldar og skemmtilegar uppskriftir sem henta vel á þessum tíma árs.

Smoothie

1 msk. skyr
2 gulrætur
1 lúka frosið mangó
1 frosinn banani
1 lúka frosin bláber
¼ lárpera
1 tsk. hnetusmjör
Lúka frosin vatnsmelóna (sker niður og frysti í pokum)
Sítrónusafi (ferskur)
Engifer (eftir smekk)
Vatn eftir smekk.
Ofan á þrjár pekanhnetur og nokkrir dropar hunang.

Kjúklingaréttur með fetaosti og furuhnetum

Fyrir 4
5 Rose-kjúklingabringur
1 poki ferskt spínat
1 rauð paprika
¼ smátt skorið rautt chili
2 vorlaurkar
½ ferskt mangó
3 msk. fetaostur í bláu krukunum
1/2 lítill poki ristaðar furuhnetur
Kjúklingakrydd frá Potta-göldrum

6 msk. kotasæla
Chili Falk-salt og nýmalaður pipar

Aðferð

Bringurnar settar í eldfast mót og kryddaðar. Mótið sett inn í ofn.
Í skál er fetaosti og kotasælu blandað saman.
Grænmetið og mangóið skorið smátt.
Öllu hrært saman við ostinn ásamt furuhnetunum.

Pegar bringurnar eru búnar að malla í 15 mínútur má setja allt yfir bringurnar og baka í ofni í um 45 mínútur við 200-220 gráður. Gott er að setja álpappír yfir.

Eggaldin

Eggaldin skorin niður og lögd á bökunarpappír á ofnplötu.

Bakið eftir smekk.

Gott að krydda með salti og chili-pipar.

Heimild: Heilsutorg.is



Við hjálpum þér með garðinn

Vönduð ráðgjöf og vörur sem endast

Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir og Inga Rut Gylfadóttir, landslagsarkitektar (FÍLA), aðstoða þig við að gera hugmyndir þínar um fallegan garð að veruleika.

Úrval af vörum

sem gera garðinn eins viðhaldsléttan og kostur er.

TERRA



TORGSTEINN



Náðu í iBókina

á bmvalla.is og skoðuðu vöruúrvalið.



bmvalla.is



BM·VALLÁ

Fannst Búllan afleit hugmynd

Tómas Andrés Tómasson er gjarnan kallaður guðfaðir hamburgarans hér á landi en tíu ár eru síðan hann vakti hamburgarakokkinn af værum blundi. Nú hefur hróður Búllunnar borist út fyrir landsteinana þar sem borgararnir renna ljúflega niður í Evrópubúa undir ströngu gæðaeftirliti Tómasar sem hefur borðað einn hamburgara á dag síðastliðin tíu ár.

Alfrún
Pálsdóttir

alfrun@frettabladid.is



Það er varla hægt að tala um hamburgara hér á landi án þess að Tómas Andrés Tómasson, betur þekktur sem Tommi, berist í tal. Hann hefur ýmsa fjöruna sopið í veitingahúsageiranum en þegar hann opnaði Tomma-borgara fyrst árið 1981 grunaði hann ekki að 33 árum síðar yrði hann kominn í útrás með borgarana góðu undir nafni Hamburgarabúllu Tómasar eða Tommi's Burger Joint. Nú eru fimm staðir á höfuðborgarsvæðinu og einn á Selfossi, tveir í London, einn í Berlín og svo eru fyrirhugaðar opnanir á næstunni í Kópavogi, Kaupmannahöfn og Ósló.

Tommi sér um að reka staðinn á Bíldshöfða en aðrar Búllur eru reknar sjálfstætt með öðrum eigendum en í svokölluðum nafnleigusamningi eða „franchise agreement“. Tíu ár eru síðan Tommi opnaði Búlluna á Geirsgötunni, í þá hálfkøhldu húsi sem áður hýsti Hafnarvigtina og Kaffi Skeifu, en hafði staðið autt um árabíl við Reykjavíkurbíóhöfn. Svæðið hefur aldeilis blómstrað á síðustu árum.

Átti ekki fyrir símanum

„Ég ætlaði að setjast í helgan stein þarna fyrir tíu árum, nýbúinn að selja Borgina og ætlaði að fara að lifa lífinu. Ég fór til Argentínu í tvo mánuði að dansa tangó en vaknaði svo upp við vondan draum þegar ég kom heim. Ég var með frelsi á símanum en til þess að fylla á hann 500 krónur þurfti ég að taka peninga af þremur mismunandi banka-reikningum. Það var ekki í lagi og ég fór að hugsa hvað ég gæti gert til að lifa af. Ég var alveg blankur. Þá komu synir mínir, Ingvi og Tommi, með þá hugmynd að opna hamburgarastað. Mér fannst það afleit hugmynd enda var ég búinn með þann kafla en þeir náðu að sannfæra mig,“ segir Tommi þar sem hann tekur á móti blaðamanni rétt fyrir hádegisraffíkina uppi á Höfða.

Starfsfólkið er að hita grillið og Tommi býður upp á kleinu og kaffi í notalegu umhverfi. Búllurnar bera allir sama yfirbragð, amerísk vegasjoppustemming með hressandi tónlist og fjölbreyttu veggskrauti. „Þetta er nú bara samtíningur héðan og þaðan. Svona skipulagt kæruleysi. Í takt við matinn. Hamburgarinn er skyndibiti, eins og puls, nema það er meiri athöfn að borða borgarann. Tekur um tíu mínútur og svo ertu farinn. Básarnir hér eru til dæmis frá Hard Rock, ég keypti allar innréttingar þaðan þegar staðurinn lokaði.“

Tómas hefur rekið fjöldann allan af veitingastöðum hér á landi. Stundum hafa þeir slegið í gegn og stundum ekki. Meðal þeirra sem hafa verið í hans eigu eru áður nefndur Hard Rock, staður sem Tommi segir vera flottasta veitingastað sem opnaður hefur verið hér á landi, Amma Lú, Kaffibrennslan, Glaumbar, Tomma-borgarar og Hótel Borg.

Þúsund hamburgarar á dag

En af hverju fór Tommi, sem er menntaður matreiðslumaður sem kláraði Verslunarskólann og er með gráðu í hótél- og veitingarekstri frá Bandaríkjunum, að steikja hamburgara á sínu tíma?

„Það er svo sem ekki flókið. Það var ekkert annað í boði. Ég var búinn að skíta í buxurnar og brenna allar brýr að baki mér ef svo má að orði komast. Ég var nýkominn úr meðferð, aleinn og yfirgefinn fannst mér en var það auðvitað



GRILLAR HAMBORGARA Tómas Tómasson hefur grillað óhemju marga hamburgara um ævina og hérna sýnir hann hvernig fagmenn bera sig að.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ekki, og stökk á það fyrsta sem mér bauðst, að snúa hamburgurum á stað sem vinur minn opnaði og hét Winnies. Þetta var 1980 en ári seinna ákvað ég að stofna Tomma-borgara sjálfur. Ég átti engan pening en keypti græjur fyrir helm-inginn af peningum sem ég hafði milli handanna. Græjurnar áttu að lokka viðskiptavinum í heimsókn, sem þær gerðu. Þær vöktu athygli en auðvitað er galið hversu dýrar

þær voru þar sem þær þjónuðu engu hlutverki á staðnum öðru en að spila tónlist,“ rifjar Tommi og glottir. Fyrsti staðurinn var opnaður á Grensásvegi og varð fljótlega geysilega vinsæll. „Þetta var mikið ævintýri. Við seldum um þúsund hamburgara á dag. Ætli ég hafi ekki verið búinn að selja um milljón hamburgara þegar ég hætti.“

Tommi kennir kappseminni um að Tomma-borgarar gengu ekki sem

skyldi en hann opnaði annan stað samhliða veitingastaðnum, unglingskemmtistaðinn Viltta tryllta Villa. „Við ætluðum að opna sex staði á 16 mánuðum. Það reyndist of mikið en svo var skemmtistaðurinn dýrari í innréttingum en allir Tomma-borgarastaðirnir til samans,“ segir Tommi sem seldi staðina eftir endurskipulagningu og fór í árs frí til Los Angeles þar sem Hard Rock-ævintýrið hófst.

105 kíló í bekk

Tommi gefur sjálfur lítið fyrir titla á borð við guðföður hamburgarans eða hamburgarakónginn eins og margir hafa kallað hann. „Sumir segja að ég hafi komið með hamburgaramenninguna til landsins en það er bara ekki rétt. Ég bragðaði minn fyrsta hamburgara á Ísborg fyrir 50 árum, þá 14 ára gamall.“

Galdurinn á bak við borgara Tomma liggur í kjötinu og ein- ▶

NOTAÐU ÞÍN EIGIN HESTÖFL



JAMIS TRAIL X650

79.990 KR.

VEL BÚIÐ 27,5" TRAIL
FJALLAHJÓL MEÐ ÁLSTELLI
OG DISKABREMSUM.

HERRA DÖMU



JAMIS XR

49.990 KR.

26" FJALLAHJÓL MEÐ
STÁLSTELLI OG 21 GÍR.



X20

X24



JAMIS X20 OG X24

X20: 44.990 KR.

X24: 49.990 KR.

20" OG 24" KRAKKAHJÓL
MEÐ ÁLSTELLI OG 18 GÍRUM.

JAMIS EXPLORER 1

62.990 KR.

26" ÞÆGILEGT ALHLIDA HJÓL
MEÐ STÁLSTELLI OG 21 GÍR.
EINNIG TIL Í DÖMU.

HERRA DÖMU



JAMIS ALLEGRO X SPORT

119.990 KR.

GOTT 28" INNANBÆJARHJÓL
MEÐ DISKABREMSUM OG
LÆSANLEGUM GAFFLI.



DÖMU HERRA



JAMIS CITIZEN 1

57.990 KR.

28" ÞÆGILEGT DÖMU
GÖTUHJÓL MEÐ STÁLSTELLI
OG 21 GÍR. EINNIG TIL Í HERRA.



JAMIS EXPLORER 2

71.990 KR.

ÞÆGILEGT ALHLIDA HJÓL
MEÐ ÁLSTELLI OG 21 GÍR.
DEMPARI Í SÆTISPÓSTI
OG FRAMGAFFLI.
EINNIG TIL Í DÖMU.

JAMIS ALLEGRO SPORT

99.990 KR.

28" LÉTT INNANBÆJARHJÓL,
ÁLSTELL.



Fáðu aðstoð við valið á réttu hjólunum.
Starfsfólkið okkar þekkir vörurnar sem það selur.

HJÓLIN ERU Í SMÁRALIND OG GLÆSIBÆ

ÚTILÍF

GLÆSIBÆ

KRINGLUNNI

SMÁRALIND

utilif.is

► faldleikanum. Í stað þess að nota hakkað kjöt eins og gengur og gerist notar hann gúllaskjöt og bætir við fitunni eftir á. „Bragðið kemur með fitunni. Svo byrjuðum við á því að handpressa hamburgarana. Það kemur allt önnur áferð á borgana sem eru handpressaðir,“ segir Tommi, sem er með gæða-efirlit með hráefninu á stöðunum úti í heimi og nú síðast þegar Búllan opnaði í Berlín.

Sjálfur hefur hann borðað einn hamburgara á dag í tíu ár. Stundum fleiri en alltaf allavega einn. Tommi er þó mjög meðvitaður um líkamlegt heilbrigði og setti sér það markmið að taka 105 kíló í bekkpressu þegar hann var 65 ára, sem honum tókst.

„Þeir sem á annað borð borða hamburgara vita að það er matur sem hægt er að borða hvenær sem er allan sólarhringinn. Ég hef alltaf sagt að það sé ósannjarnt að nota hamburgarann sem samnefnara yfir óhollan skyndibita. Þegar við opnuðum annan staðinn í London, í mjög flottu hverfi á Kings Road, hélt ég ræðu þar sem ég sagðist borða einn hamburgara á dag og þeir sem töldu það óhollan skyndibita gætu dæmt um það sjálfir og reif bolinn sem ég var í,“ segir Tommi með bros á vör. „Myndin af því fór um Twitter eins og eldur í sinu, sem var fyndið.“

Elti ástina heim

Þrátt fyrir að hafa ekki órað fyrir velgengni staðarins á erlendri grundu leitaði hugur Tomma út fyrir landsteinana með staðinn fyrir nokkrum árum. Hann seldi Búlluna við Geirsgötu til þeirra aðila sem reka hana í dag og keypti sér íbúð ásamt syni sínum við South Beach í Miami. Planið var að kanna rekstrargrundvöll fyrir hamburgarastað í Bandaríkjunum.

„Við vorum fluttur út þegar örlögin gripu í taumana. Ég varð ástfanginn. Ætlaði að flakka á milli landa en svo gat ég ekki haldið í mér og elti ástina heim. Opnaði Búlluna hér á Bíldshöfða og ákvað að halda þessu ævintýri áfram. Hver veit hvað hefði gerst ef við hefðum í lengst í Bandaríkjunum?“

Staðirnir eru margrómaðir á erlendri grundu. Tommi segir til dæmis að velgengni staðanna beggja í London hafi farið fram úr björtustu vonum. Þeir hafa aldrei auglýst mikið enda segir Tommi orðsporið vera bestu auglýsinguna. Sjálfur er hann ekki hrifinn af samfélagsmiðlum og fassar og sveiar yfir Facebook.

„Við fengum til liðs við okkur tvær stúlkur í London sem sáu um að koma Búllunni á framfæri á samfélagsmiðlum úti. Þær



GRILLAR HAMBORGARA Tómas Tómasson hefur grillað óhemju marga hamburgara um ævina og hérna sýnir hann hvernig fagmenn bera sig að.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Landsvirkjun

Það er allt í lagi að það blási svolítið

Í Búrfellsstöð við Þjórsá er gagnvirk orkusýning og skammt norður af stöðinni eru fyrstu vindmyllur Landsvirkjunar. Þeim er ætlað að veita vísbendingar um framtíðarmöguleika í beislun íslenska roksins. Við vonum auðvitað að sumarið verði gott en okkur finnst líka allt í lagi þó það blási hressilega í 50 metra hæð yfir hraunsléttunni fyrir norðan Búrfell.

Velkomin í heimsókn í sumar!

Gagnvirk orkusýning í **Búrfellsstöð** er opin alla daga kl. 10–17.

Einnig tekur starfsfólk á móti gestum við **vindmyllurnar norðan Búrfells** alla laugardaga í júlí kl. 13–17.

Jarðvarmasýning í gestastofu **Kröflu** er skemmtilegur áfangastaður fyrir norðan. Þar er opið alla daga kl. 10–17.

Við **Kárahjúkastíflu** tekur leiðsögumaður á móti gestum alla miðvikudaga og laugardaga kl. 14–17.


www.landsvirkjun.is/heimsoknir

3 m/s – raforkuframleiðsla hefst

15 m/s Kjöraðstæður til raforkuvinnslu

28 m/s

34 m/s – raforkuframleiðsla stöðvast



► eru ótrúlega klárar og tókst að koma staðnum á kortið. Það er besta auglýsingin ef fólk skrifar góða hluti um staðinn á netinu. Eins og um daginn þegar amerísk stúlka skrifaði um staðinn og sagði: „They beat us at our own game.“ Það fannst mér svolítið gott enda hamburgarar svokallaður þjóðarréttur í Ameríku.“

Skrautfjöðrin

Staðirnir úti eru sem fyrr segir reknir í svokallaðri nafnleigu. Tommi vakir yfir en gerir þó lítið úr sinni aðkomu.

„Mitt hlutverk er svo sem ekki stórt. Ég segi stundum að ég sé skrautfjöðrin. Þú veist, karlinn á myndinni sem vakir yfir staðnum, eins og indverski karlinn á Saffran. Það gefur ákveðna vigt að vita af mér bak við grillið, eins og í Tommaborgurum í gamla daga. Þá sást ekki nema fyrir ofan mjaðmir út í sal úr eldhúsinu og ég fékk oft að heyra að hamburgarnir væru miklu betri þegar ég sá um að steikja þá. Það sem þeir vissu ekki var að ég var oft bara í að snúa brauðunum því dömurnar voru fljótt orðnar miklu betri en ég með steikarspaðann.“

Þrátt fyrir að vera annálaður kokkur og veitingahúsarekandi

” Mitt hlutverk er svo sem ekki stórt. Ég segi stundum að ég sé skrautfjöðrin. Þú veist, karlinn á myndinni sem vakir yfir staðnum.

Tómas Andrés Tómasson


eyðir Tommi ekki miklu tíma í eldhúsinu heima við. „Ég elda tvennt, hafragraut fyrir Úlfhildi yngstu dóttur mína og svo humar fyrir Melkorku dóttur mína þegar hún kemur til landsins, en hún býr í Bandaríkjunum. Uppáhaldsmaturinn minn er líka óvenjulegur en það hef ég haldið upp á síðan ég var 13 ára gamall. Það er flatkaka með roastbeef og rækjusalati. Algjört lostæti sem ég mæli með að fólk prufi.“

Nú er staðurinn að fyllast af svöngum hádegisgestum, eldurinn logar á grillinu og Tommi þarf að binda á sig svuntuna. Að lokum er við hæfi að spyrja manninn með steikarspaðann hvort hann hafi ekki örugglega efni á símareikningnum núna og Tommi svarar kankvís. „Ég þarf allavega ekki að fara inn á þrjá reikninga til að skrapa saman fyrir 500 kalli.“

TÓMAS Í SVIÐLJÓSINU Í GEGNUM TÍÐINA



MEÐ STEIKARSPAÐANN Í 34 ÁR 1. Tommi myndaður ber að ofan fyrir utan búlluna á Geirsgötu stuttu eftir opnun. **2.** Tommi ásamt Úlfari á Premur frökkum en þeir söfnuðu skeggi saman til að mótmæla háum stýrivöxtum. Um leið og Seðlabankinn lækkaði stýrivextina var þeim boðið í rakstur af Má Guðmundssyni. **3.** Opnun búllunar 2004.



Eldri en síðast en ekkert vitrari

Freyr Bjarnason
freyr@frettabladid.is



Hljómsveitin **Pixies** spilar í Laugardalshöll næstkomandi miðvikudag. Áratugur er liðinn síðan hún kom síðast hingað til lands og spilaði í Kaplakrika. Trommuleikarinn David Lovering segir að erfitt hafi verið að standast væntingar við gerð nýju plötunnar Indie Cindy.

Bandaríska hljómsveitin Pixies er á leiðinni til Íslands í annað sinn í næstu viku. Tónleikarnir verða í Laugardalshöllinni á miðvikudagskvöld en áratugur er liðinn síðan rokkararnir spiluðu á tvennum tónleikum í Kaplakrika.

Trommarinn David Lovering er einkar hress í símanum og byrjar á því að segja frá kynnum sínum af Íslandi vorið 2004, þegar hljómsveitin hafði nýlega byrjað að spila saman eftir ellefu ára hlé. „Ég man að við vorum spennit fyrir ferðalaginu vegna þess að þetta er svo framandi staður og við höfðum aldrei komið þangað áður. Ég hef mikinn áhuga á jarðfræði og það var frábært að sjá steinana og landslagið. Auðvitað fórum við líka í Bláa lónið sem var gaman en þar fyrir utan var yndislegt fólk þarna og ég borðaði góðan mat,“ segir trommarinn og byrjar að telja upp hvað hann lét ofan í sig: „Ég borðaði mat sem ég hafði aldrei prófað áður, eins og lunda, hval og hákarl og ég held ég fái hrossakjöt næst þegar ég kem þangað. Það er gaman að prófa allt sem er „lókál“. Þetta var yndislegur tími og ég get ekki beðið eftir því að koma aftur.“

Sættir sig við meira kjaftæði

Næst liggur beinast við að spyrja hvort hljómsveitin hafi eitthvað breyst frá því hún spilaði síðast hér á landi, fyrir utan það að Paz Lenchantin plokkar núna bassann á tónleikum í stað stofnmeðlimsins Kim Deal sem ákvað að segja skilið við Pixies í fyrra. „Nei, veistu, við höfum alltaf verið eins. Við erum sömu manneskjurnar. Maður heldur að maður verði eldri og vitrari með árunum en ég held að það sé ekki satt. Ég held að maður verði bara eldri. En að verða vitrari þýðir bara að maður sættir sig við meira kjaftæði,“ segir Lovering og hlær. „Núna er Paz að spila á bassann og ég get fullvissað þig um að hún er mjög góður bassaleikari. Áhorfendurnir fíla hana og hún fær mig til að spila betur.“

Indie Cindy þurfti að vera góð

Þegar Pixies lagði upp laupana á sínum tíma hafði hún gefið út fjórar breiðskífur sem gagnrýnendur hrifust mjög af, sérstaklega þeim tveimur fyrstu, Surfer Rosa og Doolittle. Eftir að bandið hætti störfum var forsprakkinn Black Francis iðulega spurður að því hvort Pixies myndi snúa aftur en hann neitaði því ávallt. Því kom það mjög á óvart þegar hljómsveitin tilkynnti um endurkomu sína.

Þegar orðrómurinn um nýju plötuna, Indie Cindy, fór af stað voru margir aðdáendur með efasemdir um hvort rétt væri hjá hinni goðsagnakenndu Pixies að gefa út nýtt efni. Lovering er sam-mála því að væntingarnar hafi verið miklar.

„Ég bjóst aldrei við því að við myndum byrja aftur að spila. Bara að koma aftur saman árið 2004 var eitthvað sem ég hafði aldrei látið mig dreyma um að gæti gerst.“

„Þegar við vorum að semja lögin hafði fólk sagt okkur að við þyrftum að viðhalda þessari goðsagnarkenndu stöðu. Við vissum líka að gæði laganna þyrftu að vera til staðar og þess vegna var þetta dálítið erfitt. En eina leiðin til að takast á við þetta var að vera mjög ánægðir með lögin sem við sömdu. Þetta ferli tók um þrjú ár. Á þeim tíma varð mikið af lögum til og við hentum mörgum lögum sem okkur fannst ekki nógu góð. En á endanum vorum við mjög ánægðir útkomuna.“

Bjóst aldrei við endurkomu

Þú hefur væntanlega ekki búist við að Pixies myndi nokkurn tímann gera nýja plötu? „Ég bjóst aldrei við því að við myndum byrja aftur að spila. Bara að koma aftur saman árið 2004 var eitthvað sem ég hafði aldrei látið mig dreyma um að gæti gerst. Þá vorum við ekki að spá í að taka upp ný lög. Það voru stanslausar tónleikaferðir vegna þess að fólk hafði svo mikinn áhuga á að sjá okkur. Það var ekki fyrr en eftir sjö ár sem við áttuðum við okkur á því að við höfðum verið á tónleikaferð lengur en við vorum starfandi á sínum tíma. Þá fórum við að hugsa um að búa til eitthvað nýtt.“

Kláraði rafmagnsverkfræðina

Lovering byrjaði í Pixies þegar hann var í háskóla. Black Francis og gítarleikarinn Joey Santiago voru að leita að trommuleikara, en áður höfðu þeir ráðið Kim Deal í bandið. „Ég var hættur að spila á trommur þegar eiginmaður Kim Deal hafði samband við mig og sagði að hún hefði hitt tvo náunga sem voru að leita að trommara. Ég ákvað að slá til því mig hafði alltaf langað til að vera í hljómsveit. Ég hitti þá og þeir spiluðu nokkur lög og ég hugsaði með mér: „Þetta er málið“,“ segir Lovering. „Ég gekk til liðs við bandið og við byrjuðum að spila í

Boston. Mér fannst lögin virkilega góð og ég var mjög áhugasamur. Við fórum að spila á hverjum tónleikum á fætur öðrum og á endanum gerðum við plötusamning við 4AD,“ bætir hann við. „Þarna á nýnda áratugnum voru foreldrar mínir ekki ánægðir með að ég væri kominn í hljómsveit. Ég var að læra rafmagnsverkfræði og þau vildu frekar að ég einbeitti mér að henni. Ég kláraði reyndar námið og mamma er ánægð núna.“

Surfer Rosa í uppáhaldi

Spurður út í gerð fyrstu breiðskífunnar Surfer Rosa, uppáhalds Pixies-plötu Lovering, segir hann að 4AD hafi stungið upp á því að Steve Albini yrði upptökustjóri. „Við höfðum verið að spila lögin á klúbbum í Boston, þannig að það var mjög auðvelt að fara inn í hljóðverið og spila þau. Það var ekki verið að spá af mikið í hlutina. Albini notaði herbergishljóðnema og við notuðum málmgítarneglur. Þetta var hljómurinn sem kom út úr því og varð að Surfer Rosa.“

Hélt töfrásýningu í Reykjavík

Hvað ætli hafi tekið við hjá Lovering þegar Pixies hætti 1993? „Ég hélt áfram að spila á trommur í einhver ár en hætti svo að spila. Ég missti áhugann á að spila með hljómsveitunum sem ég var í vegna þess að ég elskaði að spila með Pixies og það var bara ekki hægt að líkja þessu saman. Á þeim tímapunkti fékk ég áhuga á töfrum og ákvað að gerast atvinnutöframaður. Ég starfaði við það í mörg ár og geri það meira að segja enn.“

Eftir að Pixies sneri aftur byrjaði hann aftur að spila en hélt samt áfram að töfra. „Ég man að þegar ég var í Reykjavík 2004 endaði ég á bar eitt kvöldið og hélt stóra töfrásýningu. Það var gaman og ég held að allir hafi skemmt sér vel. Næst mun ég örugglega halda nákvæmlega eins sýningu.“

Pixies er eitt áhrifamesta rokkband sögunnar. Heyra má áhrifin víða, eins og hjá Nirvana og The Strokes. Hvernig ætli Lovering geti útskýrt þær vinsældir og þá virðingu sem Pixies hefur öðlast? „Lögin eru góð, svo einfalt er það. Þetta eru þrín náungar og stelpa. Við höldum tónleika, tölum ekki neitt heldur spilum bara lögin. Við erum heiðvirt og alvöru rokkband.“



PIXIES Hljómsveitin Pixies.
Frá vinstri: Francis, Santiago,
Lenchantin og Lovering.
NORDICPHOTOS/GETTY

Stiklað á stóru á ferli Pixies

- 1986** Joey Santiago og Black Francis stofna hljómsveit sem síðar fær nafnið Pixies.
- 1987** Átta laga stuttskífan Come on Pilgrim kemur út á vegum útgáfunnar 4AD.
- 1988** Fyrsta breiðskífan, Surfer Rosa, kemur út en kemst hvergi inn á vinsældarlista. Melody Maker velur hana plötu ársins.
- 1989** Önnur breiðskífan, Doolittle, kemur út. Hún nær óvænt áttunda sæti á breska listanum.
- 1990** Þriðja breiðskífan, Bossanova, kemur út og nær þriðja sæti á breska listanum en aðeins 70. á þeim bandaríska.
- 1991** Fjórdða breiðskífan, Trompe le Monde, kemur út og nær 7. sæti á breska listanum.
- 1992** Pixies hitar upp fyrir U2 á tónleikaferðinni Zoo TV.
- 1993** Black Francis tilkynnir í útvarpsviðtali að Pixies sé hætt störfum, án þess að hafa talað fyrst við hina í sveitinni.
- 1993** Black Francis breytir sviðsnafninu sínu í Frank Black og gefur út fyrstu

- sólóplötuna sína.
- 1993** Hljómsveit Kim Deal, The Breeders, slær í gegn með laginu Cannonball.
- 2004** Pixies tilkynnir óvænt um endurkomu sína og leggur af stað í tónleikaferð um heiminn.
- 2004** Sveitin gefur út nýtt lag eftir Kim Deal, Bam Thwok, sem nær efsta sæti niðurbalslista iTunes í Bretlandi.
- 2007** Black Francis segir að Pixies muni ekki gefa út nýja plötu vegna þess að Deal hafi ekki áhuga á því.
- 2013** Kim Deal hættir í hljómsveitinni. Fyrsta lagið í níu ár, Bagboy, kemur út án aðkomu Deal.
- 2014** Fyrsta Pixies-platan í þrettán ár og sú fyrsta án Deal, Indie Cindy, kemur út.



Segist ekki vera góður trommari

Spurður um trommustíl sinn segir Lovering hann vera ósköp venjulegan og alls ekkert sérstakan. „Ég er ekki góður trommari, ég henta bara hljómsveitinni vel, það er allt og sumt,“ segir trommari þessarar frægu sveitar og virðist meina hvert einasta orð.

Hann bætir við að hann hafi breytt spilamennsku sinni eftir að Indie Cindy kom út. „Ég held öðruvísi á trommukjuðunum og nota hefðbundna gripid, eins og gömlu djasstónlistarmennirnir gerðu. Þannig lærði ég að spila á trommur þegar ég var lítil. En þegar ég byrjaði í Pixies breytti ég gripinu því við vorum að spila mikið af pönklögum og ég gat ekki spilað þau með djassgripinu,“ segir hann. „Ástæðan fyrir því að ég nefni þetta er að síðan í september í fyrra höfum við verið að spila mikið af lögum af Indie Cindy og ég hef notað þessa nýju tækni. Mér hefur aldrei verið hrósað á ævinni en núna er mér stanslaust hrósað. Eina ástæðan fyrir því er hvernig ég lít út á trommunum, ekki vegna þess að ég er að spila betur. Fólk hugsar með sér: „Vá, þessi gaur lítur út fyrir að kunna að spila á trommur, sjáðu hvernig hann heldur á kjuðunum,“ segir Lovering og hlær. „Ég þigg samt alveg hrósið, ekkert mál.“



VELDU HOLLARA

Fyrsta kjúklingavaran á Íslandi sem
uppfyllir kröfur Skráargatsins



Rose Poultry úrbeinuðu kjúklingalærin eru 100% kjöt.

Þau eru ósprautuð og hollari valkostur sem uppfyllir kröfur Skráargatsins.

Danska fyrirtækið Rose Poultry á rætur að rekja aftur til ársins 1952.

Kjúklingavörurnar frá Rose Poultry eru frábær kostur í eldamennskuna.



Náðu þér í
uppskriftabækling
í næstu verslun

 ROSE

NÝ VERSLUN LAUGAVEGI 77

LÉTTASTA FERÐATASKA Í HEIMI!



40%
vildar-
afsláttur

4 hjól, 46 cm (1,60 kg.)

Verð: 11.399 kr.

Verð áður: 18.999 kr.

4 hjól, 61 cm (1,98 kg.)

Verð: 14.999 kr.

Verð áður: 24.999 kr.

4 hjól, 71 cm (2,20 kg.)

Verð: 16.799 kr.

Verð áður: 27.999 kr.



5% afsláttur af ÖLLUM
VÖRUM einnig tilboðum



VILDARKLÚBBUR
EYMUÐSSON

Álfabakka 14b, Mjódd
Akranesi - Dalbraut 1
Penninn - Hallarmúla 4

Austurstr.
Skólavörð
Laugaveg

Herlitz Stílabók My.Book



40%
vildar-
afsláttur

NÝJUNG!

Verð frá: 359 kr.
Verð áður frá: 599 kr.

20%
afsláttur
af ÖLLUM vörum
5% viðbótarafsláttur fyrir
vildarklúbbsmeðlimi



Kjörís mætir og
gefur gestum ís í
góða veðrinu!



MYNDASPIL

-Lína langsokkur
-Emil í Kattholti

Verð: 2.099 kr.
Verð áður: 3.499 kr.



40%
vildar-
afsláttur

GLÆSILEG OPNUNARTILBOÐ!

PENNINN

Eymundsson

GLÆSILEG OPNUNAR

æti 18
ustíg 11
i 77

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Kringlunni



Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

minn Eymundson Laugarvegi 77. Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl. Gildistími tilboða er 7. júní, til og með 8. júní eða á meðan birgðir endast.

Býður upp á friðsæld og fjör

Íslendingum er tamara að hugsa til landsbyggðarinnar í sumarfríinu en borgarinnar og nágrennis hennar. Þó felur höfuðborgarsvæðið í sér fjölmargt áhugavert bæði fyrir heimafólk og gesti á öllum aldri, svo sem afbragðs gönguleiðir, siglingar, útreiðartúra, sundstaði með ævintýralegum rennibrautum, söfn af ýmsu tagi, götumarkaði og gallerí.



1 SKYLDI HANN VERÐA SJÓMAÐUR?
Á leikvöllinum við gamla Danfælslippinn.

HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐIÐ
Útivist og afþreying

Ekki þarf að fara langt því ævintýrin bíða allt í kringum okkur

1. Allt svo grand

Hafnarsvæðið í Reykjavík er suðupottur með sælkeraveitingastaði eins og Hamborgarabúlluna, Höfnina, Víkina, Kol og salt, Café Retrö, Kaffi Haftí og hinn klassíska Kaffivagn. Þar eru Sögusafnið og Sjóminjasafnið og í gömlu verbúðunum eru vinnustofur listamanna og hönnuða, Valdís og Búrið ostabúð. Gamlar gersemar fást svo í Húsi fiðrildanna á Hólmaslóð. Þar sem Danfælslippurinn var er búíð að útbúa skemmtilegan leikvöll í anda sjómennskunnar.

2. Um sundin blá

Elding og Sérferðir – Special Tours – halda úti ævintýraferðum á sjó frá Reykjavíkurhöfn. Í boði eru hvalaskoðun þar sem skimað er eftir hrefnum, hnúfubökum og höfrungum, lundaskoðun í Akurey með leiðsögumanni, sjóstanga-veiði, kvöldverðarsiglingar og aðrar skemmtireisur.

3. Útivistarperla

Heiðmörkin er bakgarður

Reykjavíkur, Kópavogs og Garðabæjar. Einn af heilandi göngustígum hennar liggur í hring um Vífilsstaðahlíð, Svínna- og Urriðakotshraun og við hann eru hellar og forn fjárbyrgi. Aðkoma að hringnum er um Flóttamannaveg úr Hafnarfirði, um Vífilsstaðaveg úr Garðabæ og um Elliðavatnsveg úr Kópavogi og Reykjavík.

4. Upp í mót

Esjan er höfuðþrýði svæðisins enda afar vinsæl til uppgöngu. Enn auðveldara er að sigra lægri fell eins og Vífilsfell ofan Sandskeiðs, sem heitir eftir þræli Ingólfs, og Helgafell í Hafnarfirði en við rætur þess er hin rómantíska vin, Valaból. Lyklafell, skammt frá Litlu kaffistofunni, er gamall áningarstaður. Þar eru klettur sem krakkar geta klifrað í.

5. Gott útsýni

Í Smalaholti á Rjúpnahæð, á bæjararmörkum Kópavogs og Garðabæjar, hefur nýlega verið sett upp



hringsjá. Jakob Háldánarson útbjó skífuna með aðstoð annarra örnefnafróðra manna. Auðvelt er að komast að hringsjónum úr Austurkirkju í Kópavogi og þaðan er víðsýnt til allra átta.

6. Fuglaskoðun

Fjórlegt fuglalíf er á Kasthúsatjörnn við enda Norðurnesvegar á Álftanesi og samkvæmt fræðsluskilti á bakkanum sjást þar oft sjaldgæfar tegundir. Þaðan liggur göngustígur til norðurs meðfram ströndinni að litlum varðturni frá hernámsárunum. Á miðri leið er bekkur sem býður upp á nestisstopp. Svo er upplagt að skella sér í Álftaneslauginna.

7. Hott hett á hesti

Víkingahraðferð heitir ein hestaferðin af mörgum hjá Íshestum í Hafnarfirði. Hún tekur um þrjá tíma og er sögð tilvalin fyrir fólk sem hefur reynt af útreiðum og vill spretta dálítið úr spori. Lagt er upp klukkan 13 daglega og leiðsögumaður er með í för.

FJÖLSKYLDAN



8. Að Hraðastöðum í Mosfellsdal er húsdýragarður sem gaman er að heimsækja. Yrðlingurinn Móey og hvolpurinn Snotra eru bestu vinir sem veltast um og slást en leggja svo kinn við kinn þegar þeir leppa mjólk úr sama flátinu.

Linda og Sara Bjarnadóttur reka garðinn sem er við Helgadalshöfn og er opinn frá 11 til 17 alla daga.



9. Úr sveitinni

Verslunin Frú Lauga við Laugalæk í Reykjavík er sveitamarkaður í borg. Mest ber á fersku grænmeti og kryddjurtum en frosið kjöt, egg úr frjálsum landnámsshænum sem njóta útivistar, flatkökur frá hinu húnvetnska Sveitabakaríi og fleira góðmeti fæst þar líka.



10. Frú forseti

Sýningin Ertu tilbúin frú forseti, með fatnaði Vigdísar Finnbogadóttur frá forsetatíð hennar, er í Hönnunarsafni Íslands á Garðatorgi í Garðabæ í allt sumar og fram til 5. október. Fleira forvitnilegt er til sýnis á safninu sem er opið frá 12-17 alla daga nema mánudaga.



Neytum og njótum

11. Bragðlaukarnir kitlaðir

Ekki er nauðsynlegt að ferðast til fjarlæggra heimsálfa til að upplifa framandi matarmenningu. Veitingastaðurinn Bangkok á Skemmuvegi 11 í Kópavogi hefur á borðum hina ýmsu rétti sem ilma og bragðast nákvæmlega eins og þeir væru búnir til í Taílandi – og eru tælandi.

12. Eitthvað fyrir alla

Útipallurinn á Kexi hosteli við Skúlagötu er sólarvegi og í góðu skjóli fyrir norðanáttinni. Kex býður upp á léttar veitingar og bruggar meðal annars sinn eigin bjór. Gott aðgengi er fyrir barnavagna á pallinn og stundum er lifandi tónlist á staðnum.



13. Sumar sumar

Café Flóra í Grasagarðinum í Reykjavík er eitt allra sumarlegasta veitingahúsið í þessum heimshluta þegar sólin skín. Þá er setið um allar stéttir innan um blómstrandi gróðurinn, með heitt súkkulaði, kaffi eða bjór og viðeigandi meðlæti.

Eina sérvslun landsins
með grill og garðhúsgögn

Grillbúðin



www.grillbudin.is



Laugardag
kl. 13-15 grillar
Úlfar Finnbjörnsson
fyrir viðskiptavini



Grill, appelsín,
tilboð og fjör
í dag



Þekktustu
merkin á
einum stað



VELDU
GRILL
SEM ENDIST
OG ÞÚ
SPARAR



Komdu og fáðu ráðleggingar

Grillbúðin

Smiðjuvegi 2, Kópavogi | S. 554 0400 | Við hliðina á BÓNUS | grillbudin.is

ALLS KONAR UMMÆLI, MÁLEFNI OG ATBURÐIR

Alls konar kosningaloforð



! Alls konar fyrir **auMINGJA**



! Fella niður allar **skuldir**


Jón virðist vera afleitt efni í góðan stjórnámamann

Jón Trausti Reynisson, ritstjóri DV.


Petta framboð er skrum, svipað og hjá Berlusconi

Hallgrímur Helgason rithöfundur.


Versta framboð sem litið hefur dagsins ljós.

Ólafur F. Magnússon, fyrrverandi framboðandi Frjálslynda flokksins.



Ég efast um að ég geti átt samvinnu við Sjálfstæðisflokkinn. Mér finnst ég sýna auðmýkt en fá lítið á móti nema töffaragang, hroka og fálæti. Ég brosi en fæ lítið til baka.

Jón Gnarr



Jón Gnarr vill gera Múmíndal að **vinabæ** Reykjavíkur


Besti flokkurinn bætti stjórnámamannninguna

Gísli Marteinn Baldursson, fyrrv. borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.


Dýrt spaug að laga til eftir Jón og félag

Porbjörg Helga Vigfúsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.



Jón Gnarr segir í þættinum Tvíhöfða að hann langi í þægilega innvinnu með aðstoðarmanni og bílstjóra og hyggt stofna flokk og fara í framboð.

Jón vill verða borgarstjóri í Reykjavík. „**Segi af mér** ef djöbbið verður leiðinlegt.“

„Við höfum ákveðið að draga framboð Besta flokksins til baka... **DJÓK**“ Jón Gnarr

Besti flokkurinn blæs til kvennagöngu til heiðurs íslenskum konum. Gangan fékk nafnið **Meðgangan** og í kjölfarið er kynbættur framboðslisti kynntur.

Jón Gnarr segir meirihlutamyndun velta á því hverjir hafa séð sjónvarpsþættina **The Wire**.

Besti flokkurinn fær mesta fylgð í borgarstjórnarkosningunum og **sex fulltrúa**. Myndar meirihluta með Samfylkingu.

Besti flokkurinn tekur þátt í sínum **fyrsta borgarstjórnarfund** og tekur við stjórnartaumunum.

Fyrsti **Góðan daginn** dagurinn haldinn

Jón vekur **heimsathygli** vegna viðtals við erlenda pressu: „Ég horfi mestmegnis á klám á netinu.“

Jón Gnarr móðgar **kínverska sendinefnd**. Afhendir þeim bréf um að hann vilji að þeir láti Li Xiaobo lausan.

Jón Gnarr vill fá úttekt á fjárhagsstöðu **Orkuveitu Reykjavíkur**.

Laugavegur breytist í **göngugötu** hluta af sumri og hjólastígum fjölgað.

Tyrfingur Tyrfingsson leikskáld segir Besta flokkinn vera **póstmodernískt listaverk**.

Minnkandi ánægja með störf borgarstjóra. 22,4% ánægð með störf hans miðað við 61,7% í ágúst 2010. **MMR**

Rúm 20% segja það koma til greina að kjósa Besta flokkinn í næstu alþingiskosningum. **MMR**

Landsframboðið fær nafn, **Björt framtíð!**

Rafrænar íbúakosningar kynntar um betri hverfi. Betrireykjavík.is kynnt í kjölfarið.

Afkoma OR sú besta í sögu fyrirtækisins.

Jón Gnarr mætir sem **Obi-Wan Kenobi** á RIFF.

Jón Gnarr vill að **herskipum verði bannað** að leggjast að bryggju í Reykjavík og herflugvélum bannað að lenda á Reykjavíkflugvelli.

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara færast í Gerðuberg í Breiðholti í þrjár vikur.

Breytingar á **Hofsvallagötu** vekja upp misjafnar skoðanir um hjólréiðavæna borg.

Jón Gnarr og Sigurjón Kjartansson koma aftur saman í **Tvíhöfðaþætti**. Þar tilkynnir Jón að hann muni hætta í stjórnámamum að loknum kosningum og að Besti flokkurinn verði lagður niður.

Nýtt aðalskipulag Reykjavíkurborgar samþykkt. „Við erum að tala um að fá kaupmanninn á horninu og féлага hans inn í hverfin. Ég vona að skósmiðurinn komi líka.“ Jón Gnarr

2. júní 2014 **síðasti borgarstjórnarfundur** Jóns Gnarr og Besta flokksins.

4. júní 2014. Stofnuð Facebook-síða til að skora á Jón að bjóða sig fram til **forseta 2016**.

2010

2011

2012

2013

2014

ALLS KONAR UM BESTA FLOKKINN

Árið 2009 sagði Jón Gnarr í útvarpsþættinum Tvíhöfða að hann langaði í þægilega innvinnu, með einkabílstjóra og aðstoðarmann. Hálfu ári síðar var hann orðinn borgarstjóri Reykjavíkur.

Besti flokkurinn var grínframboð með ótrúlegum kosningaloforðum og var eitt þeirra að öllum loforðin yrðu svikin. Fulltrúar annarra flokka stóðu á gati og þegar kannanir sýndu góðan árangur flokksins sögðu þeir að þetta væri löngu hætt að vera fyndið. En grínið hélt áfram næstu fjögur árin með sex fulltrúa Besta flokksins í borgarstjórn og Jón Gnarr sem borgarstjóra. Það var síðan í Tvíhöfðaþætti í október árið 2013 sem Jón Gnarr tilkynnti að hann ætlaði ekki að bjóða sig fram aftur og eftir rúma viku mun nýr borgarstjóri taka við Jóni Gnarr. Þar með mun fjögurra ára grafalvarlegu gríni Besta flokksins vera lokið.

ALLS KONAR UMSAGNIR

„Ég er full þakklætis fyrir að þetta hafi átt sér stað og ég hafi fengið að taka þátt í því. Við sjáum ekki enn í dag hvaða áhrif flokkurinn mun hafa til framtíðar, á hvað verður leyfilegt og hvað er í lagi í stjórnámamum. Fyrir tíma Besta var of lítið pláss fyrir mannlega nálgun í pólitíkinni.“

Heiða Kristín Helgadóttir, kosningastjóri Besta flokksins og framkvæmdastjóri Bjartrar framtíðar.



„Þau komu inn í borgarstjórn fallega kokhraust um að það væri nóg að vera þarna bara af öllu hjarta og þá yrði þetta ekkert mál. Svo komust þau að því að fólk í hefðbundnu flokkunum var líka þarna af öllu hjarta. Það varð auðveldara að vinna með þeim eftir það og gleði þeirra var vissulega smitandi.“

Hildur Sverrisdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.



„Þetta var svona gjörningur. Hann var svolítið langur, stundum svolítið

alvarlegur, stundum rosaalega skemmtilegur og fyndinn. Á einhverjum tímum var hann sorglegur. Hann var svona eins og mjög góð bók eða bíómynd, með byrjun, miðju og endi.“

S. Björn Blöndal, aðstoðarmaður Jóns Gnarr.



„Það er dálítið meira en að segja það að fara í meirihlutasamstarf með

sex óreyndum borgarfulltrúum. En ég hef sjaldan unnið með fólki sem er eins fljótt að læra. Þau hafa yndislega nærveru, góðan húmor og þótt þau væru óreynd þá báru þau mjög mikla virðingu fyrir viðfangsefninu.“

Oddný Sturludóttir, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar.



„Allt var þetta risastór gjöf og risastór lærdómur. Ég kveð þestu árin stolt og þakklát.“

Eva Einarsdóttir, borgarfulltrúi Besta flokksins.



„Þetta var góð hugmynd og gott grín sem gengur upp. Svo varð þetta voða mikil alvara og fólkíð sem var komið í þessa stóla datt úr gríngrinum og þurfti að gera sitt besta. Alvaran tók við með geðveikum skuldum hjá Orkuveitunni og þá var ekki hægt að djóka lengur.“

Dr. Gunní, 11. sæti Besta flokksins.





Náðu þér í

ekta pönnukökur

Nú getur þú fengið þér eða boðið uppá ekta gamaldags pönnur án fyrirhafnar. Þú einfaldlega grípur öskju af nýbökðuðum pönnukökum frá Myllunni í næstu verslun og berð þær fram með þeim hætti sem þú helst kýst. Pönnukökurnar frá Myllunni eru alltaf ferskar og nýbakaðar eftir uppskrift sem byggir á gamalli íslenskrri hefð. Náðu þér í öskju og prófaðu strax í dag.

Spyrðu um nýjar pönnukökur frá Myllunni í næstu matvöruverslun.



Ný vara.
Prófaðu!



Frábærar í lautarferðina, útileguna og sumarbústaðinn
Skoðaðu myllan.is



Viltu pönnukökuna þína upprúllaða með sykri, með sultu og rjóma eða einhvernvegin öðruvísi? Fylgstu með okkur á facebook.com/Myllubraud og segðu okkur hvemig þér finnst best að bera fram og borða pönnukökur.



nettó

Kræsingar & kostakjör

-23%

HUMAR
2 KG ASKJA
VERÐ PER 2 KG ÖSKJU
VERÐ ÁÐUR 8.989,-

6.922,-

HUMAR
SKELBROT 1 KG
KÍLOVERÐ
VERÐ ÁÐUR 3.989,-

2.992,-

-25%

-33%

HUMAR
ÁN SKELJA 1 KÍLÓ
KÍLOVERÐ
VERÐ ÁÐUR 5.968,-

3.999,-

-50%

KALKÚNAHAKK 600 G
TILVALIÐ Í VEFJUNA
PAKKAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 798,-

399,-

KJÚKLINGABRINGUR
ÍSFUGL - MAGNPAKNING
KÍLOVERÐ
VERÐ ÁÐUR 2.398,-

1.894,-

KÖTLU PONNSUR
ÍSLENSKAR/AMERÍSKAR
220G
STYKKJAVEÐ

359,-

X - TRA
HVÍTLAUKSBRAUÐ
2 STK Í PAKKA
VERÐ ÁÐUR 199,-

179,-

KANILSNÚÐUR
NÝBAKAÐ
STYKKJAVEÐ
VERÐ ÁÐUR 198,-

119,-

-40%

Tilboðin gilda 5. - 9. júní 2014

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



LAMBAHRYGGUR
FERSKUR
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.998,-

1.898,-

**VERSLANIR NETTÓ
ERU LOKAÐAR Á
HVÍTASUNNUÐAG**

**OPNUNARTÍMI
ANNAN Í HVÍTASUNNU:**

nettó²⁴

**Grandi
Mjódd**

**Opið
Opið**

nettó

Akureyri	10:00-18:00
Borgarnes	10:00-18:00
Egilsstaðir	10:00-18:00
Grindavík	10:00-18:00
Hverafold	10:00-18:00
Höfn	10:00-18:00
Kópavogur	10:00-18:00
Reykjanesbær	10:00-18:00
Selfoss	10:00-20:00



-45%

GRÍSAINNRÁLÆRI
OFNSTEIK
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 2.498,-

1.374,-



-30%

GRÍSAHNAKKASNEIÐAR
KJÖTSEL - GRILLSNEIÐ
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.998,-

1.399,-



-50%

JARÐARBER
250 GR ASKJA - PORTÚGAL
PAKKAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 458,-

229,-



-40%

KORNBRAUÐ
NÝBAKAÐ 500 G
STYKKJAVEÐ
VERÐ ÁÐUR 449,-

269,-



-40%

SKÓGARBRAUÐ
NÝBAKAÐ 500G
STYKKJAVEÐ
VERÐ ÁÐUR 449,-

269,-

www.netto.is

| Mjódd · Grandi · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

Draugurinn kveðinn niður?

Pó svo að Brasilía hafi orðið heimsmeistari í knattspyrnu oft en allar aðrar þjóðir á þjóðin sárar minningar frá síðustu heimsmeistarakeppni sem haldin var þar í landi. Nú fyrst fær landslið Brasilíu tækifæri til að kveða niður draug HM 1950.



Ingvi Þór Sæmundsson
sport@frettabladid.is



Sunnudagurinn 16. júlí árið 1950. Það sem átti ekki að geta gerst gerðist. Úrúgvæ er heimsmeistari, ekki Brasilía. Meðan nýkrýndu heimsmeistararnir fagna tínast áhorfendur af Maracanã-vellinum í Ríó de Janeiro, steinrunnir, eins og þeir hafi séð draug. Í sumar á brasilíska landsliðið loks möguleika á að kveða niður þennan draug sem hefur ásótt Brasilíu í 64 ár.

Framan af gekk allt svo vel. Brasilía byrjaði HM 1950 á því að vinna Mexíkó 4-0, gerði svo 2-2 jafntefli gegn Sviss og tryggði sér svo þátttökurétt í úrslitariðlinum með 2-0 sigri á Júgóslavíu. Þegar þangað var komið settu Brasilíumenn í annan gir. Liðið valtaði yfir Svíþjóð 7-1 og Spán 6-1. Framherjatríóið fráþæra, Zizinho, Jair og Ademir, var óstöðvandi, líkt og það hafði verið ári fyrr þegar Brasilía vann Suður-Ameríkukeppnina, þar sem liðið skoraði 46 mörk í átta leikjum á leið sinni að titlinum.

Brasilíu dugði jafntefli gegn Úrúgvæ í lokaleik úrslitariðilsins til að verða heimsmeistari í fyrsta sinn. Það gerðu allir ráð fyrir sigri Brasilíu og leikurinn við Úrúgvæ átti að vera lítið annað en formsatriði. Á forsíðu morgunútgáfu dagblaðsins O Mundo mátti finna mynd af brasilíska liðinu undir fyrirsögninni „Þetta eru heimsmeistararnir“. Eftir að hafa rekið augun í blaðið að morgni leikdags keypti fyrirliði Úrúgvæja, Obdulio Varela, eins mörg eintök af því og hann gat, breiddi úr þeim á baðherbergisgölf og fyrirskipaði svo samherjum sínum að míga á blöðin.

Borgarstjórinn í Ríó de Janeiro, Angelo Mendes de Moraes, sat heldur ekki á sér í ræðu fyrir leikinn. „Þið eigðið ykkur enga jafnoka á jörðinni,“ sagði Moraes við mannfjöldann sem var saman kominn á Maracanã. „Ekkert lið kemst með tærnar þar sem þið hafðið hælana. Ég hylli ykkur þegar sem heimsmeistara.“

Og þegar 24 mínútur voru til leiksloka benti fátt til annars en að sú yrði raunin. Heimamenn leiddu 1-0 með marki Friaça og allt var á áætlun. En þá fór lestin út af sporinu.

Maracanazo

Juan Alberto Schiaffino jafnaði leikinn á 66. mínútu eftir sendingu frá kantmanninum Alcides Ghiggia. Það sló þögn á Maracanã. Samkvæmt opinberum tölum voru 173.850 áhorfendur á vellinum þennan dag, en þeir voru að öllum líkindum rúmlega 200.000.

Ghiggia, eini eftirlifandi leikmaðurinn frá leiknum 1950, var svo aftur á ferðinni 13 mínútum seinna. Hann skiptist á sendingum við Julio Pérez á hægri kantinum og lék áfram. Markvörðurinn Moacir Barbosa bjóst við fyrirgjöf og skildi eftir svæði á nærstönginni sem Ghiggia nýtti sér og skoraði sigurmarkið. Úrúgvæ hafði tekið hið ómögulega, að tryggja sér heimsmeistaratitilinn á kostnað heimamanna.

Tapið hafði djúpstæð áhrif á brasilíska þjóðarsálina og margir líta á það sem stærsta áfall, ekki bara í sögu knattspyrnlandsliðs-



SLÓ ÞÖGN Á MARACANÃ Juan Schiaffino skorar hér fyrra mark Úrúgvæ gegn Brasilíu í leiknum fræga á Maracana-leikvanginum árið 1950.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

ins, heldur einnig í sögu Brasilíu. Ósigurinn gegn Úrúgvæ 1950 var meiriháttar skellur fyrir land sem var á uppleið. Efnahagurinn var betri, lýðræðisumbótum hafði verið komið á og Brasilía var smám saman að nútímavæðast. Og eins og fram kemur í bók Jons Spurling,

Death or Glory: The Dark History of the World Cup, var Maracanã eins konar tákn fyrir hina nýju Brasilíu.

Tapinu fyrir Úrúgvæ hefur, heldur ósmekklega, verið líkt við morðið á John F. Kennedy, árásina á Hiroshima og einn viðmælandi

Spurlings í Death or Glory, Carlos að nafni, líkir tapinu við Titanic-slysið: „Það eru margir samnefnarar með þessu tvennu,“ segir Carlos. „Eftirvæntingin í loftinu, ofmatið, og tilfinningin fyrir því að vera ósigrandi. Svo dundi hið óvænta áfall yfir og því fylgdu ásakanir,

leit að sökudólgum, deilur og ótal bækur og kvikmyndir þar sem atburðurinn var skoðaður frá ólíkum hliðum. Maracanazo [eins og tapið gegn Úrúgvæ er jafnan kallað] var okkar Titanic.“

Markvörðurinn grætti heila þjóð

Eftir leikinn beindust spjótin aðallega að varnarmönnum Bigode og Juvenal og markverðinum Barbosa – einu blökkumönnum í liði Brasilíu – en sá síðastnefndi var öðrum fremur gerður að blóraböggli fyrir tapinu. Hann átti sér aldrei viðreisnar von eftir leikinn. Hvert sem Barbosa fór var hann með einum eða öðrum hætti minntur á mistök-in sem kostuðu Brasilíu heimsmeistaratitilinn.

Eitt atvik, sem átti sér stað 20 árum eftir Maracanazo, sat lengur í markverðinum en önnur. Barbosa var þá staddur í verslun þegar hann heyrði konu segja við ungan son sinn: „Sjáðu! Þarna er maðurinn sem fékk alla Brasilíu til að bresta í grát.“ Það var einnig lítið á Barbosa sem eins konar óheillakráku, en árið 1993 var honum meinaður aðgangur að æfingu brasilíska landsliðsins því hann þótti boða ógæfu.

Barbosa lést í fátækt (eins og svo margir þeirra sem tóku þátt í umræddum leik) árið 2000, saddur lífdaga. „Í Brasilíu er hámarksrefsingun 30 ár,“ sagði Barbosa í síðasta sinn sem hann talaði á opinberum vettvangi. „En síðustu fimmtíu ár hef ég tekið út refsingu fyrir glæp sem ég framdi ekki.“

Í hlutverki draugabana

Pelé var níu ára þegar leikurinn örlagaríki gegn Úrúgvæ fór fram. Eftir leikinn sá Pelé föður sinn fella tár í fyrsta sinn og lofaði að einn daginn myndi hann vinna HM fyrir hann. Framherjinn stóð við loforðið og gott betur.

En þrátt fyrir að Brasilía hafi unnið þrjá heimsmeistaratitla með Pelé innanborðs og tvo til viðbótar hefur það ekki dugað til að græða sárin frá 1950 að fullu. Nú er hins vegar möguleiki. Eins og rithöfundurinn Alex Bellos hefur bent á er aðeins ein leið í boði fyrir Brasilíu til að kveða drauginn frá 1950 niður: að vinna úrslitaleik HM þann 13. júlí 2014, á Maracanã, þar sem stórslysið átti sér stað fyrir 64 árum.

■ 1930: Keppir á HM í fyrsta sinn. Pinguinho skorar fyrsta HM-mark Brasilíu sem tapaði þó fyrir Júgóslavíu.

■ 1934: Fellur úr leik í fyrstu umferð.

■ 1938: Brasilía endar í þriðja sæti og Leonidas er markakóngur keppinnar.

► 1950: HM fer fram í Brasilíu. Úrslitin ráðast í tveimur riðlakeppnum en tvö efstu liðin í úrslitariðlinum mætast í lokaleik keppinnar. Úrúgvæ vinnur heimamenn, 2-1.

■ 1954: Fellur úr leik í 8-liða úrslitum eftir frægan slagsmála-leik gegn Ungverjalandi.

■ 1958: Fyrsti HM-titillinn vinnst í Svíþjóð þar sem hinn 17 ára Pelé er í stóru hlutverki.



▲ 1962: Pelé er meiddur en í fjarveru hans fer Garrincha fyrir Brasilíu sem verður fyrst landa til að verja titilinn.

■ 1966: Fellur úr leik í riðlakeppninni.

► 1970: Eitt besta lið sögunnar, með Pelé, Tostao, Jairzinho, Carlos Alberto og Rivelino. Brasilía vinnur þriðja titilinn og Jules Rimet-bikarinn til eignar.

Brasilía: Ástríða fyrir fótbolta

Pelé: Af mörgum talinn besti leikmaður allra tíma – sá eini sem vann HM þrisvar.



Markahæstir	HM-goðsagnir	Flestir leikir	
Ronaldo	15	Cafu	20
Pelé	12	Ronaldo	19
Vava, Jairzinho	9	Dunga, Taffarel	18
Ademir, Leonidas, Rivaldo	8	Lucio, Roberto Carlos	17
Careca	7	Gilberto Silva, Jairzinho	16

■ 1974: Fjórða sæti eftir að hafa tapað fyrir Hollandi í undanúrslitum.

■ 1978: Rétt missir af úrslitaleiknum vegna markatölu. Endar í þriðja sæti en Argentína verður meistari.

■ 1982: Ítalía hefnir fyrir tapið 1970 í úrslitaleik þar sem liðsskipulag hefur betur gegn brasilískum sambabolta.

■ 1986: Socrates brennir af í vítaspynnukeppni og Brasilía tapar fyrir Frakklandi í 8-liða úrslitum.

Neymar: Ný stjarna sem fær tækifæri til að láta ljós sitt skína á heimavelli.



Myndir: AP, Getty Images
Heimild: FIFA

© GRAPHIC NEWS

■ 1990: Brasilía er með slakt lið og tapar fyrir Argentínu í 16-liða úrslitum.

■ 1994: Kemst í úrslitaleikinn í fyrsta sinn í 24 ár og er fyrsta liðið til að vinna titilinn eftir vítaspynnukeppni.

■ 1998: Sigurstranglegir en tapa fyrir Frökkum í úrslitaleiknum þar sem veikindi Ronaldos reynast örlagavaldur.



▲ 2002: Ronaldo, Rivaldo og Ronaldinho fara fyrir töfrandi liði Brasilíu sem vinnur titilinn í fimmta sinn. Ronaldo vinnur gullskoín og skorar bæði mörkin í 2-0 sigri á Þýskalandi í úrslitum.

■ 2006: Fellur úr leik í 8-liða úrslitum.

■ 2010: Fellur aftur úr leik í 8-liða úrslitum.

◀ 2014: Þrátt fyrir erfiðan undirbúning mótsins á heimavelli freistar Brasilía þess að vinna sjötta titilinn á heimavelli.

MIDNIGHT SUN MUSIC FESTIVAL × 20-22 JÚNÍ 2014

SECRET × SOLSTICE

LAUGARDALUR-REYKJAVÍK × SECRETSOLSTICE.IS

**MASSIVE
ATTACK**




WOODKID



Schoolboy Q

DISCLOSURE DJ



JAMIE JONES



HVAR VERÐUR ÞÚ Á LENGSTA DEGI SUMARSINS?

MIÐASALA Á WWW.SECRETSOLSTICE.IS OG Í LUCKY RECORDS



Skapa sér nafn í nútímamyndlist

Æ fleiri íslenskum myndlistarmönnum hefur tekist að marka sér sérstöðu og skapa sér nafn í útlöndum og eins hér heima. Það þarf ekki endilega að þýða heimsfrægð en margir hverjir hafa kynnst söfnurum og galleríum úti í heimi sem hafa áhuga á að kaupa verkin þeirra og sýna þau. Myndlistin er gott dæmi um það hvernig svo lítið samfélag eins og Ísland græðir á alþjóðlegum samskiptum, því það er ljóst að fjöldi íslenskra myndlistarmanna aflar sér tekna úti í heimi. Fréttablaðið mun á næstu vikum fjalla um einhverja þessara listamanna, sem lítið er fjallað um á Íslandi, og starf þeirra.



RED LAVA LANDSCAPE 2010

Hér er mynd frá einkasýningu Rögnu í Hamish Morrison Galerie í Berlín 2010.

„RED LAVA LANDSCAPE“ 2010
Stóra glerverkið upp við vegginn.
2 metrar x 6 metrar.
Efnið er rauðamöl á milli glerja.

„MINDSCAPE“ 2010
Verkið á gólfinu.

Efnið er salt í glerskálum sem falla hvor ofan á aðra.

LAVA LANDSCAPE 2014

Þessi mynd er af sýningu í Berlín sem var opnuð 13. mars og verður opin út júlí.

„LAVA LANDSCAPE“ 2014
Stóra verkið fremst á myndinni.
335 x 260 cm.
Unnið úr Hekluvikri beint á vegg.

„INNER LANDSCAPE“ 2014
Steinverkið.

50 x 50 x 50 cm.
Efnið er sagað hraungrýti.
Textaverkið á veggnum er eftir Lawrence Weiner.



THE BRICK IS THE KEY 2013

Verkið var pantað af dönsku arkitektúrmiðstöðinni í Kaupmannahöfn og The Streaming Museum New York. Verkið er vídeóvörpun á framhlið miðstöðvarinnar á Strandgade sem er einnig gamalt múrsteinshlaðið pakkhús. Eitt elsta og smæsta element byggingarlistarinnar, sem einnig er eitt það mikilvægasta í Danmörku, er múrsteinninn. Með því að búa til þrívíddarmodel af veggnum með nákvæmri staðsetningu hvers steins, gat teymið búið til forrit sem lætur sérhvern stein losa sig úr veggnum, fljúga um og jafnvel breyta um form.

Hugsunin var að staðsetja okkur á milli tveggja punkta: Annars vegar í fortíðinni þar sem engin hús voru til og hins vegar í framtíðinni þar sem arkitektúr er ekki til, því tækni og aðstæður munu skapa þeim veruleika sinn tilveruramma. Byggingarlistin er eins og vera sem hefur þróast út úr náttúrunni í samvigi við manninn, einu sinni var hún ekki til, en í sambandi við mannlegt afl tók hún að myndast. Eins og maðurinn hefur áhrif á byggingarnar, hefur náttúran með sínum möguleikum og skorðum áhrif á möguleikana og byggingarnar hafa líka áhrif á manneskjur.

KASKADE 2014

Kaskade er hluti arkitektúrs *Nútímalistasafnsins í Ahlen, Westfalen*.

Það er hluti af átaki Ruhr-héraðsins sem nefnt er Lichtweg–Hellweg og samanstendur af um 50 verkum sem byggð hafa verið á síðustu árum. Innsetningin er byggð á vídeóvörpun ofan á þak safnsins. Vídeóvarpi situr í loftslagsstilltum kassa sem staðsettur er á 11 metra háu mastri hinum megin við götuna. Eftir sólsetur fer verkið af stað og þakið breytist í eins konar rafrænan foss með stöllum. Línur renna niður eftir þakinu, stundum óreglulegar eins og vatn. Til að brjóta upp minimalískt form verksins birtist alltaf klukkan 9 á sunnudagskvöldi lítil stúlka sem virðist koma út um dyr á þakinu með stóran gulan hjálm á höfðinu og hamar og labbar um þakið til að laga það. Þetta er hún Susanne litla. Verkið er varanleg innsetning til næstu 15 ára að minnsta kosti.



Temur náttúruöflin

Ragna Róbertsdóttir býr og starfar bæði í Reykjavík og Berlín. Verk hennar hafa verið sýnd víða, meðal annars í Evrópu, Bandaríkjunum, Kína og Ástralíu.

Verk Rögnu eru gerð úr hrauni, glerbrotum, brotnum skeljum eða neonlituðum plastflögum og fest beint á vegg sýningarsvæðis. Verkin eru jöfnum höndum vangaveltur um landslagið og túlkun hennar á því. Einfaldar innsetningar hennar verða að óhefðbundnum málverkum eða skúlptúrum þar sem viðfangsefni og miðill verða að órjúfanlegri heild.

Flest verka Rögnu eru unnin úr náttúrulegum efnum; íslensku hrauni og vikri, nánar tiltekið leifum jarðhræringa, ásamt leðju, steinum, sandi, gleri og að lokum salti. Ragna dregst að því náttúrulega – sérstaklega eldfjöllum og þeirri orku og krafti sem fylgir þeim. Henni tekst að temja náttúruöflin og koma þeim í viðráðanlega mynd og oftast en ekki tekur efnið á sig ferkantað form sem er í anda bandarískis minimalisma. Í nánast öllum hennar verkum tekur Ragna einingar frá náttúrunni og færir yfir í borgarlandslagið, það má því segja að hún ferji náttúruna yfir í menninguna.

SVIPMYND

RAGNA
RÓBERTSDÓTTIR



MYND/JÓHANNA ÓLAFSDÓTTIR

Hvernig upplifum við heiminn?

Egill hefur búið og starfað í Berlín síðastliðin fimmtán ár, síðan 1999.

Hann hefur unnið með marga miðla í gegnum tíðina, en síðustu fimmtán ár þó aðallega með vídeóvarpanir á hluti og staði. Hann fær það sem hann varpar á til að lifna við og fær okkur til að spyrja ýmissa spurninga um samband okkar við umhverfið, sálar- og tilfinningalíf, hugsanir og um það hvernig við upplifum heiminn. Einnig hefur hann gefið út nokkrar hljómplötur, þar á meðal plötuna *Tonk of the lawn* sem ýmsum er kunnug. Egill hefur haldið 57 einkasýningar frá útskrift úr MHÍ árið 1997, tekið þátt í 127 hópsýningum, framið og haldið 126 gjörninga, viðburði og tónleika, gefið út sjö geisladiska með tónlist ásamt því að efni eftir hann komi fram í ýmsum kvikmyndum og sjónvarpsþáttum. Auk þessa hafa tvær bækur komið út um list hans og þælingar. Nýverið vígði hann tvö útilistaverk í Þýskalandi.

SVIPMYND

EGILL
SÆBJÖRNSSON



MYND/EINAR SNORRI

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



ÚTILEGA UM HELGINA

Fyrsta útileguhelgin er runnin upp og búast má við að margir vilji fara út úr bænum, enda löng frihelgi og frábært veður. Gott er að muna að akstur og áfengi eiga ekki leið saman.

TIGER BALSAM


VIRKAR Á VERKI



- HÁLS OG AXLAVERKIR
- BAKVERKIR
- LIÐVERKIR
- VÖÐVAVERKIR
- HAUSVERKIR

ASÍSKA UNDRASMYRSLIÐ
100 ÁRA SAGA Í 100 LÖNDUM

FJÖLDA APÓTEKA - HAGKAUP - FJARÐARKAUP -
HEILSUVER - HEIMKAUP



GUÐS MAÐUR Hvítasunnudagur er fæðingarhátíð kirkjunnar og verður stór dagur í lífi Helga, sem segist næstum eiga lögheimili í Filadelfíu á sunnudögum og prédikar þá á þremur samkomum. MYNDIR/VILHELM

JEPPARAUFGEYMAR

Er bíllinn tilbúinn fyrir ferðalagið?



Öflugir **TUDOR** High Tech rafgeymar fyrir jeppa.

- 100 Ah, 850 Amper
- 30% meiri ræsikraftur
- Alveg lokaðir og viðhaldsfrír
- Örugg ræsing í miklum kulda
- Sýna hleðslu: Fullhlaðinn, hálfur eða tómur
- Góðir fyrir jeppa með miklum auka rafbúnaði

Mikið úrval • Taust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

Í FÓTSPORUM AFA

HELGIN Á hvítasunnudag hlýtur Helgi Guðnason prestur blessun sem nýr forstöðumaður Hvítasunnukirkjunnar. Helgi er sonarsonur Einars heitins Gíslasonar í Betel og segir margt líkt með þeim tveimur.

Jesús er mín fyrirmynd og drifkraftur. Til að einfalda málið líki ég sambandi okkar stundum við raftæki sem stungið er í samband, eins og blandara sem er drifinn til að blanda. Jesús er brúin sem tengir okkur við Guð og lætur lífið ganga upp; allt kemur heim og saman í gegnum hann.

Þetta segir presturinn Helgi Guðnason sem á morgun hlýtur blessun Hvítasunnukirkjunnar sem nýr forstöðumaður, ásamt Aroni Hinrikssyni, hvítasunnupresti á Selfossi. Á sömu hátíðar-samkomu í Filadelfíu verður Verði Levi Traustasyni þökkuð samfylgdin síðustu sautján ár

sem forstöðumanni, en Vörður er nýráðinn framkvæmdastjóri Samhjalpar.

Helgi er fæddur og uppalinn í kirkjustarfi Hvítasunnusafnaðarins.

„Trúin er ferðalag og ég ákvað snemma að fylgja Jesúum og lífa kristnu lífi. Ég er í þessu af hugsjón, hjarta og sál og hef sterka köllun. Starfinu fylgir mikil ábyrgð og það eru forréttindi að fá að sinna því sem er krefjandi og ekki fyrir hvern sem er. Það má því segja að starfið velji mann frekar en að maður velji starfið.“

Helgi er tveggja barna faðir og verður 32 ára í sumar. Þá á

hann líka tíu ára brúðkaups-afmæli.

„Við konan mín kynntumst í kirkjunni og það var ást við fyrstu sýn. Okkur fannst tilgangslaust að bíða þess að gifta okkur og í Hvítasunnukirkjunni er fólk hvatt til að vera ábyrgt í samböndum sínum, taka þeim ekki létt og leika sér ekki að tilfinningum sínum né annarra. Réttu leiðin er að bindast maka sínum fyrir lífstíð og spara sig fram að hjónabandi. Við vitum þó að safnaðarmeðlimir eiga alls kyns sögur að baki og eru ekki illa innrættir fyrir vikið. Öllum er í sjálfsvald sett hvernig þeir lífa sínu lífi en við bendum á réttu ▶

Heyrðu
umskiptin

Fáðu heyrnartæki
til reynslu

Fyrstu
heyrnartækin
sem tengjast
þráðlaust
við snjalltæki

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

Hlíðasmári 11, Kópavogur - heyrn.is
Tímá pantanir 534 9600

► leiðina, tölum fyrir bindindi og hvetjum fólk til að vera lög- hlýðið, fyrirmyndarborgarar og almennt með allt sitt á hreinu.“

BARNABARN STÓRRA AFA

Helgi er barnabarn Einars heitins Gíslasonar sem oft var kenndur við Betel í Vestmannaeyjum. Einar var landsfrægur prédikari og forstöðumaður í Filadelfíu í 22 ár.

„Mér þótti vænt um afa minn sem var stórbrotinn og skemmtilegur karakter, fastur fyrir en mildur og góður. Afi var alinn upp sem útvegsbóndi, hafði mikið fyrir lífinu og ég bar mikla virðingu fyrir honum, enda merkilegur maður og þjóðþekktur. Um sextugt fékk hann heilablóðfall og varð ekki samur á eftir. Þá var ég sjö ára. Ég man lítið eftir honum sem prédikara en hef heyrt til hans á upptökum og skynja að það er mikið af afa í sjálfum mér þótt við höfum hvor sinn prédikunarstílinn.“

Móðurafi Helga var Helgi Hallvarðsson, skipherra hjá Landhelgisgæslunni.

„Ég átti því tvo stóra afa og ekki allir sem eiga afa sem báðir hafa gefið út ævisögu sína. Ég kannast við þá báða í sjálfum mér en er þó líkari Helga afa í útliti.“

Helgi segir að styrkleika sínir í prestembættinu séu væntumþykja fyrir fólki og þörf til að hjálpa því að blómstra í lífinu.

„Það er stærsta krafan í starfi prests; að hafa tíma, dug og kærleika í starfið í stað þess að líta á það sem verkefni. Ég er líka á



LIFIR Í TRÚNNI Helgi segir Hvítasunnukirkjuna hvetja fólk til að taka ástarsamband alvarlega, giftast maka til lífstíðar og spara sig fyrir hjónaband.

heimavelli þegar kemur að því að útskýra ritningartexta Biblíunnar, sem er einkenni Hvítasunnukirkjunnar. Ég hef yndi af því að skoða gamla texta í upprunalegu samhengi og sjá hvernig mannlegt eðli er samt við sig. Þá kemur í ljós að nútímafólk tekst enn á við sömu vandamál, langanir og þrjár og leitar svara við sömu spurningum.“

JESÚS ER DROTTINN

Helgi ólst upp í Vesturbænum fyrstu æviárin en bjó síðar lengst af á Kjalarnesi. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólan-

um í Hamrahlíð og fór þaðan til Belgíu þar sem hann lauk prófgráðu í guðfræði.

„Ég fékk ungur tækifæri til að prédika og fann strax að ég væri á réttri hillu. Söfnuður Hvítasunnukirkjunnar á það sameiginlegt að hafa Jesú Krist í brennidepli og við erum með stystu trúarjátningu í íslenskum trúfélögum, sem er „Jesús er Drottinn“ og er talin elsta trúarjátning manna. Jesús er leiðtoginn sem við öll viljum líkjast og allir hafa upplifað að Jesús sé raunverulegur. Trúin er því ekki bara góð hugmynd; hún er veruleiki sem við lifum.“

Helgi segir engan þurfa að vera í krísu til að upplifa Jesús sem förunaut í sínu lífi.

„Það hendir venjulegar manneskjur, eins og við erum flest, og gefur þeim ríkulega lífsfyllingu. Það blómstrar, hættir að hafa áhyggjur af álitum annarra, hættir að láta höft hamla sér og gerir það sem það er skapað til að gera. Á sama tíma erum við til staðar þegar fólk fótur sig á trúargöngunni, hvetjum það til að vaxa og finna hæfileika sína og gjafir.“

Margir safnaðarmeðlima Hvítasunnukirkjunnar hafa farið út af sporinu og segir Helgi þá sækja

í kirkjuna vegna þess að hún dæmir þá ekki.

„Í stað þess að dæma tókum við utan um þá og hér fá þeir hvatningu og stuðning. Það koma ótrúlega margir til okkar sem engin tengsl hafa við kirkjuna, eins og innflytjendur sem eru vanir því úr heimalandi sínu að kirkjan sé eina óspillta stofnunin sem hægt er að treysta. Þeir leggja traust sitt á Jesú og kirkjuna sem verður stuðningsnet þess og fjölskylda þegar eiginleg fjölskylda er fjarri.“

Hvítasunnusöfnuðurinn telur um 1.200 manns og á hverjum sunnudegi mæta hundruð þeirra til kirkju. Félagsstarf er ríkulegt og tónlistarlíf í Filadelfíu rómað eins og landsmenn þekja af sjónvarpsútsendingu jólatónleika kirkjunnar á aðfangadagskvöld.

„Jólatónleikarnir eru styrktar-tónleikar en ágætis hlíðarverkun er að fólk kynnist okkur í leiðinni. Við finnum fyrir meiri velvild í samfélaginu eftir að jólatónleikum var sjónvarpað og nú vita fleiri hver við erum og að við erum meinlaust trúfélag,“ segir Helgi og brosir.

Í frístundum hefur Helgi gaman af útivist og veiði, hjólreiðum og samveru með fjölskyldu og vinum.

„Ég er líka forfallinn áhugamaður um ruðning (e. rugby) og mig hefur lengi langað að gefa mér tíma til að sækja æfingar hjá rugbyfélagi sem æfir á Valsvellinum. Þetta er alvöru sport sem úrheimtirnir heimikil átök og kannski það yrði erfitt að útskýra glóðarauga á samkomum,“ segir Helgi og skellir upp úr.

■ thordis@365.is

FJÓRAR HAGNÝTAR NÁMSBRAUTIR
Nám í skóla - nám á vinnustað

FISKTÆKNI

Tveggja ára hagnýtt framhaldsskólanám til starfa í sjávarútvegi og fiskeldi.

Inntökuskilyrði: Grunnskólapróf.

Á Fisktæknibraut er hægt að velja þrjár línur:

Sjómennska/veiðar - Fiskvinnsla - Fiskeldi

Hvert námsár skiptist í eina önn í skóla og eina á vinnustað undir leiðsögn tilsjónamanns (72 ein).

MAREL VINNSLUTÆKNI

Eins árs nám við vélar og hugbúnað frá Marel.

Inntökuskilyrði:

Hafa lokið námi í Fisktækni eða sambærilegu námi.

Námsárið skiptist í fagbóklegar greinar og vinnustaðanám undir leiðsögn tilsjónamanns (36 ein).

GÆÐASTJÓRN

Eins árs nám í gæðstjórnun.

Inntökuskilyrði:

Hafa lokið námi í Fisktækni eða sambærilegu námi.

Námsárið skiptist í fagbóklegar greinar og vinnustaðanám undir leiðsögn tilsjónamanns (36 ein).

NETAGERÐ

Þriggja ára iðnnám með mikla starfsmöguleika til starfa við veiðarfæragerð (48 ein).

Fisktækniskóli Íslands býður upp á fjölbreytt nám í sjávarútvegi á framhaldsskólastigi. Námið er hagnýtt tveggja ára nám sem er byggt upp sem önnur hver önn í skóla og hin á vinnustað. Nemendur geta valið sér námsleiðir í sjómennsku, fiskvinnslu og fiskeldi. Verkefni og vinnustaðir eru valdir með hliðsjón af áhuga hvers og eins.

Nánari upplýsingar hjá starfsmönnum Fisktækniskóla Íslands í síma 412-5966 eða á www.fiskt.is Skólaakstur

Spennandi blanda bóklegs og verklegs náms sem gefur mikla starfsmöguleika eða til frekari menntunar.

Víkurbraut 56 240 Grindavík, info@fiskt.is



GERIST EKKI SUMARLEGRA Tekið er um stilkinn á fyrsta blóminu og gert gat með nöglunum. Næsta stilk er stungið ofan í og þannig koll af kalli þar til keðjan er orðin nógu löng.

AUÐVELD BLÓMA-KEÐJA Í HÁRIÐ

Ýmist er hægt að flétta, hnýta eða vefja blómakrans í hárið. Það getur þó vafist fyrir mörgum. Auðveldast af öllu er að gera fallega blómakeðju til skrauts.

Nú er tími blómakransanna runninn upp. Til eru þó nokkrar aðferðir til að búa þá til. Sumar krefjast þess að notaður sé blómavír og -bönd en þegar dvalið er úti í guðsgrænni náttúrunni er ekki víst að slíkt sé við höndina.

Auðveldast er að gera svokallaða blómakeðju. Byrjaðu á því að tína vænan vönd. Ýmist er hægt að velja eina tegund eða blöndu af villtum blómum. Best er að velja blóm með nokkuð sverum og stífum stilkum, eins og til að mynda baldursbrár.

Byrjaðu á því að stytta stilkana. Gættu þess að hafa þá alla um það bil jafn langa. Taktu svo um stilkinn á fyrsta blóminu og gerðu lítið gat með nöglunum nokkuð fyrir ofan miðju, nærri blómahnappinum. Stingdu næsta



FLJÓTLEGUR BLÓMAKRANS Með þessari aðferð er hægt að útbúa blómakrans í hárið á börnunum á augrabragði.

stilk þar ofan í. Gerðu svo gat á þann stilk og stingdu þriðja ofan í hann. Haldu svo áfram þar til keðjan er orðin hæfileg löng. Tengdu hana þá saman í hring með sama hætti. Gott er að vefja samskeytin vel með stilkum, hnýta og herða að.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Kolbeinn Kolbeinsson, kolli@365.is, s. 512 5447



GÓÐ MELTING Í FERÐALAGINU

Bakteríuflóran „For travelling abroad“ frá OptiBac Probiotics er örugg fyrir alla fullorðna og börn frá eins árs aldri. Hún inniheldur fimm milljarða af fjórum hágæða bakteríum sem vernda meltinguna. Þarf ekki að geymast í kæli. Takið eitt hylki daglega með morgunmat þremur til fimm dögum áður en ferðalag hefst og á meðan á því stendur.



VELLIÐAN Í MAGA Ferðalög geta tekið sinn toll af meltingunni og því mikilvægt að undirbúa meltingarflórana vel áður en haldið er utan í sumarfrí.

FARA BAKTERÍUR MEÐ Í FRÍIÐ ÞITT?

RARITET KYNNIR Taktu verndandi bakteríur fyrir meltinguna með í fríið og njóttu þess að borða allt sem þig lystir. Bakteríuflóran „For travelling abroad“ frá OptiBac Probiotic verndar bakteríuflóru líkamans og styrkir ónæmiskerfið.

Hætta á meltingarvandamálum eykst þegar ferðast er til útlanda; ekki síst matareitrun. Magakveisur og kvef eru algengasta ástæða veikinda í fríum því þá snæða ferðalangar öðruvísi mat og framandi fæði sem þeir þola verr í maga. Á sama tíma eykst hætta á bakteríusýkingum úr umhverfinu vegna allra hinna ferðamanna.

Með því að taka inn góða meltingarglerla styrkist meltingarflóran og ónæmiskerfi líkamans og þar með varnir líkamans gegn óæskilegum bakteríum sem valdið geta meltingarvanda.

BYLTINGARKENND LAUSN FYRIR MELTINGUNA

Það er öllum hvítleitt að glíma við meltingartruflanir í sumarfrí á erlendri grundu og slíkt getur hæglega eyðilagð fríið. Helmingur þeirra sem ferðast til útlanda finnur fyrir óþæg-

indum í maga og þá sérstaklega þegar ferðast er til framandi landa. Með því að taka inn vinveitta meltingarglerla er unnt að minnka verulega hættu á hvers kyns meltingarvanda, svo sem niðurgangi, hægðatregðu og matareitrun.

SÉRNIÐIN LAUSN FYRIR UTANLANDS-FERÐINA

„For travelling abroad“ er tvívirkt bakteríuformúla til að taka með í fríið. Hún inniheldur hátt hlutfall góðra baktería, svo sem lactobacillus og bifidobacterium, sem eru verndandi fyrir meltingu og þarfaflóru og minnka hættu á að óvinveittir gerlar setjist að í meltingunni. Auk þess inniheldur hún saccharomyces boulardii sem losar þarfaflórana við óæskilegar bakteríur og dregur verulega úr líkum á magakveisum og niðurgangi.

„For travelling abroad“ er frábær vörn fyrir alla fjölskylduna.

FOR TRAVELLING ABROAD
fæst með
20 prósentu afslætti
út júní

HVAR FÆST OPTIBAC PROBIOTICS?

OptiBac Probiotics fæst á eftirfarandi stöðum:

Lifandi markaður
Lyf og heilsa
Apótekarinn
Lyfsalinn
Lyfjaver
Heilsuver
Lyfjaval
Reykjavíkrapótek
Apótek Vesturlands
Apótek Suðurnesja
Árbæjarapótek
Apótek Garðabæjar
Apótek Hafnarfjarðar
Urðarapótek
Ríma Apótek
Akureyrarapótek
Garðs Apótek
Apótek Ólafsvíkur
Heilsutorgið í Blómaval

Athugið að úrval getur verið mismunandi eftir útsöluhöndum.

ANDLITS- OG HÖFUÐNUDD

- Punktunudd- Náttúruleg andlitslyfting
- Indverskt höfuð-baknudd utan yfir fót
- Ilmolíunudd- 100% lífrænar olíur

Tími: Miðvikudagskv. frá kl. 17.00- 21.00
Verð með ilmólublöndu og möppu kr. 20.000

Upplýsingar í síma 896-9653
og á www.heilsusetur.is.

Heilsusetur Þórgunnu
552 1850 / 896 9653 · www.heilsusetur.is

Víðurkenndur sérmenntaður
kennari með 20 ára reynslu

Færrí kiló - Minna ummál með spínat extrakt **Nýtt á Íslandi**

Aptiless: Mest seldi þyngdarstjórnunarefnið í Noregi og Svíþjóð. Hungurtilfinning minnkar strax frá fyrstu notkun. Inniheldur yfir 100 mismunandi próteinefni. Einn skammtur jafngildir fimm bollum af fersku spínati. 100% náttúrulegt. **Thylakoids:** Dregur úr hungri - Eykur mettun - Minnkar sykurlöngun - Jafnar blóðsykur Lækkar blóðfitu, kólesterol og blóðþrýsting - Minnkar ummál Fækkar aukakílóum - Eykur orku - Bætir þarfaflóru.

Vísindaleg sönnun á virkni

Rannsóknir gerðar af Karólínska Háskólanum í Lundi í Svíþjóð ásamt fleiri virtum rannsóknarstofnunum. **Nýtt í heiminum - nýtt á Íslandi**



Dr. Charlotte Erlanson-Albertsson, Prófessor við Karólínska Háskólanum í Lundi í Svíþjóð mynd: Kennet Ruona



Ein merkasta nýja uppgötvunin sem gerð hefur verið í heiminum dag

Fæst í 14 og 28 daga skömmtum. Útsöluastaðir flest apótek og heilsuþúðir.

Hausverkur Ekki þjáast **MigreLief**
Mígreni.is
MigreLief fyrirbyggjandi fæðubótarefni fyrir fullorðna og börn



Marta Eiríksdóttir starfar í Lifandi markaði og er jógakennari.

Fáðu flatan magna!

Með vinveittum meltingarglerlum frá OptiBac Probiotics.

Ertu með loft í maganum og þjáist af vindverkjum? „Ég er með viðkvæma meltingu og hef þjáðst af meltingaróþægindum í langan tíma. Gerlarnir hjálpa til við niðurbrot mjólkursykurs og sterkju í meltingarvegi og koma í veg fyrir óþægindi sem tengjast fæðuþóli.“

Útsöluastaðir: Lifandi markaður, Lyf og heilsa, Apótekarinn, Lyfsalinn, Lyfjaver, Lyfjaval, Reykjavíkrapótek, Apótek Vesturlands, Apótek Suðurnesja, Árbæjarapótek, Apótek Garðabæjar, Apótek Hafnarfjarðar og Urðarapótek

OptiBac probiotics



MERKTU ÞÍNAR KÚLUR!



MERKITÚSS FYRIR GOLF SKAPALÓN

Nú er um að gera að sérmerkja gofklurnar fyrir sumarið! Þrír litir og fylgir sér skapalón með.

999 kr.



GOLFIÐ MINNISBLOKK

Snilldabók með skorkortum ásamt blaðsíðum fyrir mikilvæg minnisatriði. Fáanleg í 4 litum - stærð 10 x 14.5 sm.

1.899 kr.

5%

afsláttur af ÖLLUM
VÖRUM einnig tilboðum



VILDARKLÚBBUR
EYMUÐSSON



540 2000 | penninn@penninn.is
www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum.
Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

FÓLK | HELGIN



STAÐALBÚNAÐUR Össur Hafþórsson hjá Reykjavík Ink segir flott húðflúr í dag vera jafn sjálfsgáðan hlut og að eiga flottan jakka og góðan síma. The Icelandic Tattoo Convention 2014 stendur nú yfir á Bar 11 við Hverfisgötu. MYND/ANDRI MARINÓ

EKKI LENGUR TABÚ

HELGIN Húðflúrarar víðs vegar að úr heiminum flúra nú í portinu bak við Bar 11 við Hverfisgötu. The Icelandic Tattoo Convention er nú haldin í níunda sinn.

Þetta er ein risastór tattústofa. Hér eru húðflúrarar frá Bandaríkjunum, Þýskalandi, Portúgal og fleiri stöðum og mikið líf og fjör," segir Össur Hafþórsson hjá Reykjavík Ink en nú um helgina stendur yfir húðflúrráðstefna, haldin í níunda sinn, á Bar 11 við Hverfisgötu.

Ráðstefnan hefur alltaf verið vel sótt gegnum árin og stemmingin alltaf góð, segir Össur. Bæði Íslendingar og erlendir gestir sækja hátíðina.

„Ferðamennirnir eru stór hluti gesta sem er gott," segir Össur. „Húðflúr er ekki sama tabúið og það var. Í dag eru mömmur með tattú. Húðflúr eru orðin hálf-

gerður staðalbúnaður og hluti af því að eiga gott úr, flottan jakka og góðan síma," segir Össur en þvertur fyrir að fyrir vikið gætu húðflúr verið orðin lummó.

„Alls ekki, en fólk er farið að velja betur, þetta er engin vitleysa lengur. Húðflúr hafa táknrænt og tilfinningalegt gildi fyrir marga, ekki eins og þegar fólk var að fá sér kínversk tákn eða tribal, og mundi síðan jafnvel ekkert hvað tákníð átti að merkja. Við eigum líka frábær íslensk tákn, rúnalettrið. Rúnir eru til dæmis vinsælar hjá ferðamönnum."

Þeir húðflúrlistamenn sem flúra á ráðstefnunni eru: Jason

June, Guy Ursutti, Jason Thompson, Mason Corelli, Scott Ellis, Holly Ellis, Chip Baskin, Austin Maples, Jason Donahue, Jesse Allen Gordon, Ryan Campell, Jennifer Lynn, Simon Capex, Javier Wolf, Roberto, Eric Axel, Will Card, Rita, Zaxe og Sepp. Tímaböntun fer fram á staðnum.

Dagskráin hefst klukkan 12 í dag og á morgun og stendur til klukkan 22. Stakur dagur kostar 700 krónur en frítt er inn fyrir börn. Össur segir ráðstefnuna fjölskylduvænan viðburð.

„Börnin eru svo oft hugmyndin að baki húðflúrum hjá fólki svo það er bara um að gera að þau kynnist þessu."

ÍSLENSKUR MARKAÐUR Á BERNHÖFTSTORFUNNI

Bernhöftstorfan breytist í markaðstorg í dag og á morgun. Dagskráin hefst með stæl klukkan 13. White Signal og Sirkus Íslands skemmta gestum.

Markaðstorg verður opnað í dag á Bernhöftstorfunni klukkan 13 með pompi og prakt. Spannandi og fjölbreyttur varningur verður til sölu og mun hljómsveitin White Signal troða upp og einnig Sirkus Íslands.

Hljómsveitin White Signal hefur meðal annars unnið jólagagasamkeppni Rásar 2 undanfarin tvö ár og verið í sumarvinnu við að skemmta borgarbúum síðustu tvö sumur.

Sirkus Íslands hefur verið starfræktur síðan haustið 2007 og verið meðlimur í sjálfstæðu leikhúsinum frá 2009. Sirkusinn samanstendur af fjölbreyttum hópi hæfileikaríks fólks á ýmsum sviðum sirkuslista sem sameinar krafta sína undir stjórn Lee Nelson.

Bernhöftstorfan mun breytast í markaðstorg allar helgar í sumar og eins mun torgið mun standa þeim sem hafa sölu leyfi opið aðra daga vikunnar.



MARKAÐSLÍF

Bernhöftstorfan mun íða af lífi í dag og á morgun en torfan hefur fengið hlutverk markaðstorgs í sumar.

SÖLULEYFI

Hægt er að sækja um sölu leyfi á Bernhöftstorgumarkaðinn hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar. Skemmtiatriði og viðburðir verða auglýstir á heimasíðu Reykjavíkurborgar.

FEMARELLE ER FRÁBÆR LAUSN

ICECARE KYNNIR Loksins er komin á markaðinn náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Femarelle er gert úr jurtaefnum og rannsóknir sýna að það slær á einkenni tíðahvarfa. Konur finna mikinn mun á sér þegar þær taka inn Femarelle.

Björk Erlingsdóttir segir að hún hefði ekki trúað því að Femarelle virkaði svona vel nema prófa það sjálf. „Ég var aðeins rétt um 40 ára þegar einkenni breytingaskeiðsins hófust hjá mér. Ótrúlegt að vera svo ung og upplifa einkenni sem 50 ára konur eru að upplifa. Vinnufélagar mínir fengu helst að finna fyrir því að ég var alltaf í hitakófi og opnaði alla glugga upp á gátt þegar ég var á skrifstofunni,“ segir hún. „Ég hef alltaf verið skapgóð og kát þannig að breytingaskeiðið var ekki alveg týpískt hjá mér. Helst voru það svefntruflanir og hitakófin sem voru að angra mig, ég var alltaf kaf-rjód í framan, sveitti og að kafna úr hita. Þegar mér bauðst að prófa Femarelle í mánuð trúði ég ekki á að það myndi hjálpa mér. Ég byrjaði, hætti, byrjaði aftur, fann góðan mun, og svo þegar ég byrjaði aftur á þriðja pakknum á nokkurra mánaða tímabili fann ég það fyrir alvöru hve vel Femarelle virkaði á mig. Ég vildi bara ekki trúa því fyrst. Ég fann líka mikinn mun á því hvað ég náði að sofa betur, þar sem ég átti ekki Femarelle í nokkra daga, þá gat ég merkt muninn. En núna finn ég hvað það gerir mér gott og ætla því að halda áfram,“ segir Björk.



SELMA BJÖRK GRÉTARSDÓTTIR

MJÖG ÁNÆGD MEÐ FEMARELLE

„Ég frétti af Femarelle hjá systur minni sem hefur notað vöruna með góðum árangri. Ég ákvað að prófa þar sem ég var byrjuð að finna fyrir nokkrum einkennum sem voru lýsandi fyrir breytingaskeiðið en samt er ég bara 42 ára,“ segir Selma Björk Grétarsdóttir.

„Ég fann fyrir svefntruflunum, verkjum um líkamann og skap-sveiflum. Það var alveg ótrúlega fljótt sem ég fann góð áhrif af Femarelle, því að eftir aðeins tvo daga var ég farin að sofa betur. Ég er mjög ánægð með áhrifin af Femarelle, því að skapið hefur lagast og verkirnir minnkað. Mér líður mun betur og er sáttari með sjálfa mig.“



EVA ÓLÓF HJALTADÓTTIR

LOKSINS VERKJALAU

„Mig langar að deila með ykkur reynslu minni af notkun Femarelle,“ segir Eva Ólóf Hjaltadóttir.

„Mér hafði ekki liðið nógu vel í svolitinn tíma, ég er á lyfjum við sykursýki og vegna veikinda í skjaldkirtli. Ég hafði þungst vegna lyfjanna og hef ég einnig verið með gigt og haft verki vegna þess. Mér fannst óþægilegt að vera of mikið innan um fólk, var orðin svolitíð þunglynd af vanlíðan. Mér fannst ekki gott að vera innan um hávaða og var því mjög mikið að einangrast frá félagslífi. Vegna sykursýkinnar og skjaldkirtilsjúkdómsins hef ég svitnað mjög mikið þótt ég hafi ekki verið í áreynslu. Það var þannig að ég þurfti að skipta um bol þrisvar á dag.

Ég er 71 árs og var ekki sátt við hvernig mér leið, vildi geta tekið meiri þátt í lífinu. Ég las umfjöllun um Femarelle og leist vel á að prófa náttúrulega og hormónalaus meðferð, sérstaklega þar sem ég sá að hún gæti linað verki. Ég hef



VIRKAR VEL Björk Erlingsdóttir segir að hún sofi miklu betur eftir að hún fór að taka inn Femarelle.

MYND/STEFÁN



SOFFÍA KÁRADÓTTIR

DÁSAMLEGT UNDRÆFNI

„Ég ákvað að prófa Femarelle síðasta vetur eftir að hafa lesið frásögn konu í blaði þar sem hún lýsti ánægju sinni með vöruna,“ segir Soffía Káradóttir sem á þeim tíma var að byrja á breytingaskeiðinu en vildi ekki nota hormóna. „Ég fann fyrir hitakófum, fótáóeirð, skapsveiflum, líkamlegri vanlíðan og vaknaði oft upp á nóttunni.“

Eftir að Soffía hafði tekið Femarelle inn í aðeins tíu daga hurfu öll einkenni breytingaskeiðsins. „Nú fæ ég samfelldan svefn, finn ekki lengur fyrir hitakófum eða fótáóeirð og líður mun betur á allan hátt og er í góðu jafnvægi.“

Soffía mælir hiklaust með Femarelle við vinkonur sínar. „Ein þeirra hætti á hormónum og notar Femarelle í dag. Ég mæli með því að allar konur á breytingaaldrinum prófi Femarelle og get ekki ímyndað mér hvernig mér liði í dag ef ég hefði ekki kynnst þessu dásamlega undraefni.“

Virgni Femarelle hefur verið staðfest með fjölda rannsókna á undanföllum 13 árum.

núna notað Femarelle undanfarna mánuði og hef endurheimt mitt fyrra líf.

Mér líður svo vel að nú get ég farið daglega út að ganga með hundinn, fer einnig í sund á hverjum degi, sæki félagsvist og fer í bíngó vikulega,“ segir Eva.

„Mig er hætt að verkja um allan líkamann og ég nota Femarelle sem náttúrulega verkjameðferð því að ef ég er með verk tek ég aukalega af því. Eftir að ég hafði verið á Femarelle í um það bil sex

mánuði fann ég að ég var hætt að svitna eins og ég gerði daglega og get núna verið í sama bolnum allan daginn. Mjög mikill léttir fyrir mig. Svo er það besta við þetta að núna segja börnin mín og tengdabörn að ég sé orðin miklu líflegri og hressari. Mér finnst meira gaman að hitta barnabörnin mín því ég get veitt þeim meiri athygli. Ég hef að auki misst 11 kíló án þess að reyna það vegna þess að mér líður betur og ég get hreyft mig óhindrað.“

- Femarelle er öruggur kostur fyrir konur
- Slær á óþægindi eins og höfuðverk, svefntruflanir, nætursvita, skapsveiflur, óþægindi í liðum og vöðvum
- Þéttir beinin
- Hefur ekki áhrif á móðurlíf eða brjóstavef
- Náttúruleg lausn, inniheldur Tofu extract og Flaxceed duft.
- Inniheldur engin hormón eða ísóflavóníða
- Staðfest með rannsóknum síðustu 13 ár



FEMARELLE

Femarelle er náttúrulegt jurtaSERMi

(Selective Estrogen Receptor Modulator) gert úr jurtaefnum. Innihald hylkjanna er: 322 mg DT56a (tofu extract) og 108 mg hörfræjaduft.

FEMARELLE ER EKKI HORMÓN OG INNIHELDUR EKKI ÍSÓFLAVÓNÍÐA

Fæst í öllum apótekum, heilsuvöruslunum og í heilsuhillum stórmarkaða.
UPPLÝSINGAR

www.icecare.is og Femarelle á Facebook.

PABBI ER BARA VINNUMAÐUR

HÚSDÝR Rekstrarstjórar Húsdýragarðsins á Hraðastöðum í Mosfellsdal eru ellefu og fjórtán ára systur. Garðurinn fagnar ársafmæli.

Á Hraðastöðum í Mosfellsdal hefur verið rekinn húsdýragarður í um það bil eitt ár. Rekstrarstjórar garðsins eru fjórtán og ellefu ára heimasæturnar á bænum, Linda og Sara Bjarnadætur. „Mamma og pabbi hafa tekið á móti leikskólabörnum í sveitaferðum á vorin í mörg ár og okkur systurnar langaði að gera meira úr þessu og hafa opið fyrir fólk allt sumarið. Við systurnar sjáum alveg um þetta og það er ekkert mál,“ segir Linda.

ALLIR FÁ AÐ HALDA Á DÝRUM

„Við erum með hesta, geitur, eitt svín, ref, naggrísi, kanínur, hvolp, kálf, kettlinga, hænur og kindur. Svo eigum við von á tvíburakálfum í húsdýragarðinn sem nágrenni okkar ætlar að lána okkur. Við erum líka með traktor sem hægt er að leika sér á og fleira dót. Hjá okkur getur fólk fengið að halda á dýrunum og klappa þeim, okkur finnst það svo æðislegt.“ Hún segir að þrátt fyrir að einhverjir krakkar séu hræddir við dýrin í byrjun þá endi flestir á því að halda á þeim og klappa þeim, enda kenna þær systur öllum réttu handtökin.

BARA VENJULEG SVEITASTÖRF

Foreldrar Lindu og Söru hjálpa þeim við rekstur húsdýragarðsins en Bjarni Bjarnason, pabbi þeirra, segist bara vera vinnumaður hjá

þeim. Systurnar hafa búið alla sína tíð á bænum og segir Linda það vera alvanalegt fyrir þær að vera í kringum dýrin. „Við lítum ekki á þetta sem eitthvert fyrirtæki. Við hugsum um dýrin, mokum undan þeim, gefum þeim og pössum að þeim líði vel og að það sé snyrtilegt í kringum þau. Þetta eru bara venjuleg störf fyrir okkur, það er bara fólk sem kemur að skoða dýrin sem bætist við. Við höfum reyndar fjölgað litlu dýrunum hjá okkur eftir að við opnuðum húsdýragarðinn en við erum aðallega með kindur sem pabbi sér um.“

ÓVENJULEGT HÚSDÝR

Refurinn Móey er einn íbúa Húsdýragarðsins á Hraðastöðum. „Það var maður sem var að vinna uppi á Mosfellsheiði í fyrirasumar sem kom með hann til okkar. Refurinn kom bara út úr greninu og vildi leika við hann, maðurinn tók hann með sér og spurði hvort við vildum ekki hafa hann í garðinum. Refurinn er búinn að vera hjá okkur í næstum ár og það er mjög gaman að hafa hann, hann er óvenjulegt gæludýr,“ segir Linda.

MIKIÐ LÍF Á HRAÐASTÖÐUM

Þær systur eru í Varmárskóla í Mosfellsbæ og fara með skólabíl í skólann. „Ég er ein í bekknum sem bý hér í sveitinni en í árganginum hennar Söru systur eru fleiri



REKSTRARSTJÓRAR
Systurnar Sara og Linda reka Húsdýragarðinn á Hraðastöðum. Þær búa á bænum ásamt foreldrum sínum.
MYND/GVA

krakkar úr dalnum. Það er alltaf fullt af krökkum hér á Hraðastöðum og mikið líf. Hér hafa líka oft verið teknar upp auglýsingar og hljómsveitin Retro Stefson tók upp tónlistarmyndband í hlöðunni hjá okkur.“ Hún segist þó ekki vita af hverju þeirra bær hafi orðið fyrir valinu en finnst líklegt að það hafi verið af því að svæðið er gamaldags.

Nánari upplýsingar um Húsdýragarðinn á Hraðastöðum má finna á Facebook.

■ liljabjork@365.is



VINNUMAÐURINN

Pabbi systranna sér um kindurnar en dæturnar reka Húsdýragarðinn á Hraðastöðum.



LÍF Á BÆNUM Kristrún Bender og Brynja Bjarnadóttir knúsa kanínu og kött sem eiga heima í húsdýragarðinum.

SONOS

FÁÐU ÞRÁÐLAUSAN
AÐGANG AÐ
TÓNLISTINNI
Í ÖLLUM
HERBERGJUM



Hvað er SONOS?

Sonos er kerfi þráðlausra hátalara og hljómtækja. Það sameinar stafræna tónlistarsafnið þitt og útvarpsstöðvar í einu appi sem þú getur stjórnað frá hvaða síma eða spjaldtölvu sem er. Spilaðu það sem þú vilt hvar sem er á heimilinu í gegnum Sonos kerfið sem er mjög einfalt í uppsetningu.



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS



AMERÍSKIR KANILSNÚÐAR

Cinnabon er klassísk amerísk uppskrift að mjúkum kanilsnúðum sem bakaðir eru nokkrir saman í eldföstu móti og mynda nokkurs konar köku. Yndislegt kaffibrauð á fallegum sumardeg.

DEIG

1 bolli mjólk
2 egg
1/3 bolli olía
4 1/2 bolli hveiti
1 tsk. salt
1/2 bolli sykur
2 1/2 tsk. þurrger

Fylling

1 bolli púðursykur
2 1/2 msk. kanill
1/3 bolli mjúkt smjör

KREM

1 dl rjómaostur
1/4 bolli mjúkt smjör
1 1/2 bolli flórsykur
1/2 tsk. vanilludropar

Öllum þurrrefnum í deigið er blandað vel saman. Vökva er bætt út í og hnoðað. Deigið látið hefast þar til það hefur tvöfaldast.

Útbúið fyllingu með því að hræra saman öllu innihaldinu.

Deigið er flatt út og smurt með fyllingunni. Rúllið deiginu upp og skerid rúlluna í hæfilega marga snúða. Þeim er síðan raðað í eldfast mót og látnir hefast í um hálf tíma.

Snúðarnir eiga að bakast við 170 gráður í um fimmtán mínútur. Meðan snúðarnir bakast er kremið útbúið. Það er sett ofan á snúðana um leið og þeir koma út úr ofninum.



Capacent Ráðningar

VÉLSTJÓRAR

Sjávarútvegsfyrirtæki með starfsstöðvar erlendis óskar eftir að ráða til sín öfluga vélstjóra til starfa. Um er að ræða fjölbreytt störf sem snúa að vélbúnaði skipa, bilanagreiningu, viðhaldi og rekstri. Leitað er að fagfólki með reynslu af úthaldi á sjó.

Starfslýsing:

- Yfirumsjón með vélbúnaði skipa
- Umsjón með viðhaldi skipa á sjó og skipulag viðhaldsáætla
- Bilanagreining og rekstur vélbúnaðar
- Kostnaðarefirlit
- Önnur verkefni í samráði við næsta yfirmann

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Próf í vélfræði eða tæknifræði er skilyrði
- Reynsla af viðhaldi og rekstri vélbúnaðar
- Reynsla af vélstjórn á sjó er skilyrði
- Góð samskiptahæfni og geta til að vinna í krefjandi vinnuumhverfi
- Sjálfstæð, traust og vonduð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta
- Sveigjanleiki, reglusemi og áreiðanleiki

Umsóknarfrestur er til og með 15. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent



Jafnlaunaúttekt
PwC
2013

Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlauna-
úttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið
greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir
sömu eða jafnverðmæt störf.

Stór verkefni bíða kraftmikils framkvæmdastjóra

Landsvirkjun leitar að framúrskarandi konu eða karli til að leiða framkvæmdasvið fyrirtækisins. Framkvæmdasvið stýrir virkjunarframkvæmdum Landsvirkjunar frá undirbúningi að fullbúinni aflstöð. Framkvæmdastjóri framkvæmdasviðs heyrir beint undir forstjóra og á sæti í framkvæmdastjórn.


Helstu verkefni:

- > Dagleg stjórnun og rekstur
- > Stefnumótun og áætlanagerð
- > Umsjón með byggingu vatnsaflsvirkjana, jarðvarmavirkjana og vindorkuvera
- > Vöktun kostnaðar, gæða og framvindu framkvæmda fyrirtækisins
- > Samskipti við hagsmunaaðila

Við leitum að einstaklingi með meistaraþráðu í verkfræði. Starfið krefst leiðtogaþæfileika, drifkrafts og þrautseigju.

Sótt er um starfið á vef Capacent til og með 15. júní. Nánari upplýsingar veita hilmur.hjaltason@capacent.is og starfsmannastjóri Landsvirkjunar, sturla.johann.hreinsson@landsvirkjun.is.





SKURÐLÆKNINGASVIÐ Sérfræðilæknar

Laus eru til umsóknar tvö störf sérfræðilækna í svæfinga- og gjörgæslulækningum á Landspítala. Starfsvettvangur innan spítalans verður einkum við Hringbraut en einnig í Fossvogi. Starfshlutfall er 100% og veitast störf frá 1. september 2014 eða eftir nánara samkomulagi. Til greina kemur að önnur staðan verði tvær hlutastöður.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Sérfræðistörf í samráði við yfirlækna sérgreinarinnar, s.s. vinna á skurðstofum, gjörgæslu, móttöku, við svæfingar á útstöðvum sjúkrahússins, bráðameðferð og meðhöndlun bráða og langvinnra verkja
- » Þátttaka í bakvöktum og bundnum staðarvöktum samkvæmt vaktafyrirkomulagi sérgreinarinnar
- » Þátttaka í kennslu og vísindavinnu í samráði við yfirlækna og prófessor

Hæfniskröfur

- » Íslenskt sérfræðileify í svæfinga- og gjörgæslulækningum
- » Frekari sérhæfing í barnsvæfingum og/eða gjörgæslulækningum er æskileg en ekki skilyrði
- » Reynsla í kennslu og vísindavinnu er æskileg en ekki skilyrði
- » Vilji til frekari sérhæfingar í samráði við yfirlækna deildarinnar
- » Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 23. júní 2014.
- » Upplýsingar veitir Gísli Vigfússon, yfirlæknir, netfang gislivig@landspitali.is, sími 543 1000.
- » Umsóknnum fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, LSH skrifstofu skurðlækningasviðs 13A Hringbraut.
- » Mat stöðunefndar læknaáðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum.
- » Viðtöl verða við umsækjendur og ákvörðun um ráðningu í starfið byggir einnig á þeim.
- » Fullt starf (100%) er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands. Sótt er um starfið rafrænt á: www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



SKURÐLÆKNINGASVIÐ Sérfræðilæknir

Laust er til umsóknar starf sérfræðilæknis í skurðlækningum með undirsérgreininna efri meltingarfæraskurðlækningar. Starfshlutfall er 100% og veitast starfið frá 1. október 2014 eða eftir nánara samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Sérfræðistörf í samráði við yfirlækna sérgreinarinnar, s.s. greining, meðferð og eftirfylgd sjúklinga með vandamál er tengjast sérgreininna, m.a. þátttaka í göngudeildarþjónustu og samráðskvaðningum
- » Kviðsjáraðgerðir og opnar krabbameinsaðgerðir á efri hluta meltingarveggar
- » Þátttaka í bakvöktum sérgreinarinnar
- » Þátttaka í kennslu og vísindavinnu í samráði við yfirlækna

Hæfniskröfur

- » Íslenskt sérfræðileify í svæfinga- og gjörgæslulækningum
- » Góð reynsla af kviðsjáraðgerðum
- » Viðtæk reynsla af kviðsjáraðgerðum og opnum krabbameinsaðgerðum á efri hluta meltingarveggar
- » Reynsla í kennslu og vísindavinnu æskileg en ekki skilyrði
- » Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 23. júní 2014.
- » Upplýsingar veitir Páll Helgi Möller, yfirlæknir, netfang pallm@landspitali.is, sími 543 1000.
- » Umsóknnum fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, LSH skrifstofu skurðlækningasviðs 13A Hringbraut.
- » Mat stöðunefndar læknaáðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum.
- » Viðtöl verða við umsækjendur og ákvörðun um ráðningu í starfið byggir einnig á þeim.
- » Fullt starf (100%) er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands. Sótt er um starfið rafrænt á: www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



www.hafnarfjordur.is

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJÖRÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Fræðsluþjónusta Hafnarfjarðar Þróunarfulltrúi leikskóla

Staða þróunarfulltrúa leikskóla á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar er laus til umsóknar.

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar þjónar og hefur eftirlit með þeim menntastofnunum sem reknar eru af Hafnarfjarðarbæ og þar starfa sérhæfðir starfsmenn sem leitast við að veita faglega ráðgjöf og þjónustu sem hæfir hverju sinni. Markmið Skólaskrifstofunnar er að efla menntun í Hafnarfirði og styrkja gott skólastarf.

Meginverkefni

- Umsjón og eftirlit með faglegu starfi í leikskólum og ráðgjöf varðandi ýmsa rekstrarþætti.
- Ráðgjöf vegna sérverkefna, þróunarverkefna og nýbreytnistarfa og miðlun þekkingar og nýjunga á sviði leikskólamála.
- Gerð stefnumarkandi tillagna um nýjungar í leikskólastarfi.
- Veita fræðslu og stuðla að samstarfi og upplýsingamiðlun til leikskóla og á milli leikskóla.

Hæfniskröfur

- Þróunarfulltrúi leikskóla skal vera leikskólakennari með framhaldsmenntun á sviði uppeldis- og/eða kennslufræði. Meistarapróf æskilegt.
- Reynsla af stjórnun leikskóla æskileg.
- Jákvæðni gagnvart breytingum/nýjungum í leikskólastarfi, jafnt innara starfi sem og rekstrarformi.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.
- Reynsla og/eða þekking á SMT- skólafærni æskileg.

Þróunarfulltrúi leikskóla vinnur í nánú samstarfi við þróunarfulltrúa grunnskóla en rík áhersla er lögð á heildstæða þjónustu við leik- og grunnskóla og aðrar stofnanir á fræðslusviði. Næsti yfirmaður þróunarfulltrúa er sviðsstjóri fræðsluþjónustu.

Nánari upplýsingar um starfið veitir sviðsstjóri fræðsluþjónustu/fræðslustjóri, Magnús Baldursson, í síma 585 5800, netfang magnusb@hafnarfjordur.is

Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningi launanevndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélag.

Umsókn þarf að innihalda yfirlit um menntun og reynslu og skal skilað á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Linnetsstíg 3, 220 Hafnarfjörður eða á netfangið magnusb@hafnarfjordur.is eigi síðar en 23. júní 2014.

Samkvæmt jafnréttisstefnu Hafnarfjarðarbæjar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um störf.

Sviðsstjóri fræðsluþjónustu

Þjónustustjóri

Sólar ehf sem sérhæfir sig í ræstingum og fasteignaumsjón óskar eftir að ráða þjónustustjóra til starfa. Um er að ræða skemmtilegt og lifandi starf. Vinnutími er mjög sveigjanlegur og mikið um mannleg samskipti. Viðkomandi fær bíl og síma til umráða.

Starfssvið:


- Ráðning og þjálfun starfsfólks
- Umsjón og skipulag á vinnu starfsmanna
- Launavinnsla og skráning
- Samskipti við viðskiptavinum

Hæfniskröfur:

- Jákvæðni
- Reynsla af stjórnun er kostur
- Færni í mannlegum samskiptum
- Ríkir skipulagshæfileikar og þjónustulund
- Geta unnið sjálfstætt
- Hreint sakavottorð
- Háskólamenntun er kostur

Sótt er um starfið á heimasíðu www.vinna.is undir „Þjónustustjóri 566245“. Allar frekari upplýsingar fást hjá Vinna.is í síma 511-1144. Við hvetjum jafnt karla sem konur til að sækja um.

Sólar er ört vaxandi þjónustufyrirtæki í sérflokki á sviðið alhliða fasteignaumsjónar. Við leggjum áherslu á umhverfisvæna og mannlega nálgun í okkar störfum. Hjá okkur starfa yfir 150 frábærir starfsmenn. www.solarehf.is



Félagsráðgjafi

Tryggingastofnun auglýsir eftir félagsráðgjafa í teymi á Réttindasviði sem vinnur við mat á endurhæfingu. Um er að ræða fullt starf.

Starfssvið:

- Meta umsóknir um endurhæfingarlífeyri
- Veita ráðgjöf til fag- og samstarfsaðila
- Þátttaka í þróunarvinnu innan og utan stofnunar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Löggilt starfsleyfi í félagsráðgjöf er skilyrði
- Nokkurra ára starfsreynsla úr félags- eða heilbrigðisþjónustu
- Góð samskiptafærni og jákvæð viðhorf nauðsynleg
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Frumkvæði, metnaður og hæfni að vinna undir álagi
- Þekking á endurhæfingarræðum, almanna-tryggingum og heilbrigðis- og velferðarþjónustu er mikilvæg

Umsóknarfrestur er til og með 23. júní nk.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármála-ráðherra og Félagsráðgjafafélags Íslands. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi.

Nánari upplýsingar um starfið veita Margrét S. Jónsdóttir, deildarstjóri lífeyrisdeildar, og Hólmfríður Erla Finnsdóttir, mannauðsstjóri, sími 560 4400.

Umsækjendur eru beðnir að sækja um á starfatorg.is.

Starfsemi Réttindasviðs felur m.a. í sér ákvörðun réttinda um ellilífeyri, örorku- og endurhæfingarlífeyri auk tengdra greiðslna. Einnig falla undir starfsemi sviðsins fjölskyldutengdar greiðslur s.s. umönnunar- og foreldragreiðslur, barnalífeyrir og meðlag.


Nánari upplýsingar má finna á www.tr.is



Laugavegi 114 | 105 Reykjavík | Sími 560 4400

Gildi Tryggingastofnunar eru traust, metnaður og samvinna.

Hjá Tryggingastofnun, einni helstu miðstöð velferðarmála á Íslandi, starfa um 100 manns við að veita stórum hópi landsmanna trausta þjónustu. Tryggingastofnun leggur áherslu á að hafa í röðum sínum hæft starfsfólk til að sinna fjölbreyttum verkefnum stofnunarinnar. Lögð er áhersla á fjölskylduvænt starfsumhverfi með sveigjanlegum vinnutíma.



LÍÐUR ÞÉR VEL Í LAGALEGU UMHVERFI?

LOGOS leitar að skrifstofustjóra

Laust er til umsóknar starf skrifstofustjóra LOGOS lögmannsþjónustu. Um er að ræða fullt starf við stærstu og framsæknu lögmannsstofu landsins þar sem stór og samhentur hópur lögfræðinga og annarra starfar. LOGOS er með starfsstöðvar í Reykjavík og London og er í forystu við að veita íslenskum og erlendum fyrirtækjum lögfræðiráðgjöf.

Starfssvið

Skrifstofustjóri LOGOS ber ábyrgð á rekstrarsviðum lögmannsstofunnar, skipuleggur starf þeirra og vinnur að því að hámarka skilvirkni þeirra í samræmi við stefnu eigenda og stjórnenda stofunnar. Skrifstofustjóri hefur umsjón með fjármálum, kynningarmálum, upplýsingatækni og mannauðsmálum í samvinnu við faglegan framkvæmdastjóra.

Hæfniskröfur

- Háskólagráða í viðskiptafræðum eða skyldum greinum
- Viðtæk stjórnunar- og rekstrarreynsla
- Reynsla af kynningar- og markaðsmálum
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Gott vald á íslenski og enski tungu
- Færni í samskiptum
- Góð tölvukunnátta

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með 16. júní 2014 og skulu umsóknir og fyrirspurnir berast til faglegs framkvæmdastjóra LOGOS, Helgu M. Óttarsdóttur, á netfangið umsoknir@logos.is. Umsóknareyðublöð má finna á heimasíðu LOGOS, www.logos.is.

Efstaleiti 5
103 Reykjavík
Iceland
+354 5 400 300
+354 5 400 301

42 New Broad Street
London EC2M 1 JD
England
+44 (0) 207 920 3020
+44 (0) 207 920 3099

LOGOS

LEGAL SERVICES
SINCE 1907

Capacent Ráðningar

REKSTRARSTJÓRI

SORPA bs. óskar eftir að ráða rekstrarstjóra endurvinnslustöðva. Endurvinnslustöðvar SORPU eru sex talsins og reknar samkvæmt samningi milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og SORPU bs. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi til krefjandi verkefna í lifandi umhverfi. Nánari upplýsingar um SORPU á www.sorpa.is.

Helstu verkefni:

- Gerð rekstraráætlunar og eftirfylgni
- Daglegur rekstur og stjórnun
- Ábyrgð á að endurvinnslustöðvar séu reknar í samræmi við gildandi samninga og starfsleyfi
- Ábyrgð á gæða-, umhverfis og öryggisstöðlum ISO 9001 og ISO 14001
- Þátttaka í stefnumótun
- Verkefnastjórnun endurvinnslustöðva á sviði flokkunar og þjónustu
- Umsjón og eftirlit með skrifstofuhúsnæði SORPU

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Þekking og reynsla á úrgangsstjórnun skilyrði
- Menntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun á sviði umhverfismála er skilyrði
- Reynsla af rekstri, áætlanagerð og eftirfylgni
- Reynsla af viðhaldi fasteigna
- Góð almenn tölvukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Skipulagshæfileikar, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð kunnátta í íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli

Umsóknarfrestur er til og með 17. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Erik Christianson Chaillot (erik.chaillot@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14
Sími 540 1000

capacent

Framleiðslustjóri

Þekkt og öflugt framleiðslufyrirtæki í Reykjavík óskar að ráða framleiðslustjóra til starfa sem fyrst.

Framleiðslustjóri er einn af lykilstjórnendum fyrirtækisins og ber mikla ábyrgð. Um krefjandi starf er að ræða sem gefur öflugum aðila möguleika á að hafa áhrif á þróun vaxandi fyrirtækis.

Helstu verkefni

- Framleiðsluáætlanagerð og frávikagreining
- Viðhaldsstjórn, innkaupastýring og vörustjórnun
- Gerð og framkvæmd viðhaldsáætlunar
- Samskipti við birgja um viðhald og eftirlit með viðhaldskostnaði
- Birgðastaða og eftirlit með hráfnisbirgðum
- Tillögugerð að innkaupum
- Starfsmannahald og verkstjórn

Hæfnis- og menntunarkröfur

- Farsæl stjórnunarreynsla tengd framleiðslu og/eða viðhaldi
- Menntun í verkfræði, tæknifræði eða vélstjórn
- Reynsla og þekking á gæðamálum
- Góð kunnátta í ensku og norðurlandamáli

Eiginleikar

- Sterkir leiðtogaeiginleikar
- Góð greiningarhæfni
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar

Upplýsingar veita:

Leifur Geir Hafsteinsson
leifurgeir@hagvangur.is

Elísabet Sverrisdóttir
elisabet@hagvangur.is.

Umsóknarfrestur er til og með 15. júní nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 · 105 REYKJAVÍK · SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Má bjóða þér kaffi?

Þjónustufulltrúi í fyrirtæjaþjónustu Pennans.

Starfssvið:

- Heimsóknir til viðskiptavina
- Vinna að uppsetningu kaffivéla og vatnsvéla
- Léttar viðgerðir
- Kennsla og þjálfun í notkun búnaðar
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun í rafeindavirkjun er kostur
- Rík þjónustulund
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður í vinnubrögðum og úrlausnagóður.

Um framtíðarstarf er að ræða og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Áhugasamir vinsamlegast sendið umsóknir og fyrirspurnir á atvinna@penninn.is fyrir 18. júní nk.

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni
Álfabakka 14b,

Laugavegi 77
Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2

Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Penninn - Hallarmúla 4



Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

AÐALBÓKARI hjá frábæru framleiðslufyrirtæki



Oddi leitar að öflugri manneskju í starf aðalbókara til að stýra og skipuleggja uppgjör fyrirtækisins. Aðalbókari er yfirmaður reikningshalds og stýrir mikilvægum þætti bókhaldsvinnslu fyrirtækisins. Aðalbókari gerir mánaðarleg uppgjör í samráði við fjármálastjóra, sérfræðinga á fjármálasviði og endurskoðanda félagsins.

Fjármálasvið Odda tilheyrir Kvos, sem er móðurfélag Odda, en það er eitt stærsta framleiðslufyrirtæki landsins. Hjá Odda starfa um 300 manns, sem sinna 3.500 kröfuhörðum viðskiptavinum. Um 70% umsvifa fyrirtækisins eru á sviði umbúða-framleiðslu – einkum úr bylgjupappír, kartoni og plasti, en 30% felast í fjölbreyttri prentþjónustu.

STARFSSVIÐ

- Umsjón með skráningu fylgiskjala
- Afstemmingar
- Uppgjör

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Viðskiptafræðimenntun er kostur
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Lipurð og ljúfleiki í samskiptum
- Þjónustulund og gott viðmót

Oddi er fjölskylduvænt og jafnréttissinnað fyrirtæki, sem býr vel að starfsfólki og leggur mikla áherslu á mannauð, símenntun og þróun í starfi.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ína Edda Þórsdóttir, fjármálastjóri Kvosar og Odda, í 515-5000 eða ina@kvos.is.

Umsóknarfrestur er til og með 16. júní. Sækið um starfið á vefsvæði Odda. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað.



MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR

SJÁLFTÆÐI - FÆRNI - FRAMFARIR



Skólameistari Menntaskóla Borgarfjarðar

Laust er til umsóknar embætti skólameistara við Menntaskóla Borgarfjarðar í Borgarnesi. Skólinn býður upp á þriggja ára nám og fjórar námsleiðir: Opna braut, félagsfræðibraut, náttúrufræðibraut og starfsbraut.

Starfssvið

Skólameistari veitir framhaldsskólanum forstöðu. Hann stjórnar daglegum rekstri og starfi skólans og gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar og að henni sé fylgt og hefur frumkvæði að gerð skólanámskrár og umbótastarfi innan skólans.

Menntunar- og hæfniskröfur

Skólameistari skal uppfylla skilyrði laga um hæfi, nr. 87/2008. Skólameistari þarf m.a. að hafa kennsluréttindi á framhaldsskólastigi. Leitað er eftir einstaklingi með stjórnunar- og rekstrarreynslu, leiðtoga- og samskiptahæfni, reynslu af stefnumótunarvinnu og hæfileika til nýsköpunar. Ný lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 fela framhaldsskólum aukna ábyrgð á skilgreiningu námsbrauta, þróun námsframboðs á mörkum skólastiga og fræðsluskyldu til 18 ára aldurs. Skólameistari gegnir því mikilvægu hlutverki í mótun skólastarfs.

Ráðning og kjör

Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar ræður skólameistara. Æskilegt væri að skólameistari hæfi störf í síðasta lagi 1. ágúst 2014 og kæmi að undirbúningi skólastarfs fyrir skólaárið 2014-2015. Laun skólameistara eru samningsatriði. Skólameistari skal búa í Borgarbyggð.

Upplýsingar veita:

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Elísabet Sverrisdóttir
elisabet@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 22. júní nk.

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is ásamt upplýsingum um starfsheiti, menntun og fyrri störf.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700
www.hagvangur.is



VAKI er framsækið og leiðandi fyrirtæki með áherslu á vöruþróun og sölu á hátækniþúnaði fyrir fiskeldi. Vörur VAKA eru þróaðar og framleiddar á Íslandi og seldar í yfir 50 löndum. Starfsmenn eru 28 talsins á Íslandi og 16 starfsmenn starfa í dótturfyrirtækjum VAKA í Chile og Noregi. Sjá nánar á www.vaki.is

Við leitum að öflugum einstaklingum til þess að takast á við krefjandi verkefni sem framundan eru. Við bjóðum upp á spennandi starfsvettvang í vaxandi alþjóðlegu umhverfi, góða starfsaðstöðu og árangurstengd launakjör.

Þjónustustjóri

Um er að ræða nýja stöðu sem heyrir beint undir framkvæmdastjóra.

Helstu verkefni

- Umsjón með framkvæmd þjónustusamninga
- Samþætting þjónustuaðila erlendis
- Uppbygging á þjónustuveri
- Umsjón með ferli viðgerða

Menntun og hæfniskröfur

- Haldgöð tæknimenntun sem nýtist í starfinu
- Reynsla af sambærilegu starfi er mikill kostur
- Tungumál: Enska og norska (skandinavískt mál)
- Jákvæðni og rík þjónustulund nauðsynleg
- Frumkvæði, sjálfstæði og góðir samskiptahæfileikar

Hugbúnaðarsérfræðingur

Starfið felst í að gera umbætur á núverandi hugbúnaði ásamt því að þróa nýjar lausnir á sviði gagnabirtingar og úrvinnslu.

Helstu verkefni

- Hönnun, útfærsla og rekstur á hugbúnaðarkerfi fyrir framleiðslustýringu í fiskeldi
- Umsýsla gagnagrunna og þróun hugbúnaðar til greiningar gagna
- Þróun á vefsíðu og skýrslugerð
- Þátttaka í þróunarverkefnum

Menntun og hæfniskröfur

- Háskólapróf í tölvunarfræði eða verkfræði
- Þekking á C#, ASP.NET, SQL
- Reynsla af hugbúnaðargerð er mikill kostur
- Frumkvæði, sjálfstæði og góðir samskiptahæfileikar

Verkfræðingur/ Tæknifræðingur

Starfið er hluti af þróunarteymi Vaka.

Helstu verkefni

- Þróun á tæknibúnaði sem m.a. byggir á tölvusjón
- Úrvinnsla gagna frá mælitækjum
- Þátttaka í þróunarverkefnum

Menntun og hæfniskröfur

- Háskólapróf í verkfræði eða tæknifræði
- Tungumál: Enska skilyrði og norska kostur
- Tölvukunnátta: Reynsla af forritun
- Frumkvæði, sjálfstæði og góðir samskiptahæfileikar

Upplýsingar veitir:

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 16. júní.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700
www.hagvangur.is



Reykjavíkurborg

Fjármálaskrifstofa / Innkaupadeild

Starf við launavinnslu í Kjaradeild Sérfræðingur á innkaupadeild

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar auglýsir starf sérfræðings á innkaupadeild laust til umsóknar. Innkaupadeild ber ábyrgð á ráðgjöf á sviði innkaupamála ásamt því að framkvæma öll innkaupaferli í samvinnu við kaupanda. Um er að ræða fjölbreytt og áhugavert starf á sviði opinberra innkaupa og ber sérfræðingur á innkaupadeild ábyrgð á gerð útboðsgagna, hönnun á matslíkönum, gerð rökstuðnings og samningsstjórnun. Ráðgjöf til sviða borgarinnar vegna innkaupamála og útboðsgerðar er einnig ríkur þáttur starfsins.

Starfssvið:

- Gerð útboðs- og verðfyrirspurnagagna
- Ráðgjöf vegna innkaupa- og útboðsmála
- Skipulagning og gerð innkaupaferla
- Innkaupagreining og umsjón með stórum innkaupum s.s. rammisamningsútboðum og magninnkaupum
- Þátttaka í þróun vefsíðu skrifstofunnar
- Þátttaka í þróun rafrænna innkaupa
- Almenn störf varðandi innkaup og útboð, reikningsleg yfirferð tilboða og upplýsingagjöf

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking á opinberum innkaupum
- Reynsla í gerð útboðslýsinga æskileg
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Haldgóð tölvuþekking og kunnátta til að nýta upplýsingakerfi sem stjórnæki
- Þjónustulund og lípurð í samskiptum
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Reykjavíkurborg er skapandi og metnaðarfullur vinnustaður með hátt í átta þúsund starfsmenn. Verkefni eru afar fjölbreytt og snerta daglegt líf borgarbúa með margvíslegum hætti.

Um laun og starfskjör fer samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við hlutaðeigandi stéttarfélag. Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Upplýsingar um starfið veitir Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir, deildarstjóri innkaupadeilda í síma 411 1111

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á vef Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf til og með 13. júní nk.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í. Reykjavíkurborg vinnur gegn mismunun á vinnumarkaði og hvetur innflytjendur, fatlað fólk, hinsegin fólk og fólk á öllum aldri til að sækja um störf hjá borginni.

Waldorf kennari óskast

Waldorfskólinn Sólstafr í Reykjavík auglýsir lausa stöðu bekkjarkennara á miðstigi.

Skólinn er sjálfstætt starfandi almennur grunnskóli sem hefur að leiðarljósi aðferðafræði waldorfstefunnar í starfi sínu.

Nánari upplýsingar á solstafir@waldorf.is



MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR

Menntaskóli Borgarfjarðar óskar eftir að ráða kennara í eftirfarandi stöður fyrir skólaárið 2014 – 2015:

• Enska, 60% staða

• Spænska, 60% staða

Hæfniskröfur:

Háskólapróf í viðkomandi grein
Kennsluréttindi á framhaldsskólastigi
Hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar gefur Kolfína Jóhannesdóttir skóla-meistari, kolfinna@menntaborg.is eða í síma 433 7701.

Umsóknarfrestur er til 20. júní og skal senda umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið kolfinna@menntaborg.is

HÚSASMIÐJAN LEITAR AÐ ÖFLUGUM LIÐSMÖNNUM



Húsasmiðjan vill ráða metnaðarfulla og þjónustulundaða starfsmenn til sölu- og afgreiðslustarfa í verslun fyrirtækisins í Skútuvogi.

Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að hefja störf sem fyrst

Festinga- og verkfæradæild

Ábyrgðarsvið

- Sala, ráðgjöf og þjónusta við viðskiptavini
- Ýmis önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur

- Þekking á byggingavörum æskileg
- Rík þjónustulund og samskiptahæfni
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð

Heimilistækjædæild

Ábyrgðarsvið

- Sala, ráðgjöf og þjónusta við viðskiptavini
- Ýmis önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur

- Reynsla af verslunarstörfum æskileg
- Rík þjónustulund og samskiptahæfni
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð

Hvetjum lífsreynt fólk með reynslu af byggingarvinnu og eða sölustörfum til að sækja um störfin.

Umsóknir berist fyrir 15. júní n.k. til Guðrúnar Kristinsdóttur gu drunk@husa.is
Öllum umsóknum verður svarað



Húsasmiðjan leggur metnað sinn í að veita fyrsta flokks þjónustu og hafa gott aðgengi að vörum sínum og starfsfólki. Það sem einkennir starfsmenn Húsasmiðjunnar eru eftirfarandi gildi:

Metnaður
Þjónustulund
Sérþekking
Áreiðanleiki
Liðsheild



ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR
PJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar Lausar stöður í grunnskóla

Áslandsskóli (585 4600 leifur@aslandsskoli.is)

- Almenn kennsla í yngri deild
- Almenn kennsla í miðdeild
- Skólalíði

Hraunvallaskóli (664 5872 lars@hraunvallaskoli.is)

- Kennsla á yngsta stigi
- Kennsla á miðstigi
- Kennsla í sviðslistum (leiklist og dans)
- Sérkennsla
- Íslenskukennsl (nem. með annað móðurmál en íslensku)
- Þroskaþjálf

Hvaleyrarskóli (565 0200 helgi@hvaleyrarskoli.is)

- Umsjónarkennsla á miðstigi
- Náttúrufr. á unglingsstigi (afleysing til 4. des)
- Heimilisfræðikennsla
- Sérkennsla

Lækjarskóli (664 5877 haraldur@laekjarskoli.is)

- Deildarstjóri á unglingsstigi
- Sérkennsla f. nemendur með þroskaröskun
- Pólskukennsla í móttökudeild (50%), góð íslenskukunnátta æskuleg

Víðistaðaskóli (595 5800 hronn@vidistadaskoli.is)

- Umsjónarkennsla á yngsta stigi
- Sérkennsla
- Ensukukennsla
- Dönskukennsla
- Stuðningsfulltrúi

Öldutúnsskóli (555 1546 valdimar.vidisson@oldtunsskoli.is)

- Náttúrufræðikennsla á unglingsstigi
- Stærðfræðikennsla á unglingsstigi til áramóta
- Umsjónarkennsla á miðstigi
- Stuðningsfulltrúi

Allar upplýsingar gefa skólastjórar viðkomandi skóla. Sjá nánar á heimasíðum skólanna.

Umsóknarfrestur er til 10. júní 2014.

Samkvæmt jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið.

Fræðslustjóri

Bifvélavirki

Bifvélavirki með góða reynslu í viðgerðum óskast til starfa sem fyrst á verkstæði okkar. Æskilegt að viðkomandi hafi góða þekkingu á rafmagni og einnig er nauðsynlegt að umsækjandi sé vel talandi á íslensku. Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi sem hefur frumkvæði, góða samstarfshæfileika og hæfni til að vinna sjálfstætt.

Áhugasamir sendi inn umsóknir á netfangið info@bilahlutir.com fyrir 18. júní n.k.

Bílahlutir ehf

Eldshöfða 4, 110 Reykjavík, sími 587-5058
www.bilahlutir.com

Matvælafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða verkstjóra

Um er að ræða rótgróið framleiðslufyrirtæki sem framleiðir á innanlands og erlenda markaði.

Ef þú býrð yfir framúrskarandi hæfileikum í mannlegum samskiptum og reynslu af verkstjórn í matvælafyrirtæki þá ert þú hugsanlega rétt maðurinn/konan í starfið.

Æskilegt er að viðkomandi hafi menntun sem nýtist í starfi, svo sem matvælafræði, matvælafræði eða önnur menntun sem nýtist.

Umsóknir sendast á starf123@gmail.com

Umsóknarfrestur er til 16. Júní 2014

UMSJÓNAMAÐUR UPPLÝSINGAKERFA

Hagkaup er smásölufyrirtæki, sem býður íslenskum heimilum breitt úrval af vörum til daglegra þarfa, jafnt í matvöru, sem fatnaði, húsbúnaði og vörum til tómstundaiðkunar.

Hjá Hagkaup starfar samhentur hópur fólks, um 850 manns í 500 stöðugildum.

Hagkaup óskar eftir að ráða í starf umsjónamanns upplýsingakerfa fyrirtækisins.

Starfssvið:

- Framfylgja upplýsinga- og öryggisstefnu Haga
- Rekstrarumsjón upplýsingakerfa í samstarfi við Haga
- Verkefnastjórnun minni verkefna og þjónustuviðvika
- Forgreining minni verkefna og þjónustuviðvika
- Úrlausn verkefna og þjónustuviðvika, eftir því sem við á
- Kostnaðareftirlit
- Skjölun viðskiptaferla
- Ráðgjöf til stjórnenda

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun æskileg
- Að lágmarki þriggja ára starfsreynsla við rekstur upplýsingakerfa
- Skipulögð, nákvæm og öguð vinnubrögð
- Þekking á greiningavinnu í upplýsingatækni
- Þekking á viðskiptaferlum ásamt skilningi á rekstrarumhverfi
- Mjög góð innsýn í upplýsingatækni og kerfisstjórnun
- Mjög góð þekking á Dynamics Nav eða öðrum ERP kerfum
- Þekking á rekstri upplýsingakerfa verslanafyrirtækja er æskileg
- Góð enskukunnátta
- Þjónustulipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Umsóknum skal skilað inn á skrifstofu Hagkaups í Holtagörðum eða í tölvupósti á starfsmannahald@hagkaup.is fyrir 10. júní
- Allar nánari upplýsingar veitir Arndís Arnarsdóttir starfsmannastjóri í síma 563 5000

HAGKAUP
Ein færð betra verð



Áhættustýring Íslandsbanka

Deildarstjóri markaðsáhættu

Umsóknarfrestur er til og með 15. júní nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.islandsbanki.is og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá.

Í Áhættustýringu starfar samhentur og metnaðarfullur hópur sérfræðinga við að greina áhættu og miðla upplýsingum. Áhættustýring beitir sér fyrir sífelldum umbótum innan bankans og stuðlar þannig að upplýstri ákvarðanatöku og sterkri áhættuvitund. Áhættustýring heyrir beint undir bankastjóra.

Helstu verkefni:

- Yfirumsjón með umgjörð um stýringu markaðsáhættu
- Eftirlit og skýrslugjöf
- Samskipti við stjórnendur og eftirlitsaðila
- Þróun og viðhald áhættumatslíkana og álagsprófa
- Sérhæfð greiningarverkefni

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Starfsreynsla af fjármálamarkaði
- Leiðtogahæfni, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Greiningarhæfni og reynsla í að miðla efni í ræðu og riti, bæði á íslensku og ensku
- Forritunarkunnátta og reynsla af notkun fyrirspurnartóla

Nánari upplýsingar:

Guðbjörg Anna Guðmundsdóttir, forstöðumaður Efnahags- og markaðsáhættu, 440 4662, gudbjorg.anna.gudmundsdottir@islandsbanki.is

Sigrún Ólafsdóttir ráðningastjóri, 440 4172, sigrun.olafs@islandsbanki.is

Við bjóðum góða þjónustu. Hjá Íslandsbanka starfa um 1.000 starfsmenn. Við sækjumst eftir starfsfólki sem er jákvætt, faglegt og framsýnt og leitar ávallt bestu lausna fyrir viðskiptavinum bankans. Framtíðarsýn Íslandsbanka er að vera númer eitt í þjónustu.


Íslandsbanki

ÚTSTILLINGAR

Við leitum að manneskju með brennandi áhuga á verslunarstörfum og tísku til að sinna útstillingum í verslunum okkar.

Starfið felst í:

- Umsjón með vöruframsetningu samkvæmt stöðlum fyrirtækisins.
- Umsjón með vörumóttöku
- Þjónustu við viðskiptavinum í verslun
- Sölustýringu

Hæfniskröfur:

- Reynsla af útstillingum í verslun
- Reynsla af verslunarstörfum
- Samskiptahæfni
- Skipulagshæfni
- Tölvukunnátta
- Getu til að vinna undir álagi

Vinnutíminn er samkvæmt opnartímum í verslunum og fyrsta laugardag hvers mánaðar.

Áhugasmair sendi umsókn ásamt ferilskrá á cv@zara.is Umsóknarfrestur er til 15. Júní.

ZARA

MLTU VERA MEÐ!

Lagerstarfsmaður á aldrinum 25 - 45 ára óskast í hressst og framsækið fyrirtæki. Fjölbreytt framtíðarstarf með 80 - 100% starfshlutfall sem býður upp á ótal möguleika.

Helstu verkefni eru:
Lagerhald og skipulag
Útkeysla
Tilskil þarftana
Símasörun.

Þú þarft að geta hafið störf fljótt, helst innan 1-2 mánaða. Umsóknarfrestur til og með 18. júní.

bpro er höldsla sem sörhólf og í innlétningu á há- og snyttvörum. Vörur eru að finna á öllum helstu högröðustofum landins og hefur markaðshlutdeild fyrirtækisins farið hratt vaxandi. Ný og spennandi tækifæri eru framundan og viljum við hafa skemmtilegt starfsfólk með okkur í b5.

Umsókn og ferilskrá berist á baldur@bpro.is

label m HISSMONEY, PALCO new kid

VAKTSTJÓRI ÓSKAST!

KREFJANDI STARF!

English Pub Austurstræti óskar eftir að ráða vaktstjóra til starfa á líflegum og skemmtilegum stað.

Umsækjendur verða að hafa **reynslu af því að starfa á bar, metnað í starfi** og verða að vera **eldri en 20 ára**.

Nánari upplýsingar fást í síma 697 9003.

Umsækjendur sendi **umsókn ásamt ferilskrá og mynd** á tölvupóstfangið enskibarinn@enskibarinn.is

THE ENGLISH PUB
Save Water, Drink Beer

FORSTJÓRI SAMGÖNGUSTOFU



Innanríkisráðherra auglýsir embætti forstjóra Samgöngustofu laust til umsóknar.

Samgöngustofa tók til starfa þann 1. júlí 2013 við færslu á stjórnsýslu- og eftirlitsverkefnum Flugmálastjórnar, Siglingastofnunar, Umferðarstofu og Vegagerðar yfir í nýja stofnun sem fer með stjórnsýslu samgöngumála og annast eftirlit með samgöngugreinum.

Forstjóri Samgöngustofu stýrir stofnuninni og ber ábyrgð á rekstri hennar, þjónustu og árangri. Forstjóri skal hafa háskólamenntun sem nýtist í starfi, búa yfir góðri reynslu af stjórnun og rekstri og hafa góða samskiptafærni. Reynsla af alþjóðasamstarfi er kostur, sem og reynsla af sameiningum fyrirtækja eða stofnana. Leitað er eftir einstaklingi sem hefur leiðtogahæfileika, er framsýnn í hugsun, hefur góða þekkingu eða reynslu af stefnumótun, hefur sýnt hæfni í samskiptum og samvinnu og hefur metnað til að ná árangri í þágu almennings og atvinnulífs.

Hugmyndir umsækjanda um framtíðarsýn fyrir Samgöngustofu skulu fylgja umsókn.

Hæfni umsækjanda verður metin af þriggja manna nefnd sem innanríkisráðherra skipar.

Innanríkisráðherra skipar forstjóra Samgöngustofu til fimm ára. Um laun og önnur starfskjör fer eftir ákvörðun kjararáðs.

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um auglýst starf.

Upplýsingar um embættið veitir Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri innanríkisráðuneytis í síma 545 9000.

Umsóknum skal skila rafrænt á postur@irr.is eða til innanríkisráðuneytisins, Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík.

Umsóknarfrestur er til 22. júní nk. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun liggur fyrir.

Starf forstöðumanns tæknideildar Snæfellsbæjar er laust til umsóknar

Hlutverk og ábyrgðarsvið:
Forstöðumaður tæknideildar Snæfellsbæjar hefur yfirumsjón með skipulags- og byggingarmálum og öllum verklegum framkvæmdum og viðhaldi á vegum sveitarfélagsins. Forstöðumaðurinn hefur forystu um faglegan undirbúning við mótun stefnu sveitarfélagsins á sviði skipulags- og byggingamála á hverjum tíma og er skipulags- og byggingarnefndum, bæjarstjóra og bæjarstjórn til ráðgjafar á því sviði og sér um að lögum um mannvirki nr. 160/2010, skipulagslögum nr. 123/2010 og öðrum lögum og reglugerðum varðandi byggingarmál í sveitarfélaginu sé framfylgt. Hann ber m.a. ábyrgð á skráningu mannvirkja, eftirliti með viðhaldi, staðfestingu eignaskiptayfirlýsinga, gjaldtöku, skráningu, varðveislu og miðlun upplýsinga um mannvirki til íbúa.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði skipulags- og byggingarmála sbr. 8 gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 og 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er skilyrði.
- Þekking á lögum um mannvirki, skipulagslögum, byggingarreglugerð er æskileg.
- Reynsla af stjórnun er æskileg.
- Þekking á starfsumhverfi opinberrar stjórnsýslu er æskileg.
- Leiðtogahæfileikar, frumkvæði, framsýni og skipulagshæfni.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund.
- Hæfni til þess að tjá sig í ræðu og riti á íslensku.
- Góð almenn tölvukunnátta.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi fagfélags og Launanefndar sveitarfélaga.

Umsóknarfrestur er til og með 16. júní nk.

Umsækjendur eru beðnir um að senda umsókn til Kristins Jónassonar, bæjarstjóra, á netfangið kristinn@snb.is Umsókninni þarf að fylgja greinargott yfirlit yfir nám og störf þar sem umsækjandi gerir sérstaklega grein fyrir hæfni til starfars út frá ofangreindum hæfniskröfum. Umsækjendur eru beðnir um að tilgreina a.m.k. 2 umsagnaraðila í umsókn sinni.

Öllum umsóknum verður svarað



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Samgöngustofa



RÚV leitar vefforritara

Nýmiðladeild er litil deild með stórt verkefni: Að reka og þróa RÚV.is, virkja eina helstu menningar- og lýðræðisstofnun þjóðarinnar, sem framleiðir meira af efni en nokkur annar íslenskur fjölmiðill og finna nýjar leiðir til að miðla því efni – allan sólarhringinn, alla daga ársins í sífellt fleiri tæki af öllum gerðum.

Við leitum að metnaðarfullum og sjálfstæðum forriturum sem geta bæði unnið náð í litlum hóp og borið ábyrgð á stórum verkefnum einir. Við eigum í miklu samstarfi við frétt- og dagskrárgerðarmenn RÚV og því er lipurleiki í mannlegum samskiptum afar mikilvægur. Frumkvæði og hugmyndaauði eru nauðsynlegir eiginleikar.

RÚV.is er skrifaður í drupal 7, keyrir á PHP 5 og MySQL 5 gagnagrunni á Apache vefþjóni. Nauðsynlegt er að umsækjendur geti hafið störf ekki síðar en 1. júlí nk.

Nánari upplýsingar og umsóknarform á www.RUV.is/um-nuv/storf. Frekari upplýsingar veitir Ingólfur Bjarni Sigfússon nýmiðlastjóri í síma 515-3000 eða tölvupósti ingolfur.bjarni.sigfusson@ruv.is.



MOSFELLSBÆR

Leikskólinn Hulduberg í Mosfellsbæ auglýsir lausar stöður

Hulduberg er sex deilda leikskóli. Þar eru um 140 börn á aldrinum 2-4 ára og er aldursblöndun á öllum deildum. Áherslur í starfi leikskólans er umhverfismennt og að njóta og nýta náttúruleg gæði.

Leikskólinn Hulduberg er staðsettur við Lágafellsskóla og íþróttamiðstöðina Lágafelli.

Auglýst eru laus eftirfarandi störf:

- Staða leikskólakennara í deildastjórn.

Hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og metnaður
- Lausnamiðuð hugsun og færni til að koma hugmyndum í framkvæmd

- Staða leikskólakennara eða þroskaþjálfara í 100% sérkennslustöðu.

Hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun eða önnur uppeldismenntun
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og metnaður
- Færni í að vinna með börnum með sérþarfir

- Staða aðstoðarmanns í eldhúsi

Hæfniskröfur:

- Dagleg störf í eldhúsi
- Aðstoð við matargerð í samvinnu við matreiðslumann
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og metnaður

Laun eru greidd í samræmi við kjarasamning Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til 18. júní 2014.

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu berast á netfangið hulduberg@mos.is.

Upplýsingar um leikskólann má finna á heimasíðu skólans www.hulduberg.is.

Nánari upplýsingar veitir leikskólastjóri Þuríður Stefánsdóttir og aðstoðarleikskólastjóri Guðrún Víktorsdóttir í síma 5868170 og 8670727.

Fólk af báðum kynjum er hvatt til að sækja um störfin.

Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA



Vegna aukinna umsvifa óskar Pingvangur ehf. eftir að ráða

Smiði og vélamenn

Óskum eftir vönum smiðum í mismunandi verkefni eins og

- Mótasmiði
- Almenna smíðavinnu
- Viðhald/breytingar

Hægt er að senda umsóknir á netfangið gisli@thingvangur.is þar sem jafnframt eru veittar nánari upplýsingar um störfin.

Óskum eftir vönum vélamönnum með vinnuvélaréttindi og meiraprófsréttindi.

Hægt er að senda umsóknir á netfangið reynir@thingvangur.is þar sem jafnframt eru veittar nánari upplýsingar um störfin.

change RULES.

cohn & wolfe

cohnwolfe.is

Cohn & Wolfe Íslandi er ráðgjafafyrirtæki á sviði stefnumótandi almannatengsla og stjórnháttanna innan Young & Rubicam, Grey Global Group og WPP Group, stærstu boðmiðlunarsamsteypu í heimi. WPP Group er eina alþjóðlega fyrirtækið á þessu sviði sem starfrækir eigin skrifstofur á Íslandi. WPP Group rekur einnig skrifstofu MediaCom hér á landi.

Cohn & Wolfe Íslandi kallar eftir atvinnuumsóknum. Þú vilt takast á við skipulagningu á sviði almannatengsla. Vilt læra. Vilt gjarnan fara aðrar leiðir en venjulega í þeim tilgangi að ná betri árangri en aðrir. Þú vilt vinna hjá framsæknu alþjóðlegu fyrirtæki í ört vaxandi atvinnugrein.

Almannatengsl í alþjóðlegu umhverfi

Sérfræðingur í almannatengslum

Í boði er spennandi og fjölbreytt ráðgjafastarf í alþjóðlegu umhverfi sem felur í sér mikil tækifæri fyrir metnaðarfullan einstakling. Leitað er eftir faglærðum almannatengli sem býr yfir eldmóði og metnaði til að leggja á sig það sem þarf til að sinna almannatengslaráðgjöf á æðsta stigi.

Skarpskyggni, þroski og djúpur skilningur á aðferðafræði eru eiginleikar sem verða að vera til staðar auk þess sem viðkomandi verður að ráða yfir hæfileikum til að miðla fagráðgjöf fyrirtækisins í takt við formkröfur þess.

Réttur aðili þarf að eiga auðvelt með að ræða erfið mál með skýrum hætti og hafa þrek til að greina, túlka og miðla til samræmis við skilaboðastefnu.

Almannatengill með skipulagshæfileika

Óskað er eftir sérfræðingi í skipulagningu stærri og minni verkefna. Gerðar eru kröfur um mikla verkþekkingu og verður viðkomandi að ráða yfir innsæi og yfirsýn til að geta þróað aðgerða- og aðferðaáætlanir með hagkvæmum hætti.

Fagleg þekking á almannatengslum er nauðsynleg enda verður viðkomandi til dæmis að geta þróað hagaðilagreiningu, krísaáætlanir, boðskiptaáætlanir, langtímaáætlanir og stýrt málefnavinnu – allt grundvallað á skilaboðastefnu.

Viðkomandi sérfræðingur verður að hafa yfirgrípsmikla þekkingu á tilgangi, forsendum og markmiðum til að geta byggt stefnulegar, leiðarlegar og framkvæmdalegar áætlanir á réttum grunni.

Vaktstjóri á fréttavakt

Vaktstjóri á fréttavakt Cohn & Wolfe Íslandi þarf að vera góður og fjölhæfur penni með kunnáttu til að leita uppi og koma auga á áhugaverðar upplýsingar – bæði innanlands og utan.

Nauðsynlegt er að hafa fréttanef, geta greint kjarnann frá hisminu og meðhöndlað fréttir og fréttatengt efni með hliðsjón af boðskiptastefnu og hentugum boðleiðum hverju sinni. Starf vaktstjóra er á stigi aðferðamótunar.

Aðferðamótun felst í skipulagningu herferða, vali á boðrásum, boðleiðum og framsetningu skilaboða.

Umsækjendur verða að hafa gott vald á íslensku og ensku. Þekking og reynsla á öllum tegundum fjölmiðlunar auk skilnings á taktískri hugsun er mikilvæg. Góð tölvukunnátta og þekking á vefumsjónarkerfum er skilyrði.

Sendu umsókn á reykjavik@cohnwolfe.is strax í dag. Umsóknarfrestur er til og með 20. júní nk.

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent



Lögfræðingur

» með áhuga á umhverfismálum

Hjá Umhverfisstofnun er laust til umsóknar starf lögfræðings. Í boði er krefjandi starf í frjóu umhverfi sérfræðinga þar sem gildin fagmennska, samvinna, framsýni og virðing eru höfð að leiðarljósi.

Ítarlegri upplýsingar um starfið og hæfniskröfur til þess er að finna á starfatorgi.is og umhverfisstofnun.is/storf_i_bodi/

Umsóknarfrestur er til og með 23. júní 2014. Umsóknir skulu sendar til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík eða á netfangið umhverfisstofnun@umhverfisstofnun.is

FAGMENNSKA SAMVINNA FRAMSÝNI VIRÐING



HRAFNISTA REYKJAVÍK

Hjúkrunarfræðingar

Laus eru til umsóknar störf hjúkrunarfræðinga á:

- hjúkrunar- og endurhæfingardeild
- hjúkrunar- og dvalardeild.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Ákveður, skipuleggur og veitir hjúkrunar meðferð í samráði við skjólstæðing og ber ábyrgð á meðferð.
- Skipuleggur og hefur umsjón með störfum starfsfólks í samræmi við óskir og hjúkrunarþarfir skjólstæðinga.
- Veitir upplýsingar og fræðslu til skjólstæðinga og aðstandenda.
- Tekur þátt í teymisvinnu endurhæfingardeilda.
- Tekur þátt í RAI mati.
- Tekur þátt í gæðastarfi.

Hæfniskröfur:

- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Sveigjanleiki og sjálfstæð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar og jákvætt viðmót.

Starfshlutfall: 50 - 100% eða samkvæmt samkomulagi. Nánari upplýsingar veitir og umsóknir berist til Sigrúnar Stefánsdóttur forstöðumanns Hrafnistu í Reykjavík. Sími: 664 9400, netfang: sigrun.stefansdottir@hrafnista.is Umsóknareyðublað fást á www.hrafnista.is



Leikskólinn Rjúpnahæð

Ert þú matreiðslumaðurinn sem við erum að leita að?

Leikskólinn Rjúpnahæð óskar eftir metnaðarfullum og drifandi matreiðslumanni sem hefur áhuga á að skapa bragðgóðan og næringarrikan mat handa mikilvægustu þegnum landsins „börnunum okkar“.

Við leggjum mikla áherslu á að allur matur sé búin til frá grunni á staðnum og nýbakað heimager brauð.

Fyrir réttan aðila er boðið upp á skemmtilegt og skapandi starfsumhverfi, stuðning í starfi, góðan og fjölskylduvænan vinnutíma og eitt besta samstarfsfólk sem völ er á ☺

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 30. júní 2014.

Nánari upplýsingar veita Hrónn Valentínusdóttir, leikskólustjóri og Vigdís Guðmundsdóttir, aðstoðarleikskólustjóri í síma 570-4240. Einnig má senda fyrirspurnir á rjupnahaed@kopavogur.is

Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef [Kopavogsbajar www.kopavogur.is](http://Kopavogsbajar.kopavogur.is)



Kópavogsbær

kopavogur.is



Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga

Náms – og kennsluráðgjafi

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga auglýsir laust til umsóknar starf náms- og kennsluráðgjafa. Um er að ræða 100% starf í þjónustu við grunn- og leikskóla sveitarfélaganna á Snæfellsnesi, þ.e. Snæfellsbæjar, Grundarfjarðarbæjar, Stykkishólmsbæjar, Helgafellssveitar og Eyja- og Miklaholtshrepps.

Starfssvið

- Námsráðgjafi grunnskóla
- Kennsluráðgjafi grunn- og leikskóla
- Ráðgjöf til skólustjórnenda, foreldra og annarra samstarfsaðila
- Þverfagleg teymisvinna starfsmanna FSS
- Stefnumótun og umsjón endurmenntunar skólafnana

Hæfniskröfur

- Starfsbundin réttindi náms-, kennsluráðgjafa eða önnur sambærileg háskólamenntun er nýttist í tilgreindu starfi
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Samskipta- og samstarfshæfni

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands eða viðkomandi stéttarfélags.

Umsókn er tilgreini menntun, fyrri störf, 2 umsagnaraðila ásamt sakavottorði berist Sveini Þór Elinbergssyni, forstöðumanni Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, Klettsbúð 4, 360 Snæfellsbæ fyrir 26. júní n.k. Frekari upplýsingar veitir forstöðumaður í síma 861 7802, netfang: sveinn@fssf.is.



Sérkennsluráðgjafi við Flensburg

Skólinn auglýsir eftir sérkennsluráðgjafa í 50% starf. Ráðgjafinn vinnur með greiningar vegna námserfiðleika nemenda og veitir nemendum, kennurum og foreldrum ráðgjöf.

Umsóknarfrestur til og með 14. júní.

Sjá nánar á Starfatorgi eða hjá skólameistara, Magnúsi Þorkelssyni, maggi@flensburg.is.

www.flensburg.is

facebook.com/flensborgarskollinn
flensborg@flensburg.is
565-0400



IDNSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI
FAGMENNSKA · VIRÐING · ÞEKING

Matráður 100%
Ritari/ritarar 100% (eða 2 x 50%)

Idnskólinn í Hafnarfirði óskar eftir að ráða matráð eða starfsmann til starfa við mótuneyti skólans frá 1. ágúst 2014. Starfið felst í að sjá um að hafa á boðstólum morgunverð, hádegisverð og síðdegiskaffi fyrir nemendur og starfsfólk. Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu á rekstri mótuneytis.

Idnskólinn í Hafnarfirði óskar eftir að ráða ritara til starfa á skrifstofu skólans frá 1. ágúst 2014. Til greina kemur að ráða eina manneskju í fullt starf eða tvær manneskjur í hlutastörf. Í starfinu felst símsvörðun og öll almenn skrifstofuþjónusta við stjórnendur, kennara og nemendur auk þess að vinna við skjalagerð og vistun. Næsti yfirmaður ritara er fjármálastjóri.

Umsókn þarf ekki að vera á sérstöku eyðublaði. Með umsókn skal fylgja ítarlegar upplýsingar um fyrri störf, meðmælingur og menntun. Umsóknir skal senda til skólameistara á netfangið arsaell@idnskolinn.is eða á heimilisfang skólans; Idnskólinn í Hafnarfirði, Flatahrauni 12, 220 Hafnarfjörður.

Umsóknarfrestur er til 23. júní 2014. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi SFR.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ársæll Guðmundsson, skólameistari á netfanginu arsaell@idnskolinn.is eða í síma 5853600.

Öllum umsóknunum verður svarað og geta gilt í allt að sex mánuði Nánari upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu hans <http://www.idnskolinn.is/>.

Skólameistari

Grunnskólinn á Hólmavík



Lausar kennarastöður við Grunnskólann á Hólmavík skólaárið 2014-2015

- Meðal kennslugreina eru stærðfræði, samfélagsgreinar og íþróttir.

Umsækjendur um kennarastarf þurfa að hafa kennsluréttindi. Leitað er eftir einstaklingum með góða skipulagshæfileika og mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Reynsla af teymisvinnu og áhugi á þróunarstarfi eru mikilvægir eiginleikar. Umsækjendur skulu hafa hreint sakavottorð. Laun eru samkvæmt kjarasamningum LN og KÍ. Umsóknarfrestur er til 13. júní 2014.

Nánari upplýsingar veita

Hulda Ingibjörg Rafnarsdóttir, skólustjóri, sími 451 3129 og 698 0929
Ingibjörg Emilsdóttir, aðstoðarskólustjóri, sími 451 3129 og 695 4743

Umsóknunum með starfsferilsskrá og afrit prófskruteina þar sem við á ásamt upplýsingum um meðmælingur sendist Huldu I. Rafnarsdóttur á skolastjorar@holmavik.is eða Grunnskólinn á Hólmavík, Skólbraut 20-22, 510 Hólmavík

Grunnskólinn á Hólmavík er samrekin grun- og tónskóli með um 80 nemendum í 1. – 10. bekk þar sem lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám og samvinnu. Skólinn er Grænfánaskóli og er áhersla lögð á umhverfismennt og útinám. Við skólann starfar 20 manna samhentur hópur. Félagsmiðstöð ungmenna hefur aðstöðu í skólanum. Í Strandabyggð búa tæplega 520 manns þar af 380 manns í þéttbýliskjarnanum Hólmavík. Á staðnum er öll almenn þjónusta, góður leikskóli og glæsileg íþróttamiðstöð ásamt sundlaug með aðstöðu fyrir alla aldursþópá. Fjölbreyttir útivistarmöguleikar eru til staðar og náttúruferugurð mikil. Hólmavík er í einungis 233 km fjarlægð frá Reykjavík sem er um 3 tíma akstur.



Sérfræðingur í öldrunarlækningum

Sjúkrahúsið á Akureyri (SAK) auglýsir eftir sérfræðingi í öldrunarlækningum til starfa. Um er að ræða 100% afleysingarstöðu í eitt ár frá 1. september 2014.

Í starfinu felst dagvinna og vaktþjónusta á Öldrunarheimilum Akureyrar samkvæmt samstarfssamningi um sérfræðipjónustu í öldrunarlækningum milli Sjúkrahússins á Akureyri og Öldrunarheimila Akureyrar, auk vaktþjónustu á Kristnesspítala. Á Sjúkrahúsinu á Akureyri er öldrunarlækniþjónusta veitt á öldrunarlækningadeild Kristnesspítala, öðrum legudeildum sjúkrahússins og göngudeild.

Ábyrgðarsvið: Starfinu fylgir vaktskylda, þátttaka í kennslu heilbrigðisstétta, þálfun aðstoðar- og deildarlækna auk tækifæra til rannsóknvinnu.

Hæfniskröfur: Umsækjandi skal hafa fullgild réttindi í öldrunarlækningum. Við ráðningu verður lögð áhersla á faglega þekkingu ásamt hæfileikum á sviði samskipta, samvinnu og sjálfstæðra vinnubragða.

Næsti yfirmaður er forstöðulæknir endurhæfinga- og öldrunarlækninga. Nánari upplýsingar um stöðuna veitir Arna Rún Óskarsdóttir yfirlæknir öldrunarlækninga, í síma 4630100.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Læknafélags Íslands og Fjármálaráðuneytisins.

Umsóknarfrestur er til og með 21. júní 2014.

Umsóknnum skal skilað, á umsóknareyðublaði Embættis landlæknis um lækni- og stöðvun, sem fæst á vef sjúkrahússins www.fsa.is til Þóru Ákadóttir starfsmannastjóra sjúkrahússins eða á netfang thora@fsa.is. Umsóknnum skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um nám og starfsferil ásamt með upplýsingum um fræðilegar rannsóknir, rit- og kennslustörf og staðfest afrit af fylgigögnum.

Öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Gildi Sjúkrahússins á Akureyri eru: ÖRYGGI – SAMVINNA – FRAMSÆKNI. Við ráðningu í störf er tekið mið af jafnréttisstefnu sjúkrahússins, sem er reyklaus vinnustaður.



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Forstjóri Samgöngustofu	Innanríkisráðuneytið	Reykjavík	201406/442
Matráður og ritari/ritarar	Iðnskólinn í Hafnarfirði	Hafnarfjörður	201406/441
Rannsóknarlögreglumáður	Lögreglustjórinn á Suðurnesjum	Reykjanesbær	201406/440
Ræstitæknir	Verkmenntaskóli Austurlands	Egilsstaðir	201406/439
Stuðningsfulltrúi	Flensborgarskólinn	Hafnarfjörður	201406/438
Sérfræðingur í öldrunarlækningum	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201406/437
Hjúkrunarfræðingur	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201406/436
Nýdoktor	Háskóli Íslands, Jarðvísindastofnun	Reykjavík	201406/435
Verkefnisstjóri	Háskóli Íslands, skrifstofa rektors	Reykjavík	201406/434
Fulltrúi á þjónustuborði	Háskóli Íslands, Háskólatorg	Reykjavík	201406/433
Félagsráðgjafi	Tryggingastofnun	Reykjavík	201406/432
Lögfræðingur	Umhverfisstofnun	Rvk og víðar	201406/431
Sérfræðilæknir	LSH, skurðlækningar	Reykjavík	201406/430
Sérfræðilæknar	LSH, svæfinga- og gjörg.lækningar	Reykjavík	201406/429
Þjónustuliði	Verkmenntaskólinn á Akureyri	Akureyri	201406/428
Framhaldsskólakennarar	Menntaskólinn á Ísafirði	Ísafjörður	201406/427
Framhaldsskólakennarar	Menntaskólinn í Reykjavík	Reykjavík	201406/426
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæslan Sólvangur	Hafnarfjörður	201406/425
Frönskukennari	Fjölbrautaskóli Vesturlands	Akranes	201406/424
Framhaldsskólakennarar	Fjölbrautaskóli Snæfellinga	Grundarfjörður	201406/423
Þjóðleikhússtjóri	Mennta- og menningarm.ráðuneytið	Reykjavík	201406/422
Umsjónarmaður	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201406/421
Kennari í dönsku	Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Reykjavík	201406/420
Seðlabankastjóri	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Reykjavík	201406/419

Do you want to provide a clear view of the sky?

Tern Systems is a worldwide provider of mission critical Air Traffic Management solutions.

We are taking on additional international projects and seek motivated and skilled individuals for the following positions:

Project Managers

Qualifications include:

- technical knowledge and experience with software development lifecycle,
- excellent communication and writing skills,
- ability to effectively present status and issues to project stakeholders,
- detail-oriented with the ability to handle and prioritize multiple concurrent projects,
- ability to work in a team-oriented, collaborative environment,
- knowledge and experience with Agile and ISO 21500 preferred.
- PMP (Project Management Professional) certification or equivalent preferred,
- +3 years project management in software development

Software Engineers

Qualifications include:

- strong object oriented programming skills, ideally with C++,
- design and analysis experience,
- software unit testing experience,
- excellent problem solving skills,
- experience with Linux distributions,
- ability to work in a collaborative, team oriented environment,
- highly motivated and passionate for delivering quality code,
- 3+ years in software development,
- degree in computer science or in an equivalent field.

Test Engineers

Qualifications include:

- experience in implementing effective test procedures,
- ability to coordinate and plan software test activities,
- excellent problem solving skills,
- ability to work in a collaborative, team oriented environment,
- strong verbal and written communication skills,
- 3+ years in software testing,
- ISTQB certification or equivalent preferred.
- University degree preferred.

Tern Systems is a subsidiary of Isavia and provides systems to customers in Europe, North Africa, East Asia and Southeast Asia, see www.tern.is.

For further information, contact Tómas Davíð Þorsteinsson, General Manager of Tern Systems, on 525-0500 or at tomas@tern.is.

All applications and CVs shall be sent to jobs@tern.is.



Tern Systems

We make digital banking amazing. Join us!



Meniga is looking for experienced software developers to take a lead role in product development and customer integration projects. If you are an experienced programmer, with 4 years+ of software development experience we offer exciting opportunities.

You will join an extremely talented, fun and problem solving group, dedicated to providing our customers with next generation online banking and data analytics platform. We are passionate about programming and doing software engineering „the right way“.

Senior Development Engineers

take part in Meniga's core platform development and are instrumental in designing our APIs and implementing them. Senior engineers need to have at least 5 years experience in backend programming and/or software architecture design.

Lead Integration Developers

are instrumental in programming customer integration extensions and often follow the implementation through with customer workshops and setup support on location (we have customers from Denmark to Dubai). Integration developers need to have at least 5 years experience in software development.

Lead IOS/Android Developers

work with our product team in designing the next generation of financial applications, set the course for our Engineering teams in terms of native mobile application development and play a leading role in the actual implementation. Native development leads need to have focused on native mobile application development for at least 3 years.

Technical writer

needs to have exceptional skills to write technical text in English and explain technical infrastructure in understandable way. Technical writer is responsible for managing all technical documents published by Meniga including architecture, installation and operations guides. The job requires very good organisation skills and good understanding of technical architecture.

Please e-mail Geir Sigurður Jónsson, geir@meniga.com for further information and to apply.
Please attach your CV and cover letter in English.

meniga@meniga.is » www.meniga.is » [@meniga](https://twitter.com/meniga)

CAPACENT RÁÐNINGAR

Ráðgjafar Capacent Ráðninga búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Skráning er umsækjendum að kostnaðarlausu.

Á hverju ári ráða Capacent Ráðningar hundruð einstaklinga í störf hjá fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum sem og hjá sveitarfélögum og opinberum stofnunum. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is

Capacent Ráðningar
Ármúla 13
Sími 540 1000

capacent



Meniga is the market leader in Personal Finance Management solutions in Europe, with PFM platform sales 16 countries. Now we are seeking exceptional people to join Meniga's international sales team and the newly formed Business Development department.

Business Development Manager

leads commercial business development projects, drives development of market and competitive intelligence factbase and facilitates Meniga's strategy development process. A unique opportunity to take lead on exciting international business development opportunities for a driven individual with a proven commercial track record. The ideal candidate will have international experience working with strategy and business development. MBA or similar degree desirable. Minimum of 3-5 years relevant working experience.

Business Analyst

performs business analytics across a range of business development projects and masters financial and business case modelling. Perfect role for quick and sharp analysts looking for a challenge and opportunity to expand their skill set. We are looking for a top-performing analyst and expert PPT/excel user with a business oriented mindset.

Portfolio Manager

works in an international team focused on sales development and is responsible for managing the success of Meniga's customers around the world. Applicants should have a proven track record of leading large interdisciplinary teams (preferably in an international environment), superior analytical skills and a solid business judgement.

For more information please visit meniga.is/careers

Application deadline: **15 June 2014**

Please send your CV and cover letter in English to careers@meniga.com


MENIGA

TÓNLISTARSKÓLI REYKJANESBÆJAR

EFTIRTALDAR KENNARASTÖÐUR ERU LAUSAR TIL UMSÓKNAR FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2014-2015

Slagverkseignari 80% starf

Starfið felst í kennslu nemenda á ýmsum námsstigum á bæði trommusett og hljómborðs-slagverk.
Kennt er skv. námskrá tónlistarskóla.

Klarínnettukennari 50-60% starf

Starfið felst í kennslu nemenda á ýmsum námsstigum.
Kennt er skv. námskrá tónlistarskóla.

Saxófónkennari 40-50% starf

Starfið felst í kennslu nemenda á ýmsum námsstigum.
Kennt er skv. námskrá tónlistarskóla.

Málmblasturskennari 40% starf

Starfið felst í kennslu nemenda á ýmsum námsstigum.
Kennt er skv. námskrá tónlistarskóla.

Píanókennari - rytmísk kennsla 30% starf

Um er að ræða afleysingastarf í 1 ár. Starfið felst í kennslu nemenda á ýmsum námsstigum.
Kennt er skv. námskrá tónlistarskóla.

Sækja skal um starfið á vef Reykjanesbæjar. <http://www.reykjanesbaer.is/stjornkerfi/laus-storf> Umsóknarfrestur er til 17. júní nk. Nánari upplýsingar veitir Haraldur Árni Haraldsson, skólustjóri í síma 421-1153 eða 863-7071 eða Karen Janine Sturlaugsson, aðstoðarskólustjóri, í síma 421-1153 eða 867-9738.

 REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið



Starfsmaður í vetrarþjónustu og hreinsun

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar auglýsir eftir starfsmanni á Þjónustumiðstöð borgarlandsins á Stórhöfða til að sinna eftirliti með vetrarþjónustu og hafa umsjón með hreinsun.

Þjónustumiðstöðin sinnir margvíslegum verkefnum í borgarlandinu, hreinsun gatna og gönguleiða, vetrarþjónustu, grasslætti, uppsetningu og viðhaldi umferðar- og gangbrautaljósa og umferðamerkja, útleigu á lokunarbúnaði og fánaborgum, umsjón og viðhald hitakerfa auk eftirlits með framkvæmdum veitustofnana.

Starfssvið

- Eftirlit með snjó- og hálkuvörnum á gatnakerfi RVK-borgar
- Eftirlit með hreinsun gatna og gönguleiða
- Stjórnun og eftirfylgni verkefna
- Samskipti við verktaka, fundarseta
- Verkbókhald, yfirferð og samþykkt reikninga
- Samskipti við ýmsa hagsmunaaðila
- Samskipti við íbúa

Menntunar- og hæfniskröfur

- Iðnmenntun er kostur en ekki skilyrði
- Reynsla af verkstjórn
- Reynsla af umferðar- og umferðaröryggismálum (kostur)
- Almenn ökuréttindi skilyrði
- Þekking á gatnakerfi og umferð í Reykjavík
- Þekking á starfsemi Reykjavíkurborgar og stofnunum hennar (kostur)
- Ákveðni, frumkvæði og geta til að vinna undir álagi

Um er að ræða framtíðarstarf og æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi starfsmannafélags. Unni er á vöktum vegna vetrarþjónustu frá nóv. – apríl, en dagvinna annars.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Björn Ingvarsson, deildarstjóri Þjónustumiðstöðvar borgarlandsins (bjorn.ingvarsson@reykjavik.is).

Umsóknarfrestur er til 22. júní nk. Sótt er um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is undir „Störf í boði“ **Starfsmaður í vetrarþjónustu og hreinsun.**



Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglir það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Eftirfarandi kennsla í Flóaskóla er laus til umsóknar fyrir næsta skólaár:



